FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ
Aðstoðarmaður ráðherra

Alþingi
Erindi nr. Þ/113/787
komudagur 4/3 1991

Reykjavík, 27. febrúar 1991.

Fjárhags- og viðskiptanefnd
neðri deildar Alþingis
b.t. Páls Péturssonar formanns
Alþingi
Reykjavík

Vegna tveggja frumvarpa um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, sem nú eru til meðferðar hjá fjárhags- og viðskiptanefnd neðri deildar Alþingis, sendi ég hér með drög að nefndum frumvörpum, sem send voru út til umsagnar 2. júlí 1990, svo og þær umsagnir sem bárust en þær eru frá eftirtöldum aðilum:

Ferðamálaráð Íslands, Samband ísl. tryggingafélaga, Þróunarfélag Íslands h.f., Landsbréf, Samband ísl. tryggingafélaga, Félag ísl. iðnrekenda, Ríkisútvarp, Sjávarútvegsráðuneytið, Verslunarráð Íslands, Lögmannafélag Íslands, Samtök ísl. verðbréfafyrirtækja, þingflokkur Samtaka um kvennalista, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Samband ísl. viðskiptabanka, Vinnuveitendasamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, Samstarfsnefnd atvinnurekenda í sjávarútvegi, Félag ísl. ferðaskrifstofa og Félag ísl. bókaútgefenda.

Jafnframt fylgir hér með listi yfir þá aðila, sem fengu frumvörpin til umsagnar 2. júlí 1990. Loks fylgir yfirlit undirritaðs eftir atvinnugreinum og einstökum lögum vegna gildandi fyrirkomulags og framtíðarfyrirkomulags á

grundvelli þeirra frumvarpa sem fyrir liggja.

Athygli er vakin á því að í 26. gr. frumvarps til laga um breytingu á lagaákvæðum er varða fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri o.fl. (fylgifrumvarps) er tilvitnun í lög um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði, nr. 20 4. apríl 1989 röng. Þar á upphafið að orðast svo:

"Við a-lið 1. mgr. 3. gr. laganna bætist:" o.sv.frv.

Loks er bent á athugasemdir viðskiptaráðuneytis í bréfi og minnisblaði, sem mér barst í gær og fylgir hér með.

Drög IV
27. júní 1990

FRUMVARP TIL LAGA
um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi.

1. gr.
Lög þessi gilda um hvers kyns fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi nema annað leiði af sérákvæðum annarra laga eða reglum settum samkvæmt þeim.

2. gr.
Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð merkingu sem hér segir:

Erlendur aðili: Einstaklingur, búsettur erlendis, án tillits til ríkisfangs, félag, stofnun, sjóður eða annar lögaðili, sem á heimili erlendis, erlent ríki og ríkisfyrirtæki, svo og atvinnufyrirtæki undir erlendum yfirráðum. Einstaklingur telst búsettur erlendis ef hann á lögheimili erlendis eða á þar heimili samkvæmt skilgreiningu lögheimilislaga á heimili þótt hann sé jafnframt skráður með lögheimili hér á landi. Lögaðili telst eiga heimili erlendis ef hann er skráður til heimilis erlendis eða telur heimili sitt erlendis samkvæmt samþykktum sínum.

Íslenskt atvinnufyrirtæki: Atvinnufyrirtæki sem stundar atvinnurekstur hér á landi og á heimili hér á landi, án tillits til þess hvernig rekstrarformi og eignarhaldi viðkomandi atvinnufyrirtækis er háttað. Atvinnufyrirtæki telst eiga heimili hér á landi, ef það er skráð hér á landi, ef það telur heimili sitt hér á landi samkvæmt samþykktum sínum eða ef raunveruleg framkvæmdastjórn þess er hér á landi.

Atvinnufyrirtæki undir erlendum yfirráðum: Íslenskt atvinnufyrirtæki þar sem erlendur aðili eða aðilar eiga meiri hluta fyrirtækisins, svo sem meiri hluta hlutafjár eða stofnfjár, eða fara með meiri hluta atkvæðisréttar eða hafa með öðrum hætti raunveruleg yfirráð yfir viðkomandi atvinnufyrirtæki.

Fjárfesting: Fjárframlag eða annað framlag til eigin fjár atvinnufyrirtækis eða kaup á eignarhlut sem fyrir er í atvinnufyrirtæki.

Erlend fjárfesting: Fjárfesting erlends aðila í atvinnurekstri hér á landi, án tillits til þess hvort um er að ræða nýtt framlag eða endurfjárfestingu á úthlutuðum arði eða hlut eða söluandvirði vegna fyrri fjárfestingar hér á landi.

3. gr.
Erlendum aðilum er heimilt að fjárfesta í atvinnurekstri hér á landi með þeim takmörkunum sem í þessum lögum eða sérlögum greinir og að uppfylltum öðrum skilyrðum og að fengnum tilskyldum leyfum lögum samkvæmt.

4. gr.

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi er háð eftirfarandi takmörkunum:

1. Fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands mega einir stunda íslenskir ríkisborgarar og þeir íslenskir lögaðilar sem slíkt er heimilt samkvæmt ákvæðum laga nr. 33/1922, um rétt til fiskiveiða í landhelgi, ásamt síðari breytingum.
2. Erlendum aðila eða atvinnufyrirtæki undir erlendum yfirráðum skal óheimilt að eiga og reka fyrirtæki til útflutnings á ferskum fiski svo og til vinnslu sjávarafurða hér á landi, en með vinnslu sjávarafurða er hér átt við frystingu, söltun, þurrkun og mjölvinnslu á fiski og öðrum sjávarafurðum. Samanlagður eignarhlutur erlendra aðila í íslensku atvinnufyrirtæki, sem rekur fiskvinnslu hér á landi aðra en vinnslu sjávarafurða og stundar ekki jafnframt fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, má á hverjum tíma ekki vera meiri er 50%, nema með sérstöku leyfi viðskiptaráðherra.
3. Virkjunarréttindi vatnsfalla og jarðhita mega íslenska ríkið, sveitarfélög, íslenskir ríkisborgarar og íslenskir lögaðilar einir eiga.
4. Erlendum aðila skal óheimilt að gefa út dagblað eða reka útvarpsstöð hér á landi. Samanlagður eignarhluti erlendra aðila í íslensku atvinnufyrirtæki sem gefur út dagblað eða rekur útvarpsstöð hér á landi má á hverjum tíma ekki vera meiri en 25%. Með dagblaði er hér átt við blað sem kemur út að jafnaði að minnsta kosti fimm daga í viku.
5. Samanlögð hlutafjáreign erlendra aðila í íslenskum viðskiptabanka sem rekin er af hlutafélagi má á hverjum tíma ekki vera meiri en 25% hlutafjár hlutafélagsbankans. Frá 1. janúar 1992 hækkar framangreint hámark í 50%. Frá 1. janúar 1995 mega erlendir aðilar kaupa hlut í íslenskum hlutafélagsbanka án takmarkana enda njóti íslenskir aðilar eigi lakari réttar í heimaríki viðkomandi aðila.
6. Fjárfesting erlends ríkis eða fyrirtækis í eigu erlends ríkis í atvinnurekstri hér á landi er óheimill nema með sérstöku leyfi viðskiptaráðherra.
7. Fari heildarfjárfesting erlends aðila eða samanlögð fjárfesting fjárhagslega tengdra erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi fram úr 250 milljónum króna á einu almanaksári, skal fjárfesting umfram fyrrgreind viðmiðunarmörk háð sérstöku leyfi viðskiptaráðherra. Viðmiðunarmörkin miðast við lánskjaravísitölu í júní 1990, 2887 stig og breytist í samræmi við breytingar sem verða á henni til hækkunar eða lækkunar. Fjárfesting erlends aðila telst eiga sér stað í skilningi þessa töluliðs þegar tilkynningaskylda stofnast sbr. 5. gr.
8. Nú vill erlendur aðili reka atvinnustarfsemi hér á landi í eigin nafni og skal þá svo með fara:

a) Sé um að ræða einstakling sem búsettur er erlendis skal honum óheimilt að vinna sjálfstætt eða starfrækja eigið atvinnufyrirtæki hér á landi, nema með sérstöku leyfi viðskiptaráðherra, enda sé búseta hér á landi ekki óundanþægt skilyrði samkvæmt lögum um viðkomandi atvinnugrein eða veiting undanþágu frá búsetuskilyrði falin öðrum.

b) Um rétt hlutafélags sem á heimili erlendis til að starfa hér á landi fer samkvæmt ákvæðum laga um hlutafélög.
c) Viðskiptaráðherra getur veitt öðrum lögaðilum sem heimili eiga erlendis leyfi til að starfa hér á landi, enda sé þá að því er varðar slíka lögaðila og starfsemi þeirra hér á landi fullnægt sömu skilyrðum og fylgt sömu meginreglum og að því er varðar erlend hlutafélög, sbr. b) lið hér að framan. Útibú slíks lögaðila skal skráð í firmaskrá á heimilisvarnarþingi útibúsins.

9. Viðskiptaráðherra getur bannað erlendum aðila fjárfestingu í atvinnurekstri hér á landi ef hann hefur verið sviptur réttindum til atvinnurekstrar með dómi í öðru ríki. Sama gildir ef íslenskir aðilar njóta ekki sambærilegra réttinda til fjárfestinga í heima- eða upprunaríki hins erlenda aðila.

10. Nú telur nefnd um erlenda fjárfestingu sbr. 2. mgr. 10. gr., að tiltekin erlend fjárfesting ógni öryggi landsins, skerði verulega samkeppni fyrirtækja í viðkomandi atvinnugrein eða sé á annan hátt til þess fallin að hafa óæskileg áhrif á atvinnulíf í landinu og getur viðskiptaráðherra þá stöðvað viðkomandi fjárfestingu enda kunngjöri hann þá slíka ákvörðun innan 3 vikna frá því að Seðlabanki Íslands, gjaldeyriseftirliti, berst tilkynning um hlutaðeigandi fjárfestingu, sbr. 5. gr.

11. Enginn má öðlast eignarrétt eða afnotarétt yfir fasteignum á landi hér, þar á meðal veiðirétt, vatnsréttindi eða önnur fasteignaréttindi, hvort sem er fyrir frjálsa afhendingu eða nauðungarráðstöfun, hjúskap, erfðir eða afsal, nema þeim skilyrðum sé fullnægt sem nú skal greina:
    1. Ef einstakur maður er, þá skal hann vera íslenskur ríkisborgari eða hafa búið á Íslandi samfellt í að minnsta kosti eitt ár.
    2. Ef fleiri menn eru með í félagi, og ber hver fulla ábyrgð á skuldum félagsins, þá skulu þeir allir vera íslenskir ríkisborgarar, eða hafa búið á Íslandi samfellt í að minnsta kosti eitt ár.
    3. Ef félag er, og bera sumir fulla, en sumir takmarkaða ábyrgð á skuldum félagsins, þá skulu þeir, er fulla ábyrgð bera, allir vera íslenskir ríkisborgarar eða hafa búið á Íslandi samfellt í að minnsta kosti eitt ár.
    4. Ef félag er, þar sem enginn félaga ber fulla ábyrgð á skuldum félagsins, eða stofnun, þá skal félagið eða stofnunin eiga hér heimilisfang og varnarþing og stjórnendur allir vera íslenskir ríkisborgarar eða hafa búið á Íslandi samfellt í að minnsta kosti eitt ár. Í hlutafélögum skulu 4/5 hlutar hlutafjár vera eign íslenskra ríkisborgara og íslenskir ríkisborgarar fara með meirihluta atkvæða á hluthafafundum.

Nú eru skilyrði þau eigi fyrir hendi, er í 1.-4. tölulið 1. mgr. segir, og er ráðherra þá rétt að veita leyfi ef ástæða þykir til. Eigi þarf þó leyfi:

1. Ef um er að ræða leigu á fasteign eða réttindi yfir henni, sé leigutími eða annar réttindatími 3 ár eða

skemmri eða sé uppsögn áskilin með eigi lengri en árs fyrirvara.

2. Ef aðili, sem ekki fullnægir skilyrðum 1.-4. töluliðar 1. mgr. en hefur rétt til þess að stunda atvinnurekstur hér á landi, öðlast eignarrétt eða afnotarétt yfir fasteign til beinnar notkunar í atvinnustarfseminni, enda fylgi henni einungis venjuleg lóðarréttindi, en ekki önnur réttindi, svo sem veiðiréttur eða vatnsréttindi.

Leggja skal fyrir dómsmálaráðuneytið samninga, afsöl eða önnur heimildarskjöl vegna eignar- og afnotaréttinda erlendra aðila hér á landi og öðlast gerningur eigi gildi fyrr en ráðuneytið hefur staðfest hann með áritun sinni.

5. gr.

Tilkynna ber Seðlabanka Íslands, gjaldeyriseftirliti, alla erlenda fjárfestingu jafnskjótt og samningur eða ákvarðanir þar að lútandi liggja fyrir. Tilkynningarskyldan tekur bæði til fjárfestingar erlends aðila í atvinnufyrirtæki sem hann hefur ekki átt í áður og viðbótarfjárfestingar í slíku fyrirtæki. Tilkynningu skulu fylgja afrit eða ljósrit af skjölum eða gögnum sem málið varða og nauðsynleg teljast að mati Seðlabanka Íslands. Seðlabanki Íslands gerir viðskiptaráðherra jafnharðan grein fyrir þeim tilkynningum um erlenda fjárfestingu sem gjaldeyriseftirlitinu berast. Sé um að ræða erlenda fjárfestingu í íslensku atvinnufyrirtæki hvílir tilkynningarskyldan á viðkomandi atvinnufyrirtæki, en sé um að ræða fyrirhugaða atvinnustarfsemi hér á landi í eigin nafni erlends aðila hvílir tilkynningarskyldan á honum.

Gjaldeyriseftirlit Seðlabanka Íslands hefur sams konar rétt til upplýsingaöflunar og athugana vegna fjárfestingar erlendra aðila og það hefur samkvæmt lögum um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála.

6. gr.

Erlendum aðila, sem fjárfestir í atvinnurekstri hér á landi, skal frjálst að flytja í því skyni til landsins erlendan gjaldmiðil, enda sé slíkur fjármagnsflutningur tilkynntur gjaldeyriseftirliti Seðlabanka Íslands. Um skilaskyldu slíks gjaldmiðils skal fara samkvæmt almennum reglum. Sé um að ræða erlendan gjaldmiðil sem Seðlabanki Íslands annast reglubundna gengisskráningu á, skal hinn erlendi aðili eiga rétt á að fá hinum erlenda gjaldmiðli skipt í íslenskar krónur. Um framkvæmd slíkrar gjaldeyrisyfirfærslu skal fara samkvæmt gildandi lögum og reglum um framkvæmd gjaldeyrismála á hverjum tíma.

7. gr.

Erlendur aðili, sem fjárfestir í atvinnurekstri hér á landi, skal eiga rétt á að fá yfirfært í hvern þann erlendan gjaldmiðil, sem Seðlabanki Íslands annast reglubundna skráningu á, móttekinn arð eða annan hagnaðarhlut og söluandvirði fjárfestingar. Um framkvæmd slíkrar gjaldeyrisyfirfærslu skal fara samkvæmt gildandi lögum og reglum um framkvæmd gjaldeyrismála á hverjum tíma.

8. gr.

Í íslenskum atvinnufyrirtækjum skulu framkvæmdastjórar og meiri hluti stjórnarmanna ávallt vera búsettir hér á landi óháð eignarhlut, atkvæðisrétti eða öðrum yfirráðum erlendra aðila. Viðskiptaráðherra getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði.

9. gr.

Um skattskyldu erlends aðila, sem fjárfestir í atvinnurekstri hér á landi, fer samkvæmt ákvæðum almennra íslenskra skattalaga. Sé í gildi samningur milli Íslands og heimaríkis slíks aðila til að koma í veg fyrir tvísköttun fer um skattskyldu hins erlenda aðila eftir ákvæðum þess samnings.

10. gr.

Viðskiptaráðherra fer með leyfisveitingar samkvæmt lögum þessum og annast eftirlit með framkvæmd þeirra að svo miklu leyti sem tiltekið eftirlit eða leyfisveitingar eru ekki samkvæmt ákvæðum laganna faldar öðrum.

Sérstök fimm manna nefnd, nefnd um erlenda fjárfestingu, skal vera viðskiptaráðherra til ráðuneytis um leyfisveitingar samkvæmt lögum þessum og umsagnaraðili um einstök mál. Viðskiptaráðherra skipar nefndina eftir hverjar alþingiskosningar. Einn nefndarmanna skipar ráðherra án tilnefningar, einn samkvæmt tilnefningu iðnaðarráðherra, einn samkvæmt tilnefningu sjávarútvegsráðherra, einn samkvæmt tilnefningu dómsmálaráðherra og einn samkvæmt tilnefningu utanríkisráðherra. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Viðskiptaráðherra skipar einn nefndarmanna formann nefndarinnar og annan varaformann hennar.

Viðskiptaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

11. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að fjórum árum.

Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

<u>Ákvæði til bráðabirgða</u>:

1. Takmarkanir þær, sem lög þessi setja fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi, skulu ekki ná til fjárfestingar erlends aðila sem átt hefur sér stað fyrir gildistöku laga þessara samkvæmt heimildum í eldri lögum. Tilkynna ber slíka fjárfestingu til Seðlabanka Íslands, gjaldeyriseftirlits, sbr. 5. gr., innan þriggja mánaða frá gildistöku laga þessara.

2. Verði gerður milliríkjasamningur milli Íslands og annarra aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) annars vegar og ríkja Evrópubandalagsins hins vegar, sem felur í sér afnám á hömlum í viðskiptum með vöru, þjónustu og fjármagnshreyfingum milli ríkja svo og á búsetu ríkisborgara innan yfirráðasvæðis ríkjanna skulu ákvæði laga þessara tekin til endurskoðunar að því er varðar rétt einstaklinga og lögaðila í aðildarríkjunum til fjárfestinga í atvinnurekstri á Íslandi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. <u>GERÐ FRUMVARPSINS</u>

Alþingi samþykkti hinn 9. maí 1985 þingsályktun þar sem skorað er á ríkisstjórnina að láta fara fram endurskoðun á gildandi lagaákvæðum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi.

Þingsályktunin var send forsætisráðherra og viðskiptaráðherra til meðferðar. Ákveðið var að taka saman skýrslu er hefði að geyma skilgreiningu hugtaksins og greinargerð um hvern þeirra þriggja meginþátta sem efnislega skiptu mestu máli við mörkun heildarstefnu varðandi erlenda fjárfestingu í atvinnurekstri á Íslandi. Í skýrslunni var því í fyrsta lagi fjallað um yfirlit um gildandi lagaákvæði er lúta að erlendri fjárfestingu. Í öðru lagi um stöðu þessara mála erlendis og athyglinni beint að aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París (OECD) en á vegum þeirra stofnunar hefur á undanförnum árum verið unnið mikið starf til að auka frelsi í alþjóðlegum fjármagnsflutningum. Í þriðja lagi um gildi erlendrar fjárfestingar einkum í samanburði við erlendar lántökur. Skýrslan var lögð fram á 109. löggjafarþingi 1986-1987, en í framhaldi af þeirri skýrslu skipaði þáverandi forsætisráðherra starfshóp hinn 19. febrúar 1986 "til þess að samræma lög og reglur, sem hér á landi gilda um fjárfestingu erlendra aðila". Eftir ríkisstjórnarskipti var starfshópurinn leystur frá störfum og hinn 4. september 1987 skipaði þáverandi forsætisráðherra nefnd til þess að gera tillögur um samræmingu á lögum og reglum um fjárfestingu erlendra aðila í íslensku atvinnulífi. Nefndin samdi frumvarp til laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi, sem lagt var fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987-1988.

Nefndin hafði tvennt að leiðarljósi við samningu frumvarpsins. Í fyrsta lagi nauðsyn á að samræma lagareglur um heimildir erlendra aðila til að fjárfesta í íslenskum atvinnurekstri en gildandi ákvæði þar að lútandi eru bæði sundurleit og ósamstæð. Í öðru lagi lagði nefndin til grundvallar í starfi sínu þá pólitísku stefnumörkun sem fram kom í starfsáætlun þáverandi ríkisstjórnar um markmið endurskoðunar og samræmingar á reglum um erlent fjármagn í íslensku atvinnulífi.

Tóku tillögur nefndarinnar mið af því, að tryggja full yfirráð Íslendinga yfir náttúruauðlindum lands og sjávar, en auk þess komu fram í frumvarpinu nokkrar aðrar takmarkanir á erlendum

fjárfestingum hér á landi, einkum vegna öryggishagsmuna og af menningarlegum ástæðum. Helstu takmarkanir voru á sviði fiskveiða og fiskvinnslu. Þá voru skorður reistar við aðild erlendra aðila að viðskiptabönkum, blaðaútgáfu og rekstri útvarpsstöðva hér á landi, auk þess sem erlend fjárfesting er í vissum tilvikum háð leyfi. Með frumvarpinu var samt sem áður almennt lögð til veruleg rýmkun varðandi rétt erlendra aðila til fjárfestinga í atvinnurekstri hér á landi. Jafnframt var lögð áhersla á eftirlit með erlendri fjárfestingu og að þeir erlendir aðilar sem hér fjárfesta lúti í einu og öllu íslenskum lögum, þ.á m. skattalögum og lögsögu íslenskra dómstóla. Fyrir frumvarpinu var aldrei mælt á Alþingi. Nokkrir þingmenn Sjálfstæðisflokksins fluttu frumvarpið óbreytt á 112. löggjafarþingi 1989-1990, án þess að fyrir því væri mælt. Lítil umræða hefur því farið fram um efni frumvarpsins.

Að beiðni nokkurra þingmanna lagði forsætisráðherra fyrir Alþingi skýrslu um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi á 112. löggjafarþingi. Tími vannst hins vegar ekki til að ræða efni hennar.

Í málefnasamningi núverandi ríkisstjórnar segir m.a. að athafnarfrelsi einstaklinga og félaga verði meginregla í atvinnumálum og frjálsræði í milliríkjaviðskiptum. Jafnramt segir:

> "Unnið verður að því að endurskoða lög og reglur til þess að búa íslenskum fyrirtækjum starfsskilyrði sem eru sambærileg við það sem samkeppnisaðilar þeirra erlendis njóta."

Hinn 7. desember 1989 skipaði forsætisráðherra nefnd til þess að yfirfara og endurskoða áðurnefnt frumvarp til laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi. Í starfshópinn voru skipaðir Jón Sveinsson, aðstoðarmaður forsætisráðherra, formaður, Björn Friðfinnsson, ráðuneytisstjóri, Friðrik Sigurðsson, framkvæmdastjóri, Heimir Hannesson, lögmaður og Ragnar Arnalds, alþingismaður.

Í starfi sínu hefur nefndin byggt að verulegu leyti á fyrra frumvarpi og upplýsingum í þegar framkomnum skýrslum á Alþingi. Fjallað hefur verið ítarlega um 4. gr. frumvarpsins sem tekur til takmarkana í fjárfestingum erlendra aðila en sú grein og 3. gr. frumvarpsins eru grundvallargreinar þess.

Einstakir nefndarmenn hafa fyrirvara um afstöðu sína til efnisatriða frumvarpsins, en telja þó rétt að senda þau drög, sem hér liggja fyrir, til umsagnar áður en nefndin fullmótar tillögur sínar.

Við endurskoðun og samræmingu lagaákvæða á þessu sviði koma tvær aðferðir til greina. Annars vegar sú aðferð að leitast við að samræma efnisákvæði hinna einstöku laga, en láta þá skipan haldast eftir sem áður að ákvæði um erlenda fjárfestingu sé að finna á víð og dreif í einstökum lögum. Hin aðferðin felur í sér að sett sé almenn löggjöf um erlenda fjárfestingu sem leysi af hólmi ákvæði í einstökum lögum. Nefndin valdi á sama hátt og

gert var í fyrra frumvarpi síðari kostinn. Réði þar úrslitum að með því næst betri samræming á efnisreglum, betri yfirsýn yfir gildandi rétt á þessu sviði og betri möguleikar til að fylgjast með erlendri fjárfestingu hér á landi. Lögin gilda sjálfkrafa um núverandi og nýjar atvinnugreinar þótt sérstök lög hafi ekki verið um þær sett. Má í því sambandi nefna að nokkur óvissa og skoðanamunur hefur ríkt varðandi það hverjar séu heimildir erlendra aðila til að fjárfesta í ýmsum atvinnugreinum hér á landi sem sérstök lög hafa ekki verið sett um. Samkvæmt frumvarpinu koma sem fyrr segir ein lög að mestu í stað margra og margvíslegra lagaákvæða sem nú gilda um heimildir erlendra aðila til að fjárfesta í atvinnurekstri hér á landi.

Samhliða frumvarpi þessu gerir nefndin ráð fyrir að flutt verði fylgifrumvarp sem samið hefur verið og tekur til breytinga á einstökum lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi og ekki eru í samræmi við þær grundvallarreglur sem frumvarp þetta byggir á. Nefndin er þeirrar skoðunar að betur fari á því að skipta málinu á þennan hátt í tvennt. Nauðsynlegt er hins vegar að frumvörpin fylgist að í meðferð Alþingis.

## 2. <u>GILDANDI REGLUR</u>

Gildandi lagaákvæði um heimildir erlendra aðila til fjárfestingar í atvinnurekstri hér á landi eru mjög ósamstæð að efni til. Auk þess eru þessi ákvæði á víð og dreif í lögum. Mjög erfitt er því að fylgjast með og hafa yfirsýn yfir fjárfestingar erlendra aðila hér á landi. Af þessum sökum hefur nokkur óvissa og skoðanamunur ríkt varðandi það hverjar séu heimildir erlendra aðila til fjárfestinga í atvinnugreinum, sem sérstök lög hafa ekki verið sett um. Heppilegast virðist því að setja ein lög sem að mestu komi í stað margra og margvíslegra lagaákvæða sem nú gilda um heimildir erlendra aðila til að fjárfesta í atvinnurekstri hér á landi. Er að því stefnt.

Íslensk lagaákvæði fjalla með mismunandi hætti um möguleika erlendra aðila til að fjárfesta í atvinnurekstri hérlendis. Til einföldunar má greina á milli fjögurra meginatriða. Í fyrsta lagi er um að ræða reglur um stofnun eða kaup erlendra aðila í fyrirtækjum á Íslandi, svo og reglur um setu erlendra ríkisborgara í stjórn fyrirtækja sem eru skráð og starfrækt hér. Ákvæði þessa efnis er fyrst og fremst að finna í hlutafélagalögum og í lögum um einstakar atvinnugreinar. Í öðru lagi skipta máli reglur um kaup eða leigu rekstraraðila, einstaklinga og fyrirtækja á fasteignum. Í þriðja lagi hafa reglur um fjármagnsgreiðslur til og frá landinu sérstaka þýðingu fyrir þessi fyrirtæki. Í fjórða lagi geta ákvæði skattalaga breytt starfskjörum þessara fyrirtækja.

Enginn einn aðili hérlendis hefur hins vegar yfirlit yfir fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi. Upplýsingaöflun á þessu sviði er því um margt afar erfið.

## 2.1. HLUTAFÉLAGALÖG OG SÉRLÖG UM ATVINNUGREINAR

Í lögum nr. 32/1978, um hlutafélög, er að finna tvenns konar ákvæði sem varða erlenda fjárfestingu í hlutafélögum. Fyrra atriðið lýtur að stofnendum hlutafélags og mæla lögin svo fyrir að meiri hluti þeirra skuli hafa haft heimilisfesti á Íslandi í tvö ár hið minnsta. Þykir þetta skilyrði nauðsynlegt vegna hinnar ríku ábyrgðar er hvílir á stofnendum hlutafélags. Síðara atriðið lýtur að starfsemi erlendra hlutafélaga á Íslandi. Segir þar að vilji erlent hlutafélag taka til starfa hér á landi án þess að opna sjálfstætt fyrirtæki, hugsanlega í samvinnu við innlenda eða aðra erlenda aðila, geti það fengið slíkt starfsleyfi viðskiptaráðherra. Leyfisveitingin er hins vegar háð ákveðnum skilyrðum. Félagið verður að opna sérstakt útibú á Íslandi og ráða því útibússtjóra með íslenskt ríkisfang og heimilisfesti en viðskiptaráðherra getur veitt undanþágu frá ríkisfangsskilyrðinu. Það verður að vera löglegt í heimalandi sínu og fullnægja meginskilyrðum hlutafélagalaga fyrir því að teljast hlutafélag. Síðast en ekki síst kveða lögin á um að starfsemi útibúsins verði að fullnægja ákvæðum þeirra atvinnulaga sem hún fellur undir.

Í hlutafélagalögum er ennfremur að finna almennt ákvæði um setu erlendra ríkisborgara í stjórn hlutafélags sem er starfrækt og skráð á Íslandi. Þar er sú krafa gerð að meirihluti stjórnarmanna og framkvæmdastjóri hafi heimilisfesti á Íslandi. Þó er viðskiptaráðherra heimilt að veita undanþágu frá þessari kröfu. Þetta ákvæði víkur hins vegar fyrir ákvæðum einstakra atvinnulaga sem kveða á um ríkisfang og heimilisfesti stjórnarmanna og framkvæmdastjóra.

Lög um einstakar atvinnugreinar hafa mörg hver þann megintilgang að binda rekstur fyrirtækja í þeirri atvinnugrein sem þau taka til, við þá aðila er fullnægja tilteknum hæfisskilyrðum, svo sem um menntun eða starfsreynslu innan viðkomandi greinar. Mörg þessara laga reisa einnig skorður við eignaraðild útlendinga að atvinnurekstri þótt þær takmarkanir séu með mismunandi hætti eftir lögum. Til að gæta þess að skilyrði laganna séu virt kveða lögin oftast nær svo á að rekstur fyrirtækis á því sviði sem þau taka til sé háður sérstöku leyfi stjórnvalda. Veitingarvaldið getur þá verið í höndum hlutaðeigandi ráðherra en einnig hjá sýslumanni, bæjarfógeta eða lögreglustjóra í því umdæmi sem fyrirtækið hyggst hafa aðsetur í.

Til að varpa skýrara ljósi á stöðu þessara mála er nauðsynlegt að fjalla um hverja atvinnugrein fyrir sig og þau sérlög sem um greinina gilda.

### 2.1.1. Fiskveiðar og fiskvinnsla

Fiskveiðar

Í lögum nr. 33/1922, um fiskveiðar í landihelgi, sbr. og lög nr. 81/1976, segir að einungis íslenskum ríkisborgurum sé heimilt að stunda "fiskveiðar í landhelgi við Ísland". Virðist þessi regla ekki einungis ná til einstaklingsfyrirtækja heldur og til sameignarfélaga og annarra félaga sem rekin eru með ótakmarkaðri

ábyrgð félagsmanna. Um hlutafélög gegnir nokkuð öðru máli og kveða lögin svo á að meira en helmingur hlutafjár í hlutafélögum, sem reka útgerð, skuli vera í eigu íslenskra ríkisborgara, félagið skuli eiga lögheimili á Íslandi og stjórn þess skipuð íslenskum ríkisborgurum og sé a.m.k. helmingur þeirra búsettur þar. Í lögum nr. 115/1985, um skráningu skipa, eru enn fremur settar strangar reglur um íslenskt eignarhald á skipum, þar á meðal þeim skipum sem notuð eru til fiskveiða.

Fiskvinnsla

Ákvæði laga nr. 33/1922, um fiskvinnslu, eru ekki eins skýr að þessu leyti og ákvæðin sem gilda um útgerð. Samkvæmt athugasemdum er fylgdu frumvarpi að lögum þessum var megintilgangur þeirra sá að koma í veg fyrir að útlendingar gætu stundað fiskveiðar innan landhelgi og verkað aflann þar eða á landi. Ef útlendingur fjárfestir í fyrirtæki, sem einvörðungu stundar fiskvinnslu en ekki útgerð eru ekki skýr lagaákvæði.

Af hálfu yfirvalda hefur verið litið svo á að um fulla eignaraðild íslenskra aðila verði að vera að ræða til þess að heimild fáist til fiskvinnslu. Sökum óskýrra lagaákvæða um þetta efni hefur oftar en einu sinni risið ágreiningur um lagatúlkun á þessu sviði.

Uppboðsmarkaður

Samkvæmt ákvæðum laga nr. 123/1989 um uppboðsmarkað fyrir sjávarafla, er einungis heimilt að veita þeim leyfi til reksturs uppboðsmarkaðar, sem hafa íslenskan ríkisborgararétt og búsetu á Íslandi sl. tvö ár. Ennfremur má veita hlutafélögum leyfi til reksturs, enda sé hlutafélagið í eigu íslenskra ríkisborgara.

Hvalveiðar

Samkvæmt lögunum nr. 26/1949, um hvalveiðar, er einungis heimilt að veita íslenskum ríkisborgurum leyfi til slíkra veiða og verkunar aflans. Sé um félag að ræða skal meira en helmingur stofnfjár vera í eigu íslenskra ríkisborgara og stjórn félagsins skipuð íslenskum ríkisborgurum er eiga heimili og varnarþing á Íslandi.

## 2.1.2. Landbúnaður

Jarðalög

Á sviði landbúnaðar gilda margvíslegar lagareglur sem fela í sér að þeir einir geti haft slíkan rekstur með höndum er hafa til þess leyfi stjórnvalda. Lagaákvæðin takmarka hvorki né banna berum orðum erlenda fjárfestingu á þessu sviði en engu að síður er það fyrirkomulag, sem kveðið er á um í lögum varðandi þessa atvinnugrein og tengda starfsemi, með þeim hætti að telja verður ólíklegt að erlend fjárfesting geti þar átt sér stað nema í litlum mæli. Má í þessu sambandi benda á ákvæði jarðalaga, nr. 65/1976, en þar er gert ráð fyrir að jarðanefnd sitji í hverri sýslu landsins, skipuð heimamönnum sem áskilið er að veiti samþykki sitt til ráðstöfunar jarða og eignarréttinda á jörðum sem falla undir lögin. Í upphafsgrein laganna segir að tilgangur þeirra sé m.a. að tryggja "að eignarráð á landi og búseta á jörðum sé í samræmi við hagsmuni sveitarfélaga og þeirra sem

landbúnað stunda". Einnig kveða lögin svo á að land sem við gildistöku laganna sé nýtt til landbúnaðar megi ekki taka til annarra nota nema heimild sé til slíks í lögum. Þá er erlent eignarhald eða afnotaréttur af jörðum einnig háður þeim takmörkunum sem sett eru með lögum nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt af fasteignum.

Framleiðsla og verðlagning

Í lögum nr. 46/1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvöru, er einnig að finna ákvæði sem veita hlutaðeigandi stjórnvöldum og Framleiðsluráði landbúnaðarins vald til að ákveða hvort og að hve miklu leyti erlendum aðilum skuli heimilað að fjárfesta í greinum tengdum landbúnaði. Svipuð ákvæði er og að finna í öðrum lögum, svo sem lögum nr. 30/1966 um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

Loðdýrarækt

Samkvæmt lögum nr. 53/1981, um loðdýrarækt, er slíkur atvinnurekstur óheimill nema á loðdýrabúum sem öðlast hafa leyfi landbúnaðarráðuneytisins til rekstrarins. Lögin krefjast þess ekki að rekstraraðili hafi íslenskt ríkisfang eða heimilisfesti og ræðst leyfisveiting af frjálsu mati landbúnaðarráðuneytisins. Ráðuneytinu er því heimilt lögum samkvæmt að ákveða að hve miklu leyti erlendum aðilum skuli heimilt að stofna til þessa rekstrar á Íslandi.

Áburðarverksmiðja ríkisins

Samkvæmt lögum nr. 43/1971 hefur Áburðarverksmiðja ríkisins, sem er ríkisstofnun, einkarétt til sölu á tilbúnum áburði og er engum öðrum en henni heimilt að framleiða eða flytja hingað til landsins tilbúinn áburð.

### 2.1.3. Virkjanir og rekstur orkuvera og vatnsvera

Orkuver

Samkvæmt orkulögum nr. 58/1967, þarf leyfi Alþingis til að reisa og reka raforkuver stærri en 2000kw. Slíka heimild er m.a. að finna í lögum nr.60/1981, um raforkuver. Til að reisa og reka raforkuver 200-2000kw þarf hins vegar leyfi iðnaðarráðherra. Í orkulögum er ekki fjallað um það sérstaklega hvernig með skuli fara ef erlendir aðilar hafa hug á að starfrækja fyrirtæki á sviði raforkuframleiðslu heldur er gert ráð fyrir að Alþingi og eftir atvikum iðnaðarráðherra taki um það sérstaka ákvörðun. Í orkulögum er einnig fjallað um dreifingu raforku. Sveitarstjórnir og Rafmagnsveitur ríkisins hafa samkvæmt lögunum forgangsrétt til að sinna þessu verkefni og getur iðnaðarráðherra veitt þeim einkarétt í því skyni. Að auki gera lög nr. 42/1983, um Landsvirkjun, ráð fyrir því að það fyrirtæki geti flutt og selt í heildsölu raforku til almenningsrafveitna og iðjufyrirtækja samkvæmt sérstökum samningum. Nýti sveitarstjórnir og Rafmagnsveitur ríkisins sér ekki þann forgangsrétt, sem þessir aðilar hafa samkvæmt lögunum, getur ráðherra veitt einstaklingum og lögaðilum einkarétt til raforkudreifingar á viðkomandi orkuveitusvæði. Lögin hafa ekki að geyma skilyrði um íslenskt ríkisfang eða heimilisfesti þessara aðila.

sveitarfélög ráða yfir a.m.k. 3/5 hlutum stofnfjár (hlutafjár). Einnig er áskilið að í stjórn þessara félaga eigi einungis sæti íslenskir ríkisborgarar með heimilisfesti hér á landi. Að auki getur iðnaðarráðherra samkvæmt lögunum veitt erlendum aðila sérleyfi til leitar og vinnslu jarðefna að fengnu samþykki Alþingis. Þá segir í lögunum að iðnaðarráðherra sé rétt að setja það skilyrði að leyfishafi undirgangist að hlíta varnarþingi á Íslandi og setji tryggingu sem ráðherra meti gilda fyrir fjárskuldbindingum sínum við íslenska aðila.

2.1.6. <u>Verslun</u>

<u>Verslunarleyfi</u>
Sá sem vill öðlast leyfi til verslunar hér á landi, sbr. lög nr. 41/1868, um verslunaratvinnu, verður að fullnægja skilyrðum um íslenskt ríkisfang og búsetu. Einstaklingur verður þannig að hafa íslenskt ríkisfang og vera heimilisfastur á Íslandi. Í félagi með ótakmarkaðri ábyrgð verða allir stjórnarmenn og prókúruhafi að fullnægja þessum skilyrðum. Í hlutafélagi er áskilið að einn stjórnarmanna, endurskoðendur og framkvæmdastjórar hafi íslenskt ríkisfang og heimilisfesti hér á landi. Viðskiptaráðherra getur veitt undanþágu frá öllum þessum skilyrðum "standi sérstaklega á" eins og það er orðað í lögunum. Auk hefðbundinnar verslunar ná lögin einnig til rekstrar myndbandaleigu.

<u>Fasteigna- og skipasala</u>
Engum er heimilt að annast kaup, sölu eða skipti á fasteignum eða skráningarskyldum skipum fyrir aðra nema hann hafi fengið til þess löggildingu dómsmálaráðneytisins samkvæmt ákvæðum laga um fasteigna- og skipasölu, nr. 34/1986, eða leyfi samkvæmt lögum er áður giltu um fasteignasölu, þ.e. lögum nr. 47/1938. Þó þurfa hæstaréttar- og héraðsdómslögmenn ekki leyfi til slíkrar starfsemi ef hún tengist lögmannsstörfum þeirra. Í 2. gr. laganna er m.a. gert að skilyrði fyrir löggildingu að maður hafi íslenskan ríkisborgararétt og hafi heimilisfesti hér á landi. Samkvæmt 6. gr. laganna er fasteigna- og skipasala bundin við nafn og í 7. gr. kemur fram að þeir sem hafa löggildingu til slíkra starfa hafi réttindi og beri skyldur sem opinberir sýslunarmenn.

<u>Áfengis- og tóbaksverslun</u>
Samkvæmt áfengislögum, nr. 82/1969, svo og lögum um verslun ríkisins með áfengi og tóbak, nr. 63/1969, hefur Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins einkarétt til að flytja til landsins áfenga drykki eða áfengisvökva, hverju nafni sem nefnast. Þetta einkaleyfi nær einnig til framleiðslu og sölu áfengis, svo og til innflutnings og framleiðslu tóbaks.

2.1.7. <u>Fjármálaþjónusta</u>

<u>Viðskiptabankar</u>
Samkvæmt lögum nr. 86/1985, um viðskiptabanka, er einungis íslenska ríkinu og hlutafélögum heimilt að starfrækja viðskiptabanka á Íslandi. Til slíkrar starfsemi þarf ríkið sérstaka lagaheimild en þegar um hlutafélag er að ræða þarf leyfi

Hitaveitur
Um hitaveitur segir í orkulögum að iðnaðarráðherra sé heimilt að veita sveitarfélögum eða samtökum þeirra einkaleyfi til þess að starfrækja hitaveitur sem annist sölu eða dreifingu heits vatns eða gufu til almenningsþarfa á tilteknu veitusvæði frá jarðhitastöðvum eða hitunarstöðvum með öðrum orkugjafa. Samkvæmt lögunum virðist ráðherra óheimilt að veita öðrum aðilum, innlendum jafnt sem erlendum, heimild til þess rekstrar.

Vatnsveitur
Í III. kafla vatnalaga, nr. 15/1923, er fjallað um vatnsnotkun til heimilis- og búsþarfa, iðnaðar og iðju án orkunýtingar. Þar segir að bæjarstjórn sé heimilt að koma upp vatnsveitu til að fullnægja þörf almennings í kaupstöðum á vatni. Þegar slík vatnsveita hefur verið sett á stofn hefur hún einkasölu á vatni til hverra þarfa sem er í kaupstaðnum. Hliðstæðar reglur gilda í hreppum. Ekki verður séð að ákvæði laganna standi gegn því að sveitarfélag stofni sjálfstætt félag með einkaaðilum um rekstur vatnsveitunnar. Sé slíkt heimilt er ekkert í lögunum sem mælir gegn þátttöku erlendra aðila í slíku félagi.

2.1.4. Iðnaður

Iðnrekstur
Samkvæmt iðnaðarlögum, nr. 42/1978, má enginn reka iðnað hér á landi nema að fengnu leyfi lögreglustjóra. Sé um einstakling að ræða skal hann vera íslenskur ríkisborgari og búsettur hér á landi. Sama á við um félag með ótakmarkaðri ábyrgð. Allir félagsmenn skulu þar vera íslenskir ríkisborgarar og búsettir hér á landi. Í hlutafélagi er þess hins vegar krafist að stjórnarmenn og framkvæmdastjórar uppfylli skilyrði um íslenskt ríkisfang og búsetu. Iðnaðarráðherra getur veitt undanþágu frá þeim skilyrðum sem hér hafa verið talin, en þó skal meiri hluti hlutafjár alltaf vera eign manna búsettra hér á landi.

Stóriðja
Sett hafa verið lög um hvert þeirra þriggja stóriðjuvera sem byggja á erlendri eignaraðild. Lögin veita lagagildi samningum íslenskra stjórnvalda við hina erlendu eignaraðila og víkja þessir samningar til hliðar almennum lögum sem að öðrum kosti mundu gilda um starfsemina, svo sem hvað varðar fjármagnsflutninga, skattgreiðslur og eignarrétt að fasteignum.

2.1.5. Leit og vinnsla jarðefna

Í námulögum, nr. 24/1973, er fjallað um rétt einstaklinga og lögaðila til leitar og vinnslu hvers konar jarðefna hér á landi. Áskilið er að hlutaðeigandi hafi öðlast leyfi iðnaðarráðherra áður en leit og vinnsla jarðefna er hafin og er ráðherra einungis heimilt að veita íslenskum aðilum slíkt leyfi. Nákvæm grein er gerð fyrir því í 10. gr. laganna hvaða aðilar skuli teljast íslenskir í skilningi laganna. Hér er um að ræða stofnanir sem hlíta stjórn íslenska ríkisins, íslensk sveitarfélög og íslenska ríkisborgara. Jafnframt teljast til íslenskra aðila félög þar sem íslenskir ríkisborgarar, íslenska ríkið eða íslensk

viðskiptaráðherra til starfseminnar. Eitt þeirra skilyrða sem hlutafélag verður að fullnægja til að öðlast leyfi til viðskiptabankastarfsemi er að allt hlutaféð sé "í íslenskri eigu". Ekki er með fullu ljóst hvernig beri að skýra hin tilvitnuðu orð laganna en nærri liggur að líta svo á að átt sé við íslenska ríkisborgara þegar einstaklingar eru hluthafar og fyrirtæki sem eru að meiri hluta til í eigu Íslendinga þegar lögaðilar eru hluthafar. Þá kveða viðskiptabankalögin svo á að erlendum hlutfélagsbönkum sé heimilt að starfrækja á Íslandi "umboðsskrifstofur" sem hafi það meginhlutverk að annast milligöngu um viðskipti erlenda bankans við íslenska aðila. Starfræksla slíkra skrifstofa er þó háð leyfi viðskiptaráðherra og jafnframt er skrifstofunum óheimilt að hafa með höndum innláns- eða útlánsviðskipti við almenning, svo og gjaldeyrisverslun og verðbréfaviðskipti.

Með lögum nr. 7/1987 um stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands var þrátt fyrir ákvæði laga 86/1985 um viðskiptabanka, bönkum sem eiga lögheimili og varnarþing erlendis, heimilað að eiga á hverjum tíma samtals allt að 25% hlutafjár.

Sparisjóðir
Lög nr. 87/1985, um sparisjóði, geyma að mörgu leyti svipuð ákvæði og lög um viðskiptabanka. Þannig er t.d. starfræksla sparisjóðs háð leyfi viðskiptaráðherra. Aftur á móti er þátttaka erlendra aðila í sparisjóði algerlega bönnuð samkvæmt lögunum og er þar kveðið svo á að stofnendur sparisjóðs og sparisjóðsaðilar verði að vera íslenskir ríkisborgarar, búsettir á Íslandi, sýslufélög, sveitarfélög eða starfandi sparisjóðir.

Verðbréfamiðlun
Í lögunum nr. 20/1989, um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði er rekstur verðbréfafyrirtækis háð löggildingu og leyfi viðskiptaráðherra. Leyfi til verðbréfamiðlunar er einungis veitt einstaklingum sem eru búsettir hér á landi og hafa íslenskan ríkisborgararétt eða ríkisborgararétt í öðru Norðurlandaríki. Stjórnarmenn í verðbréfafyrirtæki sem rekið er í hlutafélagsformi verða að uppfylla sömu skilyrði. Ráðherra getur þó veitt undanþágu frá skilyrði um búsetu og ríkisfang í einstökum tilvikum.

Eignarleigustarfsemi
Lög nr. 19/1989 um eignarleigustarfsemi gera ráð fyrir að eignarleigufyrirtæki séu rekin sem hlutafélög.

Meirihluti stjórnar félagsins skal vera búsettur hérlendis. Þá skal framkvæmdastjóri félagsins vera búsettur hér á landi og vera ríkisborgari Norðurlandaríkis.

Vátryggingarstarfsemi
Í lögum nr. 50/1978 um vátryggingarstarfsemi segir að einungis félög og stofnanir megi reka vátryggingarstarfsemi á Íslandi. Er heimildin bundin við þrenns konar félög. Í fyrsta lagi "innlend félög og stofnanir sem starfa samkvæmt sérlögum". Í öðru lagi "innlend hlutafélög og gagnkvæm vátryggingarfélög" og í þriðja lagi "erlend vátryggingarfélög". Þegar um er að ræða félag eða

stofnun sem ekki starfar á grundvelli sérlaga er nauðsynlegt að félagið/stofnunin öðlist leyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra til starfans. Erlend fjárfesting í þessari atvinnugrein er ekki takmörkuð í lögunum að öðru leyti en því að ráðherra virðist geta metið sjálfstætt út frá ýmsum sjónarhornum hvort rétt sé að veita fyrirtæki leyfi til þessarar starfsemi.

2.1.8. Samgöngur

Loftferðir
Samkvæmt lögum nr. 34/1964, um loftferðir, þarf leyfi samgönguráðherra til rekstrar reglubundinna loftferða í fjáraflaskyni yfir íslensku yfirráðasvæði. Einnig þarf leyfi ráðherra til rekstrar annarra loftferða til fjáröflunar yfir nefndu yfirráðasvæði "enda mæli ráðherra eigi öðruvísi", eins og segir í lögunum. Jafnframt getur ráðherra sett reglur um flugferðir "innlendra" flugfélaga og, ef nauðsyn krefur, veitt einu eða fleiri félögum sérleyfi til fastra áætlunarferða á ákveðnum leiðum innanlands og utan. Sé um að tefla loftferðir milli staða á íslensku yfirráðasvæði getur ráðherra einungis veitt þeim leyfi, sem teljast íslenskir aðilar í skilningi laganna. Til þeirra teljast íslenska ríkið og ríkisstofnanir, íslensk sveitarfélög, íslenskir ríkisborgarar, mannúðarstofnanir sem hlíta fyrirsvari íslenskra ríkisborgara með búsetu á Íslandi og samtök sem fullnægja þessu síðasttalda skilyrði enda séu a.m.k. 2/3 félaga í samtökunum íslenskir ríkisborgarar. Þegar um er að ræða hlutafélög skulu allir stjórnarmenn vera íslenskir ríkisborgarar, heimilisfastir á Íslandi og a.m.k. 2/3 hlutar í eigu íslenskra aðila og fylgi hlutafénu a.m.k. 2/3 allra atkvæða í félaginu. Félag með ótakmarkaðri ábyrgð telst íslenskur aðili ef félagsmenn eru allir íslenskir ríkisborgarar eða tilheyra þeim hópi sem að framan greinir. Þrátt fyrir þau skilyrði, sem hér hafa verið greind, er samgönguráðherra rétt, "þegar mjög mikilvægar ástæður eru til", að leyfa að loftfar, sem heimastöð hefur á Íslandi og er í stöðugri notkun, megi skrásetja hér á landi þótt eigandi þess teljist ekki íslenskur aðili.

Flugvellir
Til að gera og starfrækja flugvöll þarf sérleyfi og sérstaka viðurkenningu samgönguráðherra. Lögin takmarka ekki berum orðum aðild útlendinga að slíkri atvinnustarfsemi, heldur er hún háð mati ráðherra.

Kaupskipaútgerð
Um útgerð kaupskipa er að finna ákvæði í lögum nr. 115/1985, um skráningu skipa. Til þess að skip fáist skráð hér á landi og öðlist rétt til að sigla undir íslenskum fána þarf eigandi að fullnægja ströngum skilyrðum um íslenskt ríkisfang og heimilisfesti. Sé um einstakling að ræða skal hann vera íslenskur ríkisborgari og eiga hér heimilisfesti. Sé félag með ótakmarkaðri ábyrgð eigandi skips verða allir félagsmenn að fullnægja þessum skilyrðum. Í hlutafélagi skulu a.m.k. 3/5 hlutafjár vera í eigu íslenskra ríkisborgara og allir stjórnendur hafa íslenskt ríkisfang og heimilisfesti. Ennfremur getur íslenska ríkið, ríkisstofnanir og sveitarfélög verið eigendur skips sem er skráð hér á landi. Frá þessum skilyrðum getur

samgönguráðherra veitt takmarkaða undanþágu þegar sérstakar aðstæður mæla með því.

Fólksflutningar
Í lögum nr. 53/1987, um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum, segir að leyfi samgönguráðuneytisins þurfi til að hafa með höndum í atvinnuskyni fólksflutninga með bifreiðum sem taka 9 farþega eða fleiri. Einnig þarf leyfi til að hafa með höndum reglubundna fólksflutninga með bifreiðum sem rúma 3-8 farþega. Bæjarstjórn í kaupstöðum getur fengið einkaleyfi til rekstrar strætisvagna. Að fráskildum þeim forgangsrétti sem felst í útgáfu sérleyfa hafa lögin engin ákvæði að geyma sem beinlínis takmarka erlenda fjárfestingu í fyrirtækjum á þessu sviði. Slík fjárfesting er því háð mati samgönguráðuneytisins.

Samkvæmt lögum nr. 77/1989, um leigubifreiðar, sem tekur til fólksbifreiða, vörubifreiða og sendibifreiða getur bæjarstjórn ákveðið, að fengnum tillögum hlutaðeigandi stéttarfélags bifreiðastjóra, að allar leigubifreiðar til fólksflutninga í viðkomandi kaupstað skuli hafa afgreiðslu á bifreiðastöðvum sem fengið hafa viðurkenningu bæjarstjórnar. Hafi slík viðurkenning verið veitt er öðrum óheimilt að stunda leiguakstur á bifreiðum utan stöðvar eða frá stöð sem ekki hefur hlotið viðurkenningu. Samgönguráðherra gefur út sérstök atvinnuleyfi á þeim félagssvæðum sem veitt hefur verið heimild til takmörkunar. Lögin hafa hvorki ákvæði er binda leyfisveitingar við innlenda aðila né takmörkun á erlendri aðild að fyrirtækjum innan þessarar greinar.

### 2.1.9. Fjarskipti og póstþjónusta

Fjarskipti
Íslenska ríkið hefur samkvæmt ákvæðum laga um fjarskipti, nr. 73/1984, einkarétt á að stofna til og reka á Íslandi og í íslenskri landhelgi og lofthelgi hvers konar fjarskipti svo og að gefa út nafnaskrá um fjarskiptastöðvar og notendur fjarskiptavirkja. Fjarskipti, sem fara ekki um hið opinbera fjarskiptakerfi, þegar eingöngu er um að ræða boðmiðlun eða upplýsingar innan húsakynna heimilis, fyrirtækis eða stofnunar, svo sem í sjúkrahúsum, gistihúsum, skólum eða verksmiðjum, falla sem slík ekki undir ákvæði laganna. Þá hefur íslenska ríkið einkarétt á að flytja til landsins, selja, leigja eða dreifa á annan hátt, gera við, breyta eða setja upp hvers konar fjarskiptavirki eða hluta þeirra. Þessi einkaréttur nær þó ekki til notendabúnaðar. Í 7. gr. laganna segir að Póst- og símamálastofnunin annist framkvæmd á einkarétti ríkisins samkvæmt lögunum, nema önnur lög kveði á um annað á tilteknum sviðum fjarskipta.

Póstþjónusta
Samkvæmt póstlögum, nr. 33/1986, hefur Póst- og símamálastofnunin einkarétt á að safna saman, flytja og bera út allar lokaðar bréfapóstsendingar og aðrar lokaðar póstsendingar sem uppfylla skilyrði þess að vera veitt viðtaka í póst, "að svo miklu leyti, sem innihald þeirra er ritaðar orðsendingar eða prentaðar

tilkynningar, útfylltar með skrift, að undanskildum vörureikningum, fylgiseðlum, farmskrám og svipuðum fylgiskjölum með sendingum sem heimilt er að flytja án atbeina póstþjónustunnar", eins og segir í 4. gr. laganna.

2.1.10. Fjölmiðlun

Útvarp
Samkvæmt útvarpslögum, nr. 68/1985, er útvarpsréttarnefnd óheimilt að veita erlendum aðila leyfi til útvarpsrekstrar, né félagi eða stofnun þar sem eignarhlutdeild erlendra aðila er meiri en 10%. Þetta bann nær hvort heldur sem er til rekstrar hljóðvarps- eða sjónvarpsstöðva samkvæmt orðskýringu 1. gr. laganna.

Blaðaútgáfa
Í lögum nr. 57/1956, um prentrétt, skal útgefandi blaðs eða tímarits vera íslenskur ríkisborgari, lögráða og heimilisfastur hér á landi eða "íslenskur ópersónulegur aðili", eins og segir í lögunum. Jafnframt skal ritstjóri blaðs eða tímarits vera íslenskur ríkisborgari, heimilisfastur hér á landi og lögráða. Ekki er að fullu ljóst hvað við er átt með orðalaginu "íslenskur ópersónulegur aðili", en ætla má að átt sé við fyrirtæki sem eru að meirihluta til í eigu íslenskra ríkisborgara heimilisfastra hér á landi eða annarra fyrirtækja sem fullnægja þessu skilyrði.

2.1.11. Þjónusta við ferðamenn

Veitinga- og gististaðir
Samkvæmt lögum nr. 67/1985, um veitinga- og gististaði, er slíkur rekstur háður leyfi sem lögreglustjóri veitir að fenginni umsögn sveitarstjórnar, eldvarnaeftirlits, heilbrigðisnefndar og vinnueftirlits. Til þess að öðlast leyfi þarf umsækjandi, einstaklingur eða ábyrgðarmaður félags, að uppfylla tiltekin skilyrði, m.a. að hafa verið heimilisfastur á Íslandi "síðustu ár". Leyfið er veitt til fjögurra ára í senn og er bundið við stað og nafn og er ekki framseljanlegt. Orðalagið "ábyrgðarmaður félags" er ekki skýrt en ætla má að átt sé við formann stjórnar eða framkvæmdastjóra. Ekkert virðist því til fyrirstöðu, samkvæmt þessum lögum, að erlendir aðilar eigi hlut í slíku félagi.

Ferðaskrifstofur
Einungis er heimilt að starfrækja ferðaskrifstofu að fengnu leyfi samgönguráðuneytisins samkvæmt lögum nr. 79/1985, um skipulag ferðamála. Til að einstaklingur geti öðlast slíkt leyfi þarf hann að hafa búsetu á Íslandi. Eigi félag hlut að máli er þess á hinn bóginn krafist að stjórn þess sé "innlend", eins og það er orðað í lögunum, og félagið hafi "aðsetur" á Íslandi. Jafnframt er áskilið að forstöðumaður slíkrar ferðaskrifstofu hafi búsetu á Íslandi. Erlend fjárfesting á þessu sviði er því möguleg samkvæmt lögum þessum. Nokkur vafi leikur á því hvað átt er við með orðalaginu um "innlenda" stjórn og virðist eðlilegast að skýra það með hliðsjón af ákvæðum hlutafélagalaga um ríkisfang og heimilisfesti stjórnarmanna, en nánar verður vikið að því hér á eftir.

2.1.12. Önnur sérlög

Tekið skal fram að yfirlit um sérlög atvinnugreina hér að framan er alls ekki tæmandi. Í því er ekki gerð grein fyrir löggjöf á sviði mennta- og skólamála, heilbrigðis- og almannatryggingamála og tengdrar starfsemi, svo sem lyfsölu og lyfjagerðar. Þá er heldur ekki gerð grein fyrir lögum um atvinnustarfsemi sem er bundin íslensku ríkisfangi og svo tengd persónulegum hæfisskilyrðum að tæplega má ætla að erlendur aðili fjárfesti í fyrirtæki í viðkomandi atvinnugrein. Sem dæmi í þessu sambandi má nefna lög nr. 61/1942 um málflytjendur, lög nr. 74/1938 um löggildingu niðurjöfnunarmanna sjótjóna, lög nr. 75/1977 um starfsleyfi iðjuþjálfa, lög nr. 35/1978 um starfsleyfi lyfjafræðinga, lög nr. 48/1933 um löggildingu leiðsögumanna skipa og lög nr. 17/1984 um starfsleyfi sjóntækjafræðinga.

2.1.13. Atvinnugreinar án sérlaga

Um nokkrar atvinnugreinar á Íslandi hafa ekki verið sett sérstök atvinnulög, svo sem fiskeldi. Þessi "eyða" í atvinnulöggjöfinni vekur þá spurningu hverjar séu þær reglur sem gildi um stofnun eða kaup fyrirtækja af hálfu eða með þátttöku erlendra aðila á þessum sviðum atvinnulífsins. Við úrlausn þessa álitaefnis virðist eðlilegast að leggja til grundvallar atvinnufrelsisákvæði 69. gr. stjórnarskrárinnar sem felur í sér meginreglu íslenskra laga um atvinnuréttindi einstaklinga. Þar segir berum orðum að engin bönd megi leggja á atvinnufrelsi manna nema almenningsheill krefji, enda þurfi lagaboð til. Þetta orðalag virðist útiloka að beitt sé rýmkandi lögskýringu eða lögjöfnun frá ákvæðum einstakra atvinnulaga til að fá þá niðurstöðu að til sé almenn regla í íslenskum rétti er hindri í öllum tilvikum meirihlutaaðild erlendra aðila að fyrirtækjum nema að fengnu leyfi stjórnvalda.

Andspænis framangreindri skýringu á atvinnufrelsissákvæðinu hefur því verið haldið fram að almenn regla hafi verið lögfest í þessu efni með lögum nr. 26/1982, um atvinnuréttindi útlendinga. Er þar áskilið að útlendingur, einstaklingur eða félag, sem hyggst starfrækja atvinnufyrirtæki hér á landi, þurfi leyfi félagsmálaráðherra til starfseminnar (atvinnuréttarleyfi) ef hún er ekki háð leyfi annarra stjórnvalda lögum samkvæmt. Þessi regla er tvímælalaust í fullu gildi þegar erlendir einstaklingar eiga í hlut. Öðru máli gegnir um lögaðila. Tilgangur laganna, eins og sést vel á einstökum ákvæðum þeirra, er að vernda vinnumarkaðinn gegn ásókn erlendra einstaklinga en ekki að takmarka með almennum hætti erlenda fjárfestingu í atvinnulífinu. Er tekið fram berum orðum í 1. gr. laganna að samkvæmt þeim teljist hver maður útlendingur sem ekki hefur íslenskt ríkisfang. Jafnframt væri mjög óeðlilegt, samkvæmt reglugerð um Stjórnarráð Íslands, að félagsmálaráðherra væri falið að hafa með höndum verkefni sem varða erlenda fjárfestingu. Samkvæmt nefndri reglugerð fer félagsmálaráðherra hins vegar með vinnumarkaðsmál. Af þessu leiðir (og einnig með vísan til meginreglu atvinnufrelsisákvæðisins) að erlendir lögaðilar falla ekki undir ákvæði laganna um atvinnuréttindi einstaklinga.

Í riti sínu Stjórnskipun Íslands (Rvk. 1979) segir Ólafur Jóhannesson um þetta atriði að sú stefnuyfirlýsing stjórnarskrárgjafans, sem felist í atvinnufrelsisákvæðinu, leiði "til þeirrar túlkunarreglu að í vafaatriðum beri að telja líkur fyrir atvinnufrelsinu". Samkvæmt þessari túlkun stjórnarskrárinnar má því aðeins skerða atvinnufrelsið að skerðingin eigi sér ótvíræða stoð í ákvæðum laga sem Alþingi hefur sett. Slík sérákvæði geta ekki orðið að almennri reglu nema með breytingu á stjórnarskrárákvæðinu, enda þarf venja að vera orðin afar ótvíræð og skýr eigi hún að víkja stjórnarskrárákvæði. Ekki verður talið að nein venja hafi myndast í þessu efni er sé andstæð framangreindri meginreglu, enda hefur löggjafinn ávallt talið sér skylt í framkvæmd að setja um það sérstök lagaákvæði þegar atvinnufrelsið hefur verið skert.

Af þessu má ætla að innan þeirra atvinnugreina, sem ekki lúta sérstökum atvinnulögum, sé erlendum aðilum öðrum en erlendum einstaklingum frjálst að hefja rekstur fyrirtækja að fullnægðum skilyrðum annarra laga. Dæmi þessa er erlend þátttaka í fiskeldisfyrirtækjum hérlendis. Þó gildir sú takmörkun samkvæmt hlutafélagalögum að ef um er að ræða erlent hlutafélag, sem ætlar að hefja rekstur á Íslandi með opnun útibús, þarf viðkomandi félag leyfi viðskiptaráðherra.

## 2.2. LÖG UM EIGNARRÉTT OG AFNOTARÉTT FASTEIGNA

Fjárfestingar erlendra aðila í einstökum atvinnugreinum geta komið til greina á ýmsum sviðum þótt fátítt sé að lög heimili berum orðum meirihlutaeign útlendinga í fyrirtækjum. Lög nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt af fasteignum, geta á hinn bóginn komið í veg fyrir að erlendir aðilar geti nýtt sér þær heimildir sem felast í einstökum atvinnulögum og túlkun á löggjöfinni í heild sinni. Samkvæmt lögunum frá 1966 er það meginreglan að einstaklingur, sem vill öðlast eignarrétt eða afnotarétt yfir fasteign á Íslandi, skuli vera íslenskur ríkisborgari. Sé um að ræða félag með ótakmarkaðri ábyrgð skulu allir félagsmenn vera íslenskir ríkisborgarar. Í hlutafélagi skulu 4/5 hlutar hlutafjár vera eign íslenskra ríkisborgara og íslenskir ríkisborgarar fara með meirihluta hlutafjár á hluthafafundum. Slík félög skulu og eiga hér heimili og varnarþing og stjórnendur allir vera íslenskir ríkisborgarar. Þessi skilyrði eiga hins vegar ekki við ef leiga eða eignarhald á fasteign varir skemur en þrjú ár eða ef uppsögn leigusamnings vegna fasteignar er áskilin með eigi lengri en árs fyrirvara. Að auki getur dómsmálaráðherra veitt erlendum aðilum undanþágu frá skilyrðum um íslenskt ríkisfang "ef ástæða þykir til", eins og segir í lögunum.

## 2.3. REGLUR UM FJÁRMAGNSFLUTNINGA

Fjármagnsgreiðslur til landsins eru háðar ákvæðum laga nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála. Eins og áður hefur komið fram eru stóriðjuverin undanþegin ákvæðum laganna um þetta efni. Orðið fjármagnsgreiðslur er ekki skilgreint í lögunum en í lagaframkvæmd hafa viðskiptaráðuneytið og Seðlabankinn litið svo á að átt sé við tvenns konar greiðslur.

Annars vegar sé um að ræða greiðslur sem fela í sér flutning á fé til landsins frá erlendum aðilum og er ætlað að vera eiginfjárframlag þeirra í atvinnurekstur. Hins vegar er átt við erlent lánsfé.

Mismunandi reglur gilda lögum samkvæmt um þessar greiðslur. Um þær fyrrnefndu gildir sú regla að erlendum aðilum sé heimilt án leyfis gjaldeyrisyfirvalda að flytja fé til landsins til að fjárfesta í atvinnurekstri. Þeim er hins vegar skylt að tilkynna gjaldeyrisyfirvöldum fyrir fram um slíkan flutning. Ef um er að ræða erlenda lántöku gegnir öðru máli þar sem slík lántaka er ætíð háð leyfi lögum samkvæmt. Þegar lántakandinn er íslenska ríkið, einstakar ríkisstofnanir eða fyrirtæki í eigu ríkisins, styðst lántakan allajafna við heimild í lánsfjárlögum. Hyggi aðrir aðilar á lántöku erlendis er samþykki viðskiptaráðherra nauðsynlegt, en við mat á lántökuumsóknum styðst hann við álit samstarfsnefndar um gjaldeyrismál, sem í sitja fulltrúar Seðlabanka og innlánsstofnana.

Um fjármagnsgreiðslur úr landi gildir sú meginregla að stjórnvöld verða að heimila slíka greiðslu. Samkvæmt reglugerð nr.50/1988, um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi, er veitingarvaldið í höndum samstarfsnefndar um gjaldeyrismál og eru aðeins ferns konar minni háttar tegundir þessara greiðslna ekki háðar leyfi nefndarinnar. Að auki gilda, eins og áður segir, sérreglur um stóriðjufyrirtækin. Þannig er greiðsla arðs til erlendra eignaraðila háð leyfi, svo og endurgreiðsla á eiginfjárframlagi, svo sem vegna sölu á eignarhlut eða slita á félagi. Um meðferð umsókna um yfirfærslur af þessum sökum hafa ekki verið birtar reglur og er það algerlega undir frjálsu mati nefndarinnar komið hvort umsókn er sinnt.

## 2.4. SKATTALÖG

Ákvæði íslenskra laga um skattlagningu fyrirtækja er ekki ætlað að búa fyrirtækjum, sem eru að nokkru eða öllu leyti í eigu erlendra aðila, verri starfskjör en öðrum fyrirtækjum sem eru starfrækt á Íslandi. Engu að síður geta ákvæðin valdið tvísköttun og skattyfirvöldum erfiðleikum við framkvæmd skattalaga. Til að komast hjá þessu og jafna starfsskilyrði fyrirtækja hafa íslensk stjórnvöld gert tvísköttunarsamninga við sjö erlend ríki, þ.e. öll hin Norðurlöndin, Bandaríkin, V-Þýskaland og Sviss. Einnig eru undirritaðir samningar við Bretland og Frakkland en þeir eru enn óstaðfestir.

# 3. ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF

## 3.1. Viðhorf innan OECD

Áður en nánar er vikið að einstökum greinum frumvarpsins þykir rétt að gera nokkra grein fyrir þeim almennu viðhorfum innan lands sem utan er til hliðsjónar voru höfð við gerð þessa frumvarps. Sérstaklega skal þó bent á áðurnefnda skýrslu viðskiptaráðherra og forsætisráðherra um erlenda fjárfestingu og íslenskt atvinnulíf, en þar er bæði að finna yfirlit um gildandi lagaákvæði er lúta að erlendri fjárfestingu hér á landi og um

stöðu þessara mála erlendis, einkum í aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) sem Ísland á aðild að, auk þess sem fjallað er um gildi erlendrar fjárfestingar, aðallega í samanburði við erlendar lántökur.

Frá því árið 1960, eða frá stofnun OECD, hafa aðildarríki stofnunarinnar verið sammála um að stefna beri að sem mestu frelsi í viðskiptum með fjármagn, vöru og þjónustu. Stefna þessi byggir á því að með auknu frjálsræði í fjármagnsviðskiptum milli landa verði tryggð hámarksnýting þeirra framleiðslugæða sem hagsæld hvílir á. Samþykktir OECD um að stefnt skuli að frjálsum fjármagnshreyfingum taka bæði til beinnar fjárfestingar, svo sem með hlutafjárkaupum, sem og til óbeinnar fjárfestingar, svo sem með lánveitingum. Meginmarkmiðið er að svipað frelsi gildi um fjármagn og almennt þykir sjálfsagt í dag að gildi um viðskipti með vörur og þjónustu.

Millirikjaviðskipti með fjármagn og sú efnahagsuppbygging, sem af þessu hlýst, leiða yfirleitt til virkari og víðtækari samskipta ríkja á milli og eru þá líkleg til að leiða til bættrar hagstjórnunar aðildarríkjanna. Jafnframt er stefnt að því að atvinnufyrirtækjum í aðildarríkjum OECD, sem við slíkt frjálsræði búa, séu tryggð jöfn starfsskilyrði samkvæmt lögum og reglugerðum, svo og í stjórnarframkvæmd allri, þótt fyrirtækin séu í eigu eða undir stjórn erlendra aðila.

Þrátt fyrir frjálslynda stefnu í þessum efnum hafa aðildarríki OECD lagt á það áherslu í samþykktum sínum að ekki séu fyrir borð bornir almennir öryggishagsmunir þeirra né réttur til að standa við gerða samninga á alþjóðavettvangi.

Í kjölfar stefnuyfirlýsinga OECD og markvissra rannsókna á löggjöf í aðildarríkjum OECD hafa aðildarríkin á undanförnum árum breytt löggjöf sinni og dregið úr takmörkunum á erlendum fjárfestingum. Að sama skapi hefur traust í alþjóðlegum fjárfestingum farið vaxandi.

Samhliða þeirri þróun hefur verðmæti erlendrar fjárfestingar OECD-ríkja vaxið verulega.

Við nánari athugun á tölum fyrir tímabilið 1980-1983 kemur í ljós að nokkrar sveiflur eru á milli einstakra ára innan tímabilsins. Ennfremur sést að nokkur frávik eru hjá einstökum ríkjum OECD frá þeim meðaltalstölum sem er að finna í könnunum OECD. Sérstaka athygli vekur að verðmæti erlendrar fjárfestingar Japana og Ítala hefur verið hlutfallslega mikið og stöðugt á undanförnum árum gagnstætt því sem segja má um Bandaríkin. Samhliða hefur orðið mikil aukning á beinni fjárfestingu erlendra aðila innan Bandaríkjanna.

3.2. <u>Viðhorf innan EFTA og EB</u>

Að undanförnu hafa farið fram viðræður milli fulltrúa EFTA-ríkja annars vegar og fulltrúa Evrópubandalagsins hins vegar um myndun sameiginlegs markaðssvæðis ríkjanna 12, sem mynda Evrópubandalagið og ríkjanna 6, sem eru aðilar að EFTA. Tengist

hugmyndin fyrirhuguðum "innri markaði" Evrópubandalagsins, þar sem allar hömlur á viðskiptum milli bandalagsríkjanna með vörur, þjónustu og fjármagn skulu felldar úr gildi frá árslokum 1992 að telja.

Slíkt markaðssvæði eða evrópskt efnahagssvæði (EES) eins og það er nefnt myndi byggjast á fríverslun með vörur og þjónustu og frjálsum flutningum fólks og fjármagns milli ríkjana.

Frjálsum flutningi fólks innan EES fylgir réttur þess til þess að festa kaup á fyrirtækjum og húsnæði og frjálsum flutningi fjármagns fylgir réttur til hvers kyns fjárfestinga yfir landamæri, ef fylgt verður þeim reglum, sem nú gilda innan Evrópubandalagsins.

EFTA-ríkin hafa í viðræðunum gert ýmsa fyrirvara gagnvart fullu frelsi í fjárfestingum yfir landamæri og lúta þeir flestir að fjárfestingum í fasteignum eða mikilvægum atvinnugreinum eða fyrirtækjum.

Íslendingar hafa í viðræðunum lýst þeim reglum, sem hér gilda um fjárfestingu erlendra aðila, en sérstaka áherslu hafa þeir lagt á bann við fjárfestingum erlendra aðila á fiskveiðisviði, orkulindum og nýtingu þeirra og takmarkanir á fjárfestingu í fasteignum. Hugtakið fiskveiðisvið (fishing sector) hefur enn ekki verið nákvæmlega skilgreint af hálfu Íslendinga, en í viðræðunum hefur því verið lýst yfir að það taki bæði til veiða og vinnslu.

Þá hafa Íslendingar lýst því yfir að ef úr samningum verði, þurfi þeir a.m.k. 2ja ára aðlögunartíma frá árslokum 1992 til þess að aðlaga bankalöggjöfina að væntanlegri EES-löggjöf, en í því felst m.a. að fullt frelsi skal ríkja í bankarekstri milli Íslands og annarra EES-ríkja, þ.á.m. gagnkvæmur réttur til eignarhalds á bönkum.

Þá er gert ráð fyrir að allar hömlur á gjaldeyrisyfirfærslum milli ríkjanna verði felldar úr gildi, en það er hin almenna regla inn Evrópubandalagsins frá 1. júlí 1990, þótt Írland, Spánn, Portúgal og Grikkland hafi undanþágur á ákveðnum sviðum til 1. júlí 1992. Reyndar hafa EFTA-ríkin þegar ýmist afnumið slíkar hömlur eða tekið fyrstu skrefin í þá átt.

Jafnframt því sem hömlur á gjaldeyrisyfirfærslum eru felldar úr gildi verða verðbréfaviðskipti gefin frjáls yfir landamæri. Afleiðing þess er að verslun með hlutabréf og skuldabréf verður frjáls og þar með svokölluð samvals- eða portfólíofjárfesting í markaðsverðbréfum. Dæmi eru þó þess að í ríkjum Evrópubandalagsins tíðkist hindranir á hlutabréfakaupum erlendra aðila í einstökum greinum atvinnulífs eða í einstökum fyrirtækjum t.d. á sviði vopnaframleiðslu. Ef fjárfesting erlendra aðila í tilteknum greinum íslensks atvinnulífs er bönnuð, nær það bann til kaupa erlendra aðila á hlutabréfum í fyrirtækjum í þeim greinum. Þannig mega erlendir aðilar ekki eiga hlutabréf í fyrirtækjum, sem gera út fiskiskip hér á landi.

Þegar þetta er ritað, eru samningaviðræður að hefjast um myndun EES og skal engu spáð um framgang þeirra. En hver sem hann verður er þó ljóst að þróunin í Evrópu og reyndar hvarvetna í iðnvæddum ríkjum er til aukins frjálsræðis í fjármagnsflæði yfir landamæri og afnáms hindrana á fjárfestingu erlendra aðila í innlendu atvinnulífi.

Nefndin hefur ekki tekið afstöðu til þess hvaða fyrirvara Ísland verði að gera um erlenda fjárfestingu í viðræðum við Evrópubandalagið en flest bendir til þess að samningur um evrópskt efnahagssvæði kalli á fjölmargar breytingar á ákvæðum þessa frumvarps og er að því vikið í 2. tölulið ákvæðis til bráðabirgða.

## 4. <u>HELSTU ÁKVÆÐI FRUMVARPSINS</u>

Í frumvarpinu er lagt til að aukið samræmi verði tryggt í þeim reglum er um fjárfestingar erlendra aðila gilda og hefur nefndin í því skyni kannað ítarlega þær reglur sem í gildi eru í hinum margvíslegustu atvinnugreinum. Þá er í frumvarpinu gerð tilraun til að skilgreina nokkur hugtök sem þýðingu hafa á sviði erlendrar fjárfestingar. Verður þannig að finna á einum stað lagaumgjörð um réttarstöðu erlendra fjárfestingaraðila.

Frumvarpið byggir á þeirri stefnu að full yfirráð Íslendinga verði tryggð yfir náttúruauðlindir lands og sjávar. Auk þess geymir frumvarpið nokkrar aðrar takmarkanir á erlendum fjárfestingum hér á landi, einkum vegna öryggishagsmuna og af menningarlegum ástæðum. Helstu takmarkanir eru á sviði fiskveiða, fiskvinnslu og vegna virkjunarréttinda vatnsfalla og jarðhita. Þá eru skorður reistar við aðild erlendra aðila að viðskiptabönkum, blaðaútgáfu, rekstri útvarpsstöðva og til kaupa á fasteignum hér á landi. Auk þess er erlend fjárfesting í vissum tilvikum háð leyfi. Með frumvarpi þessu er þó almennt lagt til að um verulega rýmkun verði að ræða varðandi rétt erlendra aðila til fjárfestingar í atvinnurekstri hér á landi. Jafnframt er lögð áhersla á eftirlit með erlendri fjárfestingu og að þeir erlendir aðilar, sem hér fjárfesta, lúti í einu og öllu íslenskum lögum, þar á meðal skattalögum og lögsögu íslenskra dómstóla.

Nefndin telur að með því frumvarpi, sem hér liggur fyrir, sé stigið mikilvægt skref í þá átt að erlent áhættufé geti í ríkara mæli komið í staðinn fyrir erlent lánsfé við fjármögnun atvinnurekstrar hér á landi. Frumvarp þetta mun því, ef að lögum verður, hafa mikilvæg áhrif á vaxtar- og þróunarskilyrði atvinnufyrirtækja innan fjölmargra atvinnugreina. Auknir möguleikar innlendra fyrirtækja til samvinnu við erlenda aðila, einkum í framleiðslu- og útflutningsgreinum, geta skapað ný tækifæri sem leitt geta til aukinnar verðmætasköpunar innanlands og þar af leiðandi til aukinnar hagsældar þjóðarbúsins í heild, svo sem vegna aukinna skatttekna, hærri vinnulauna, aukinnar þekkingar og lækkaðs verðlags svo að eitthvað sé nefnt. Er og vert að hafa hugfast í þessu sambandi að fáar þjóðir eru svo háðar utanríkisviðskiptum sem Íslendingar. Fer og í vöxt að íslenskir aðilar reki og taki þátt í atvinnufyrirtækjum í öðrum löndum. Á hitt ber þó jafnframt að líta að þótt heimildir

erlendra aðila til að fjárfesta í atvinnurekstri hér á landi verði rýmkaðar er ekki þar með sagt að vænta megi mikils áhuga erlendra aðila. Hér eru ekki í boði neinir sérstakir fjárfestingarhvatar eins og víða annars staðar, heimamarkaðurinn er lítill, fjarlægðir frá öðrum mörkuðum verulegar og náttúruauðæfi ekki fjölbreytt. En verði frumvarp þetta að lögum ættu þó a.m.k. ekki lagalegir óvissuþættir og hindranir að þurfa að standa í vegi fyrir fjárfestingu erlendra aðila í sama mæli og til þessa sé áhugi erlendra aðila á annað borð fyrir hendi.

## Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

### Um 1. gr.

Hér er gildissvið frumvarpsins afmarkað. Samkvæmt þessari grein frumvarpsins eiga lögin að gilda um fjárfestingu erlendra aðila, sbr. nánari skilgreiningu á fjárfestingu og erlendum aðilum í 2. gr. frumvarpsins, en ekki um venjulegar lánveitingar eða aðra fjármagnsflutninga erlendra aðila til landsins sem ekki tengjast eignar- og rekstraraðild þeirra að atvinnurekstri hér á landi. Þá tekur frumvarpið einungis til fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri, en ekki til annarrar hugsanlegrar fjárfestingar erlendra aðila hér á landi, svo sem fjárfestingar í skuldabréfum, fasteignum, frímerkjum, málverkum eða öðrum verðmætum. Tekið er fram að frumvarpið gildi um hvers kyns fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi, nema annað leiði af sérákvæðum annarra laga eða reglum settum samkvæmt þeim. Í því sambandi skal minnt á að í gildi eru sérstök lög um heimildir erlendra aðila til þátttöku í tilteknum stóriðjuverum, svo sem lög nr. 76/1966, um lagagildi samnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., um álbræðslu við Straumsvík, ásamt síðari lögum um lagagildi viðaukasamninga milli sömu aðila, lög nr. 80/1966, um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, ásamt síðari breytingum og viðaukum, lög nr. 18/1977, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, ásamt síðari breytingum og lög nr. 70/1982 um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði. Frumvarpið gildir um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi hvort sem hinn erlendi aðili hyggst stunda hér atvinnurekstur beint í eigin nafni eða með eignaraðild að íslensku atvinnufyrirtæki.

### Um 2. gr.

Hér eru helstu hugtök skilgreind. Búseta einstaklings og heimili lögaðila eru lögð til grundvallar varðandi skilgreiningu á því hver teljist vera erlendur aðili í skilningi frumvarpsins. Þannig telst t.d. íslenskur ríkisborgari sem á lögheimili erlendis vera erlendur aðili. Er þetta í samræmi við þá stefnu sem fylgt er t.d. hjá OECD þar sem áherslan liggur á búsetunni en ekki þjóðerninu. Til erlends aðila telst og íslenskt atvinnufyrirtæki undir erlendum yfirráðum, en þá er átt við að erlendur aðili eða aðilar eigi meiri hluta fyrirtækisins eða fari með meiri hluta atkvæðisréttar í því þótt minnihlutaeigandi sé eða hafi með öðrum hætti, svo sem með stjórnunarsamningi, raunveruleg yfirráð yfir viðkomandi atvinnufyrirtæki. Ástæðan fyrir því að íslenskt atvinnufyrirtæki undir erlendum yfirráðum er í frumvarpinu skilgreint sem erlendur aðili er sú að þannig á að reyna að girða

fyrir að erlendur aðili geti farið bakdyramegin inn á svið þar sem fjárfestingu erlendra aðila eru skorður settar. Ella gæti erlendur aðili fyrst stofnað eða fjárfest í atvinnufyrirtæki hér á landi sem þar með teldist íslenskur aðili og það fyrirtæki síðan fjárfest á umræddu sviði. Sé hins vegar um að ræða íslenskt atvinnufyrirtæki sem íslenskir aðilar hafa yfirráð yfir þótt erlendir aðilar eigi jafnframt hlut í því eru ákvæði frumvarpsins ekki því til fyrirstöðu að slíkt fyrirtæki fjárfesti í öðru atvinnufyrirtæki hér á landi. Við mat á því, hvort um fjárfestingu er að tefla, getur það ráðið úrslitum hvort um er að ræða framlag til eigin fjár viðkomandi atvinnufyrirtækis. Lánveiting telst því ekki fjárfesting nema um sé að ræða lán í einhverju því formi sem skattyfirvöld viðurkenna eða úrskurða að flokka beri sem eigið fé viðkomandi fyrirtækis. Hér mundu einkum geta komið til álita svonefnd víkjandi lán. Auk þess sem nú er nefnt teljast kaup á eignarhlut sem fyrir er í atvinnufyrirtæki að sjálfsögðu vera fjárfesting þótt endurgjaldið renni þá ekki alltaf til fyrirtækisins sjálfs, heldur til þeirra sem áttu eignarhlut fyrir.

Um 3. gr.

Í 3. gr. kemur fram sú meginstefna frumvarpsins að erlendum aðilum sé heimilt að fjárfesta í atvinnurekstri hér á landi með þeim takmörkunum einum sem af öðrum ákvæðum frumvarpsins og ákvæðum sérlaga leiðir og að uppfylltum öðrum skilyrðum og að fengnum tilskyldum leyfum lögum samkvæmt. Fjórða grein frumvarpsins hefur að geyma ákvæði um ýmis frávik frá þessari meginreglu. Einnig leiðir af ákvæðum ýmissa annarra laga að á sumum sviðum er í reynd útilokað fyrir erlenda aðila að fjárfesta. Sem dæmi má nefna að samkvæmt áfengislögum, póstlögum og lögum um Áburðarverksmiðju ríkisins hafa tiltekin ríkisfyrirtæki einkarétt til starfrækslu á ákveðnum sviðum. Ennfremur takmarka lög um viðskiptabanka rétt erlendra banka til að stunda bankastarfsemi hér á landi. En eftir sem áður felst í 3. gr. frumvarpsins sú grundvallarstefna að erlendum aðilum sé heimilt að fjárfesta í atvinnurekstri hér á landi að því marki sem slíkri fjárfestingu eru ekki bein takmörk sett. Fjárfesting erlendra aðila er þó með sama hætti og fjárfesting íslenskra aðila háð því að almennum lagaskilyrðum sé fullnægt, enda verða erlendir aðilar sem reka atvinnustarfsemi hér á landi í eigin nafni sem og íslensk atvinnufyrirtæki með erlendri eignaraðild í einu og öllu háð íslenskum lögum og reglum og lúta lögsögu íslenskra dómstóla að því er varðar starfsemina hér á landi.

Samkvæmt gildandi lögum er ýmis atvinnustarfsemi háð sérstöku leyfi stjórnvalda, oft ráðherra. Má nefna sem dæmi um slík leyfi iðnaðarleyfi, verslunarleyfi, leyfi til reksturs ferðaskrifstofu og leyfi til vátryggingarstarfsemi. Hin ýmsu sérlög geyma ákvæði um hæfisskilyrði, svo sem um menntun og starfsreynslu, sem uppfylla þarf til að leyfi eða löggildingu megi veita til starfa á viðkomandi sviði. Fjárfesting erlendra aðila verður að sjálfsögðu því háð að hinir erlendu aðilar eða íslensk atvinnufyrirtæki, sem þeir hyggjast taka þátt í að stofna eða kaupa sig inn í, uppfylli sett skilyrði og hafi tilskilin leyfi. Það er síðan mismunandi eftir atvinnugreinum hvar leyfisveitingarvaldið liggur.

Rétt er að taka fram að í frumvarpinu felast hvorki breytingar á lagaákvæðum um skráningu skipa eða skráningu loftfara og munu því áfram gilda sömu skilyrði að því er varðar eignarhald til þess að skip eða loftfar fáist skráð hér á landi.

Um 4. gr.

Fjórða grein frumvarpsins hefur að geyma ýmsar undantekningar frá meginreglu 3. gr. Þær takmarkanir, sem þar er kveðið á um, eru af þrennum toga. Í fyrsta lagi eru lagðar fyrirfram hömlur við fjárfestingu erlendra aðila á tilteknum sviðum, þ.e. í útgerð, fiskvinnslu,virkjun vatnsfalla og jarðhita, útgáfu dagblaða, rekstri útvarpsstöðva, í viðskiptabönkum og til kaupa og afnota á fasteignum sbr. 1.-5. tl. og 11. tl. 4. gr. Í öðru lagi verður tiltekin fjárfesting háð leyfi ráðherra, sbr. 6.-8. tölul. 4. gr. Og í þriðja lagi getur ráðherra í sérstökum tilvikum stöðvað tiltekna erlenda fjárfestingu, sbr. 9. og 10. tölul. 4. gr.

Verður nú vikið nánar að hverjum tölulið 4. gr. fyrir sig.

Um 1. tölul.

Í 1. tölul. er vísað til laga nr. 33/1922, um rétt til fiskiveiða í landhelgi, að því er varðar efnisregluna um það hverjir stunda megi fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Að þessu leyti er hér annar háttur á hafður en almennt er fylgt í frumvarpinu því að við gerð frumvarpsins var leitast við flytja efnisákvæði um heimildir erlendra aðila til að fjárfesta í íslenskum atvinnurekstri úr hinum ýmsu sérlögum í þau heildarlög sem hér er gerð tillaga um. Ástæða þess að gerð er undantekning að því er varðar rétt til fiskveiða, er sú að ýmis önnur ákvæði laga nr. 33/1922, sem og ákvæði í öðrum lögum, byggja á ákvæðum 1. og 2. gr. laga nr. 33/1922, þar sem kveðið er á um hverjir stunda megi veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Þótti því ekki fært að flytja þessi ákvæði úr lögunum. Þar sem frumvarpi þessu er ætlað að draga upp sem heillegasta mynd af þeim reglum sem um erlenda fjárfestingu eiga að gilda þykir rétt engu að síður að 4. gr. geymi tilvísun til laga nr. 33/1922.

Samkvæmt núgildandi ákvæðum laga nr. 33/1922 mega íslenskir ríkisborgarar einir reka fiskveiðar í landhelgi við Ísland og má aðeins hafa íslenska báta eða skip til veiðanna. Tekið er fram að íslenskir kallist þeir bátar eða skip sem íslenskir ríkisborgarar eiga einir. Þrátt fyrir þessa meginreglu mega erlendir ríkisborgarar skv. 11. gr. laga nr. 33/1922 eiga í hlutafélögum sem fiskveiðar stunda í landhelgi, svo lengi sem meira en helmingur hlutafjárins er eign íslenskra ríkisborgara, félagið á heimili á Íslandi og stjórn þess er skipuð íslenskum ríkisborgurum, enda sé a.m.k. helmingur þeirra búsettur hér á landi.

Í 1.-3. gr. fylgifrumvarps þessa frumvarps er gerð tillaga um nokkra breytingu á lögum nr. 33/1922. Eru þessar breytingar þríþættar. Í fyrsta lagi er lagt til að úr gildi verði numin heimild erlendra aðila til að eiga allt að helmingi hlutafjár í útgerðarhlutafélögum. Er og með því leitast við að laga

löggjöfina að þeirri stefnumörkun að þrátt fyrir rýmkun á heimildum erlendra aðila til að fjárfesta í íslenskum atvinnurekstri skuli tryggt að erlendir aðilar nái ekki tökum á náttúruauðlindum lands og sjávar. Í öðru lagi er með 2. gr. fylgifrumvarpsins gerð tillaga um þá breytingu á lögum nr. 33/1922 að í stað þess að miða við, að þeir bátar og þau skip teljist íslensk í skilningi laganna sem íslenskir ríkisborgarar einir eiga, sé við það miðað að þeir bátar og þau skip teljist íslensk sem skráð eru hér á landi. Ræðst það þá af skilyrðum laga um skráningu skipa á hverjum tíma. Í þriðja lagi er lagt til að niður falli 8. og 11. gr. úr lögum nr. 33/1922, bæði vegna þess að tillaga er gerð um að niður verði felld heimild erlendra aðila til eignaraðildar að útgerðarfélögum vegna þess að ákvæðin eru að nokkru leyti úrelt og vegna þess að þau hafa gefið tilefni til lagaóvissu um það hvort erlendir aðilar mættu reka eða eiga hlut í fiskvinnslu hér á landi. Um það yrði samkvæmt frumvarpinu kveðið á í 2. tölul. 4. gr.

Um 2. tölul.
Hér er lagt til að erlendum aðila skuli óheimilt að eiga og reka fyrirtæki til útflutnings á ferskum fiski svo og til vinnslu sjávarafurða. Samkvæmt frumvarpinu er með vinnslu sjávarafurða átt við frystingu, söltun, þurrkun og mjölvinnslu á fiski og öðrum sjávarafuðum.

Erlendum aðila er einnig óheimilt að eiga meira en 50% í atvinnufyrirtæki hérlendis sem rekur fiskvinnslu eðra en vinnslu sjávarafurða skv. fyrrgreindri skilgreiningu enda stundi fyrirtækið ekki jafnframt fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Fiskiðnaður Íslendinga er viðkvæm atvinnugrein í harðri erlendri samkeppni og hún byggist á fullnýttum auðlindum sjávar. Því þykir rétt að setja fjárfestingarheimildum erlendra aðila í útflutningi á ferskum fiski, vinnslu sjávarafurða og fiskvinnslu nokkrar skorður, þótt ágreiningslaust sé að rétturinn til sjálfra veiðanna skipti mestu varðandi yfirráð yfir þessari mikilvægustu náttúruauðlind þjóðarinnar.

Um 3. tölul.
Hér er lagt til að virkjunarréttur vatnsfalla og jarðhita verði alfarið bundinn við íslenska ríkið, sveitarfélög, íslenska ríkisborgara og íslenska lögaðila. Erlendir aðilar eiga þess því ekki kost að fjárfesta í atvinnufyrirtækjum á þessu sviði.

Um 4. tölul.
Samkvæmt 2. tölul. 2. mgr. 3. gr. útvarpslaga, nr. 68/1985, er óheimilt að veita erlendum aðila leyfi til útvarpsrekstrar né félagi eða stofnun þar sem eignarhlutdeild erlendra aðila er meiri en 10%. Að því er varðar útgáfu blaða og tímarita er óljóst samkvæmt gildandi lögum hvort og þá að hvaða marki erlendir aðilar geta átt í útgáfufyrirtæki sem hér á heimili því að skv. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 57/1956, um prentrétt, getur íslenskur ópersónulegur aðili verið útgefandi blaðs eða tímarits, en ósagt er látið hvort erlendur aðili geti verið eigandi eða meðeigandi slíks íslensks ópersónulegs aðila.

Hér er lagt til að erlendum aðilum skuli óheimilt að gefa út dagblað eða reka útvarpsstöð hér á landi. Hins vegar verði erlendum aðilum heimilt að eiga í íslensku atvinnufyrirtæki sem gefur út dagblað eða rekur útvarpsstöð, en samanlagður eignarhlutur erlendra aðila í hverju slíku fyrirtæki má þó á hverjum tíma ekki vera meiri en 25%. Þrátt fyrir þá rýmkun á heimildum erlendra aðila til fjárfestingar hér á landi, sem í frumvarpinu felst, þykir rétt að standa sérstakan vörð um þessar tvær höfuðgreinar fjölmiðlunar. Er það í samræmi við það sem tíðkast víða erlendis þótt fjárfestingarheimildir erlendra aðila séu að öðru leyti rúmar. Tekið skal fram að takmörkun sú, sem í þessum tölulið felst, nær ekki til annarra blaða en dagblaða og ekki til tímarita og verður erlendum aðilum því að fullnægðum öðrum skilyrðum heimilt að gefa út önnur blöð og tímarit eða eiga í íslenskum atvinnufyrirtækjum sem slíka útgáfu hafa með höndum. Nú er það svo að ekkert íslenskt "dagblað" kemur út daglega og er því ekki unnt að miða mörkin milli dagblaða og annarra blaða við þá útgáfutíðni. En með hliðsjón af því hvernig útgáfu íslenskra dagblaða er hagað, er í frumvarpi þessu við það miðað að dagblöð séu þau blöð sem út eru gefin að jafnaði a.m.k. fimm daga í viku.

Um 5. tölul.
Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laga nr. 86/1985 skal hlutafé í hlutafélagsbanka allt vera í íslenskri eigu. Með 15. gr. laga nr. 7/1987, um stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands, var gerð undantekning að því er varðar Útvegsbanka Íslands hf. og kveðið svo á að bönkum sem eiga lögheimili og varnarþing erlendis skuli heimilt að eiga á hverjum tíma samtals allt að 25% hlutafjár í bankanum. Hér er lagt til að aflétt sé hinu algjöra banni viðskiptabankalaganna við erlendri eignaraðild, en samanlögð hlutafjáreign erlendra aðila í hlutafélagsbanka megi þó á hverjum tíma ekki vera meiri en 25% hlutafjár hlutafélagsbankans. Samkvæmt viðskiptabankalögum getur einungis verið um að ræða tvenns konar viðskiptabanka hér á landi, ríkisviðskiptabanka í eigu ríkisins og hlutafélagsbanka. Eignaraðild erlendra aðila takmarkast því eðli málsins samkvæmt við hlutafélagsbanka. Heimild erlendra aðila til takmarkaðrar eignaraðildar að hlutafélagsbönkum einskorðast samkvæmt frumvarpinu ekki við erlenda banka heldur verður að fullnægðum öðrum skilyrðum frumvarpsins hvaða erlendum aðila sem er heimilt að gerast hluthafi í hlutafélagsbanka.

Frá 1. janúar 1992 er gert ráð fyrir að erlend eignaraðild í hlutafélagsbanka hérlendis megi nema 50%. Frá 1. janúar 1995 mega erlendir aðilar kaupa hlut í íslenskum hlutafélagsbanka án takmarkana enda njóti íslenskir aðilar eigi lakari réttar í heimaríki viðkomandi aðila. Þykir rétt að stíga þau skref sem hér um ræðir í áföngum.

Sú takmörkun, sem í töluliðnum felst, tekur einvörðungu til hlutafélagsbanka. Hún nær hins vegar ekki til annarra fyrirtækja á íslenskum fjármagnsmarkaði, svo sem verðbréfafyrirtækja, fjárfestingarfyrirtækja, fjármögnunarleiga og greiðslukortafyrirtækja. Samkvæmt frumvarpinu gæti aðild erlendra aðila að slíkum fyrirtækjum á hinn bóginn takmarkast af

ákvæðum annarra töluliða 4. gr.

Um 6. tölul.
Hér er lagt til að til þurfi að koma sérstakt leyfi viðskiptaráðherra til þess að erlent ríki eða fyrirtæki í eigu erlends ríkis geti og megi fjárfesta í atvinnurekstri hér á landi. Fyrir þessari skipan eru þau rök að áhugi erlends ríkis til að fjárfesta í atvinnurekstri hér á landi getur stafað af öðru en voninni um fjárhagslegan ávinning af slíkri fjárfestingu. Þykir því rétt að tækifæri gefist til að skoða hvert tilvik sérstaklega.

Um 7. tölul.
Með þessum tölulið er sleginn ákveðinn varnagli að því er varðar umfang fjárfestinga einstakra erlendra aðila hér á landi.

Samkvæmt þessum tölulið þarf sérstakt leyfi viðskiptaráðherra til að koma til þess að heildarfjárfesting erlends aðila eða samanlögð fjárfesting fjárhagslega tengdra aðila geti farið fram úr ákveðinni fjárhæð á ári hverju. Gildir þá einu hvort fyrirhuguð fjárfesting felur í sér meirihlutaeign eða minnihlutaeign í viðkomandi atvinnufyrirtæki. Ekki er ástæða til að ætla að oft muni að vænta erlendrar fjárfestingar af þeirri stærðargráðu sem í töluliðnum greinir eða að slík fjárfesting, ef af yrði, orki þá að einhverju leyti tvímælis. Ákvæði töluliðsins er alfarið á því byggt að eðlilegt sé að gæta vissrar varfærni þegar stærri fjárfesting er annars vegar.

Um 8. tölul.
Í þessum tölulið er kveðið á um það hvernig með skuli fara ef erlendur aðili vill reka atvinnustarfsemi hér á landi í eigin nafni, en ekki með aðild að íslensku atvinnufyrirtæki. Greint er á milli þess hvort um er að ræða erlendan einstakling, erlent hlutafélag eða annan erlendan lögaðila. Í hlutafélagalögum eru ákvæði um heimildir erlendra hlutafélaga til að starfa hér á landi, sbr. XVII. kafla laga nr. 32/1978, um hlutafélög, og er tekið fram í 9. tölul. að um rétt hlutafélags, sem á heimili erlendis til að starfa hér á landi, fari samkvæmt þeim ákvæðum. Viðskiptaráðherra getur veitt öðrum erlendum lögaðilum leyfi til að starfa hér á landi, enda sé þá að því er varðar slíka lögaðila og starfsemi þeirra hér á landi fullnægt sömu skilyrðum og fylgt sömu meginreglum og að því er varðar erlend hlutafélög sem starfa hér á landi. Þá segir að einstaklingi, sem búsettur er erlendis, sé óheimilt að vinna sjálfstætt eða starfrækja eigið atvinnufyrirtæki hér á landi, nema með sérstöku leyfi viðskiptaráðherra. Sé búseta hins vegar óundanþægt skilyrði samkvæmt lögum um viðkomandi atvinnugrein eins og oftast er eða veiting undanþágu frá búsetuskilyrðinu falin öðrum getur viðskiptaráðherra ekki veitt viðkomandi einstaklingi leyfi. Til kasta viðskiptaráðherra kemur því fyrst og fremst ef um er að ræða áhuga erlendra einstaklinga á að stunda hér atvinnustarfsemi sem ekki hafa verið sett nein sérstök lög um. Í þeim tilvikum gæti ráðherra t.d. bundið leyfi því skilyrði að viðkomandi einstaklingur hafi fyrirsvarsmann með heimilisfesti hér á landi og helgast það m.a. af réttarfarsástæðum.

Um 9. tölul.
Hér er lagt til að viðskiptaráðherra geti gripið inn í og bannað erlendum aðila að fjárfesta í atvinnurekstri hérlendis ef viðkomandi aðili hefur verið sviptur réttindum til að stunda atvinnurekstur með dómi í öðru ríki. Sömu heimild hefur viðskiptaráðherra ef íslenskir aðilar njóta ekki sambærilegra réttinda til fjárfestinga í heima- eða upprunaríki hins erlenda aðila.

Um 10. tölul.
Hér er lagt til að stöðva megi tiltekna fjárfestingu ef hún er talin ógna öryggi landsins, skerða verulega samkeppni fyrirtækja í viðkomandi atvinnugrein eða ef hún er á annan hátt til þess fallin að hafa óæskileg áhrif á atvinnulíf í landinu. Þessu ákvæði er ætlað að vera ákveðinn öryggisventill vegna fjárfestingar erlendra aðila sem hættuleg þykir eða óæskileg, en er hvorki bönnuð né háð leyfi viðskiptaráðherra samkvæmt einhverjum af fyrri töluliðum 4. gr. eða samkvæmt ákvæðum annarra laga. Ógnun við öryggi landsins getur bæði falið í sér ógnun við innra og ytra öryggi landsins. Með verulegri skerðingu á samkeppni fyrirtækja í viðkomandi atvinnugrein er fyrst og fremst átt við tilvik sem ætla má að gengju þvert á löggjöf um auðhringa og hringamyndanir, ef sett hefðu verið, með hliðsjón af ákvæðum slíkrar löggjafar í nágrannalöndum. Ekki er fyrir fram unnt að sjá fyrir á tæmandi hátt þau dæmi sem upp gætu komið um fjárfestingu erlendra aðila sem þættu til þess fallin að hafa óæskileg áhrif á atvinnulíf í landinu. Þar verður reynslan að skera úr. Þótt það leiði þannig af eðli máls að útilokað sé að skilgreina nákvæmlega í lögum skilyrði fyrir því að stöðvunarheimild þessari sé beitt og þar hljóti ávallt að verða að vera visst svigrúm fyrir frjálst mat er ljóst að ákvæðinu er eingöngu ætlað að vera nokkurs konar varnagli sem ekki sé gripið til nema nauðsyn beri til. Því er lagt til að viðskiptaráðherra geti því aðeins stöðvað erlenda fjárfestingu á grundvelli þessa töluliðar að fyrir liggi álit nefndar um erlenda fjárfestingu, sbr. 2. mgr. 10. gr., um að skilyrði fyrir beitingu stöðvunarheimildar séu fyrir hendi. Og til þess að erlendir aðilar þurfi ekki að vera lengi í óvissu um það hvort tiltekin fjárfesting nær fram að ganga, en það eitt og sér er til þess fallið að draga úr áhuga erlendra aðila á að fjárfesta í tilteknu landi ef lengi þarf að bíða niðurstöðu um það hvort fjárfesting verður heimiluð eða stöðvuð, er tekið fram að það sé skilyrði fyrir stöðvun fjárfestingar að ákvörðun þar að lútandi sé kunngerð innan þriggja vikna frá því að réttum stjórnvöldum berst tilkynning um hlutaðeigandi fjárfestingu.

Um 11. tölul.
Samkvæmt lögum nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, þarf sérstakt leyfi dómsmálaráðherra til þess að erlendir aðilar eða íslenskir lögaðilar með erlendri félagsaðild eða eignaraðild umfram tiltekið eignarhlutfall geti eignast eða fengið afnotarétt að fasteign. Þetta er afar óþjál og að mörgu leyti óeðlileg skipan þegar í hlut eiga aðilar sem rétt hafa til að stunda atvinnustarfsemi hér á landi og um er að ræða eignarrétt eða afnotarétt yfir fasteign til beinnar notkunar í viðkomandi atvinnustarfsemi.

Hér er því lögð til sú breyting í fyrsta lagi að búseta á Íslandi samfellt í a.m.k. eitt ár nægi til þess að geta öðlast eignarrétt eða afnotarétt á fasteignum hér á landi. Er búseta hérlendis í samfellt eitt ár lögð að jöfnu við ríkisborgararétt í þessu efni. Í öðru lagi þarf ekki leyfi ráðherra þótt um sé að ræða aðila sem ekki fullnægir almennum skilyrðum 1. mgr. 11. tl. ef viðkomandi aðili hefur rétt til að stunda atvinnurekstur hér á landi og um er að ræða eignarrétt eða afnotarétt á fasteign til beinnar notkunar í atvinnustarfseminni, enda fylgi fasteigninni einungis venjuleg lóðarréttindi. Eftir sem áður þarf leyfi dómsmálaráðherra til þess að framangreindur aðili geti eignast eða nýtt önnur fasteignaréttindi, svo sem vatns- og veiðiréttindi.

Þar sem rísa kunna álitamál um það hvenær fasteignaréttindi eru undanþegin leyfi á grundvelli þessa ákvæðis er kveðið svo á um að öll heimildarskjöl vegna eignar- og afnotaréttinda erlendra aðila hér á landi skuli lögð fyrir dómsmálaráðuneytið. Öðlast gerningur ekki gildi fyrr en ráðuneytið hefur staðfest hann með áritun sinni. Er þessi aðferð jafnframt nauðsynleg til þess að halda gott yfirlit um fjárfestingar erlendra aðila hér á landi hvað fasteignir og réttindi þeim tengd snertir.

1. gr. laga nr. 19/1966 er breytt í fylgifrumvarpi á sama hátt og hér er lagt til.

Um 5. gr.

Hér er lagt til að öll erlend fjárfesting verði tilkynningarskyld til gjaldeyriseftirlits Seðlabanka Íslands jafnskjótt og samningur eða ákvarðanir þar að lútandi liggja fyrir. Tilkynningarskyldan tekur jafnt til viðbótarfjárfestingar erlends aðila í atvinnufyrirtæki, sem hann á þegar í, sem og fjárfestingar í nýju fyrirtæki eða starfandi fyrirtæki sem hann hefur ekki átt í áður. Tímabilið, sem stöðvunarheimild skv. 10. tölul. 4. gr. stendur, hefst þegar gjaldeyriseftirlitinu berst tilkynning um hlutaðeigandi fjárfestingu.

Tekið er fram að gjaldeyriseftirlitið hafi sams konar rétt til upplýsingaöflunar og athugana vegna fjárfestingar erlendra aðila og það hefur samkvæmt lögum um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála. Vísast í því sambandi einkum til 3. og 4. mgr. 6. gr. laga nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála.

Um 6.-7. gr.

Í 6. gr. og 7. gr. frumvarpsins er lagt til að tekin verði af öll tvímæli í lögum um rétt erlends fjárfestingaraðila til innflutnings á erlendu fjármagni vegna fjárfestingar og yfirfærslu þess í íslenskar krónur, um tilkynningarskyldu slíks fjármagnsflutnings og um rétt aðila til að flytja arð og söluandvirði eða annað endurgreiðsluverð úr landinu að nýju. Samkvæmt lögum nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, og reglum settum samkvæmt þeim, er greiðsla arðs til erlendra aðila sem hér hafa fjárfest svo og endurgreiðsla á verðmæti fjárfestingar, svo sem vegna sölu á eignarhlut eða slita á atvinnufyrirtæki, háð leyfi og frjálsu mati

gjaldeyrisyfirvalda. Sú skipan er til þess fallin að vekja tortryggni og efasemdir hjá hugsanlegum fjárfestingaraðilum. Með 7. gr. er þeirri óvissu eytt. Um framkvæmd gjaldeyrisyfirfærslna vegna fjármagnsflutninga til og frá landinu í tengslum við erlenda fjárfestingu skal fara samkvæmt gildandi lögum og reglum um framkvæmd gjaldeyrismála á hverjum tíma. Aðrar fjármagnsgreiðslur til og frá landinu munu áfram háðar óbreyttum lögum og reglum.

Um 8. gr.

Í 8. gr. frumvarpsins er sett fram sú meginregla að framkvæmdastjórar og meirihluti stjórnarmanna í íslenskum atvinnufyrirtækjum skuli ávallt vera búsettir hér á landi óháð eignarhlut, atkvæðisrétti eða öðrum yfirráðum erlendra aðila. Viðskiptaráðherra getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði. Hér er um að ræða sams konar ákvæði og gildir varðandi búsetu framkvæmdastjóra og meiri hluta stjórnarmanna í hlutafélögum, sbr. 2. mgr. 50. gr. hlutafélagalaga, en þetta verður nú almenn regla óháð félagsformi.

Um 9. gr.

Í 9. gr. frumvarpsins er tekið fram að um skattskyldu erlends aðila, sem fjárfestir hér á landi, fari samkvæmt ákvæðum almennra íslenskra skattalaga. Sé í gildi svonefndur tvísköttunarsamningur milli Íslands og heimaríkis erlends fjárfestingaraðila gilda ákvæði slíks samnings. Ísland hefur ekki gert tvísköttunarsamninga nema við fáein ríki, en unnið er að gerð slíkra samninga við fleiri ríki.

Um 10. gr.

Samkvæmt 10. gr. mun viðskiptaráðherra fara með leyfisveitingar og annast eftirlit með framkvæmd laganna ef frumvarpið verður að lögum, að svo miklu leyti sem tiltekið eftirlit eða leyfisveitingar eru ekki samkvæmt ákvæðum frumvarpsins beinlínis faldar öðrum. Öll rök hníga að því að eftirlit með hvers kyns erlendri fjárfestingu, leyfisveitingar og vald til að stöðva tiltekna erlenda fjárfestingu heyri undir einn ráðherra þegar ein fjárfestingarlög koma í stað ákvæða í mörgum og mismunandi lögum. Með því að gjaldeyris- og viðskiptamál falla undir viðskiptaráðherra er lagt til að hann fari með yfirstjórn mála sem varða erlenda fjárfestingu. Í þessu sambandi er þó rétt að endurtaka það sem áður greinir, að veiting leyfa til að stunda ákveðna atvinnustarfsemi verður, þar sem slíkra leyfa er krafist, áfram í höndum sömu stjórnvalda og áður.

Í 10. gr. er jafnframt lagt til að sérstök nefnd, nefnd um erlenda fjárfestingu, verði viðskiptaráðherra til ráðuneytis um leyfisveitingar samkvæmt frumvarpinu og umsagnaraðili um einstök mál. Samkvæmt 10. tölul. 4. gr. þarf nefnd þessi og að hafa komist að þeirri niðurstöðu að þar greind skilyrði séu til staðar til þess að viðskiptaráðherra geti stöðvað tiltekna erlenda fjárfestingu. Lagt er til að nefndin verði skipuð fimm mönnum og að viðskiptaráðherra skipi einn þeirra án tilnefningar en hina fjóra samkvæmt tilnefningum jafnmargra ráðherra, þ.e. iðnaðarráðherra, sjávarútvegsráðherra, dómsmálaráðherra og utanríkisráðherra. Er með þessum hætti leitast við að tryggja að

stjórnvaldsákvarðanir á sviði erlendrar fjárfestingar muni styðjast við sem víðfeðmasta faglega og pólitíska ráðgjöf. Þess er að vænta að erlend fjárfesting muni einkum koma til álita á sviði iðnaðar, viðskipta og verslunar og fiskvinnslu. Því er eðlilegt að iðnaðarráðherra, viðskiptaráðherra og sjávarútvegsráðherra tilnefni menn til setu í nefndinni. Rökin fyrir því að utanríkisráðherra tilnefni mann til setu í nefndinni eru þau annars vegar að hann fer með utanríkisviðskiptamál og hins vegar þau að æskilegt er í sumum tilvikum að í nefndinni sitji fulltrúi tilnefndur af utanríkisráðherra, svo sem þegar mat er lagt á það hvort leyfa eigi fjárfestingu erlends ríkis eða erlends ríkisfyrirtækis, sbr. 6. tölul. 4. gr., og þegar mat er lagt á það hvort tiltekin erlend fjárfesting ógni öryggi landsins, sbr. 10. tölul. 4. gr. Aðild fulltrúa tilnefnds af dómsmálaráðherra að nefndinni er með sama hætti æskileg bæði vegna mats á hugsanlegri ógnun við öryggi landsins og vegna aðildar dómsmálaráðuneytisins að málum sem varða fasteignaréttindi.

Um 11. gr.

Hér er lagt til að brot gegn ákvæðum laganna og reglum settum samkvæmt þeim varði sektum eða fangelsi allt að fjórum árum og að mál út af brotum á lögunum fari að hætti opinberra mála.

Meðal brota gegn lögunum má nefna að ekki sé tilkynnt um erlenda fjárfestingu eða fjármagnsflutninga vegna hennar, að ekki séu virtar fjárfestingartakmarkanir 4. gr. og að leyfis viðskiptaráðherra sé ekki leitað til erlendrar fjárfestingar þegar skylt er. Refsiábyrgðin getur eftir atvikum og almennum reglum ýmist legið hjá erlendum og/eða innlendum aðilum.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Drög III
26.06.1990

FRUMVARP TIL LAGA
um breytingu á lögum nr. 33/1922 um rétt til fiskveiða í landhelgi, lögum nr. 26/1949 um hvalveiðar og ýmsum fleiri lögum er varða fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi.

1. gr.
1. gr. laga nr. 33/1922, um rétt til fiskiveiða í landhelgi, orðist svo:

Fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands mega einir stunda íslenskir ríkisborgarar og lögaðilar sem eiga heimili hér á landi og eru að öllu leyti í eigu íslenskra ríkisborgara eða annarra íslenskra aðila.

2. gr.
2. gr. laga nr. 33/1922, um rétt til fiskiveiða í landhelgi, orðist svo:

Til fiskveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands má aðeins hafa íslenska báta eða skip, en íslenskir nefnast í lögum þessum þeir bátar eða skip sem skráð eru hér á landi.

3. gr.
8. gr. og 11. gr. laga nr. 33/1922, um rétt til fiskiveiða í landhelgi, falla niður.

4. gr.
1. gr. laga nr. 26/1949, um hvalveiðar, breytist þannig:
a. 2. málsl. 1. mgr. 1. gr. orðist svo:
Slík leyfi má aðeins veita aðilum er fullnægja skilyrðum til að mega stunda fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.
b. 2. mgr. 1. gr. falli niður.

5. gr.
2. gr. laga nr. 123/1989 um uppboðsmarkað fyrir sjávarafla, orðist svo:

Leyfi til reksturs uppboðsmarkaðar má einungis veita aðilum sem fullnægja eftirfarandi skilyrðum:
a. Hafa íslenskan ríkisborgararétt og eru búsettir hér á landi. Erlendur ríkisborgari, sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það í a.m.k. eitt ár, skal þó vera undanþeginn skilyrði um íslenskt ríkisfang.
b. Eru fjárráða.
c. Hafa forræði á búi sínu.

Ennfremur má veita hlutafélögum eða öðrum lögaðilum leyfi til reksturs, enda uppfylli stjórnarmenn og framkvæmdastjórar lögaðila skilyrði b og c liða 1. mgr. hér að framan. Sé um að ræða erlendan aðila eða íslenskan lögaðila sem erlendur aðili á hlut í skal auk þess fullnægt þeim skilyrðum sem sett kunna að vera í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi.

6. gr.

10. gr. námulaga, nr. 24/1973, orðist svo:

Rétt er ráðherra að veita sérleyfi til leitar og vinnslu jarðefna hér á landi, enda sé fullnægt ákvæðum 7., 8. og 9. gr. laga þessara ef um einkaeign er að ræða. Sé um að ræða erlendan aðila eða íslenskan lögaðila sem erlendur aðili á hlut í skal ennfremur fullnægt þeim skilyrðum sem sett kunna að verða í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi.

7. gr.

1. mgr. 10. gr. laga nr. 57/1956, um prentrétt, orðist svo:

Útgefandi blaðs eða tímarits, sem gefið er út hér á landi, skal vera íslenskur ríkisborgari, fjárráða og með forræði á búi sínu og búsettur hér á landi, félag eða annar lögaðili. Erlendur ríkisborgari, sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það í a.m.k. eitt ár, skal þó vera undanþeginn skilyrði um íslenskt ríkisfang. Um heimildir erlends aðila eða íslensks lögaðila, sem erlendur aðili á hlut í, til að gefa út hér á landi blað eða tímarit, fer samkvæmt lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi.

8. gr.

2. tölul. 2. mgr. 3. gr. útvarpslaga, nr. 68/1985, orðist svo:

Um heimildir erlends aðila eða íslensks lögaðila, sem erlendur aðili á hlut í, til að reka útvarpsstöð hér á landi fer samkvæmt lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi.

9. gr.

Í stað 1. málsl. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 86/1985, um viðskiptabanka, komi tveir málsliðir, svohljóðandi:

Hlutafé í hlutafélagsbanka skal skiptast í a.m.k. 50 hluti og nema minnst 100.000.000 kr. Um heimildir erlends aðila til að eiga hlut í hlutafélagsbanka fer samkvæmt lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi.

10. gr.

3. gr. iðnaðarlaga, nr. 42/1978, breytist þannig:

a. Við 1. tölul. 3. gr. bætist: Erlendur ríkisborgari, sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það í a.m.k. eitt ár, skal þó vera undanþeginn skilyrði um íslenskt ríkisfang.
b. Síðari málsliður 6. tölul. 3. gr. orðist þannig: Iðnaðarráðherra gefur undanþágur frá ríkisfangsskilyrði 1. tölul. og ákvæðum 4. og 5. tölul.

11. gr.
4. gr. iðnaðarlaga, nr. 42/1978, orðist svo:

Nú vill félag eða annar lögaðili reka iðnað og getur þá slíkur lögaðili fengið til þess leyfi, enda uppfylli framkvæmdastjórar og stjórnarmenn lögaðila og, sé um að ræða félag þar sem allir eða sumir félagsmanna bera fulla ábyrgð á skuldbindingum félagsins, þeir félagsmanna, sem fulla ábyrgð bera á skuldbindingum félagsins, skilyrði 2.-6. tölul. 3. gr. Sé um að ræða erlendan aðila eða íslenskan lögaðila sem erlendur aðili á hlut í skal ennfremur fullnægt þeim skilyrðum sem sett kunna að verða í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi.

Iðnaðarráðherra getur veitt undanþágu frá þeim skilyrðum er greinir í 4. og 5. tölul. 3. gr.

12. gr.
Við 1. tölul. 4. gr. laga nr. 41/1968, um verslunaratvinnu, bætist:

Erlendur ríkisborgari, sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það í a.m.k. eitt ár, skal þó vera undanþeginn skilyrði um íslenskt ríkisfang.

13. gr.
5. gr. laga nr. 41/1968, um verslunaratvinnu, orðist svo:

Félag eða annar lögaðili á rétt á verslunarleyfi eða endurnýjun verslunarleyfis, enda uppfylli framkvæmdastjórar og stjórnarmenn lögaðila og, sé um að ræða félag þar sem allir eða sumir félagsmanna bera fulla ábyrgð á skuldbindingum félagsins, þeir félagsmanna, sem fulla ábyrgð bera á skuldbindingum félagsins, skilyrði 2. og 4. tölul. 4. gr. Þá skal einn stjórnarmanna og framkvæmdastjóri jafnframt fullnægja skilyrðum 3. tölul. 4. gr. Sé um að ræða erlendan aðila eða íslenskan lögaðila sem erlendur aðili á hlut í skal enn fremur fullnægt þeim skilyrðum sem sett kunna að verða í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi.

14. gr.
5. mgr. 10. gr. laga nr. 41/1968, um verslunaratvinnu, orðist svo:

Heimilt er ráðherra að veita undanþágu frá ríkisfangsskilyrði 1. tölul. 4. gr.

15. gr.
9. gr. laga nr. 26/1982, um atvinnuréttindi útlendinga, breytist þannig:

a. Upphaf 1. mgr. 9. gr. orðist svo:
   Útlendingi, sem búsettur hefur verið hér á landi skemur en eitt ár, er óheimilt ...

b. 1. tölul. 2. mgr. 9. gr. orðist svo:
1. umsækjandi eigi lögheimili á Íslandi.

16. gr.

Við 2. mgr. 14. gr. laga nr. 50/1978, um vátryggingarstarfsemi, bætist:

Ennfremur skal fullnægt þeim skilyrðum sem sett kunna að verða í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi.

17. gr.

Við 2. mgr. 34. gr. laga nr. 50/1978, um vátryggingarstarfsemi, bætist:

Sé um að ræða íslenskan lögaðila sem erlendur aðili á hlut í er leyfisveiting háð því að fullnægt sé þeim skilyrðum sem sett kunna að verða í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi.

Ath. skrásetning. n 27. gr.

18. gr.

Við 84. gr. laga nr. 34/1964, um loftferðir, bætist ný málsgrein er verði 4. mgr. 84. gr., svohljóðandi:

Sé um að ræða erlendan aðila eða íslenskan lögaðila sem erlendur aðili á hlut í er leyfi til loftferðastarfsemi háð því að fullnægt sé þeim skilyrðum sem sett kunna að verða í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi.

19. gr.

15. gr. laga nr. 79/1985, sbr. 4. gr. laga nr. 59/1988, um skipulag ferðamála, breytist þannig:

a. 1. mgr. 15. gr. orðist svo:
Skilyrði til að geta öðlast leyfi til reksturs ferðaskrifstofu er að leyfishafi uppfylli eftirtalin skilyrði:
a. Sé búsettur hér á landi.
b. Sé fjárráða og hafi forræði á búi sínu.

b. 3. mgr. 15. gr. orðist svo:
Leyfi má veita félagi eða öðrum lögaðila, enda sé framkvæmdastjóri slíks lögaðila fjárráða og hafi forræði á búi sínu. Sé um að ræða erlendan aðila eða íslenskan lögaðila sem erlendur aðili á hlut í er leyfisveiting þó háð því að fullnægt sé þeim skilyrðum sem sett kunna að verða í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi.

20. gr.

1. og 2. mgr. 2. gr. laga nr. 67/1985, um veitinga- og gististaði, orðist svo:

Til þess að öðlast leyfi samkvæmt lögum þessum þarf umsækjandi að:

a. Vera búsettur hér á landi.
b. Vera fjárráða og hafa forræði á búi sínu.

Leyfi samkvæmt lögum þessum má veita félagi eða öðrum lögaðila, enda sé framkvæmdastjóri slíks lögaðila fjárráða og hafi forræði á búi sínu. Sé um að ræða erlendan aðila eða íslenskan lögaðila sem erlendur aðili á hlut í er leyfisveiting þó háð því að fullnægt sé þeim skilyrðum sem sett kunna að verða í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi.

21. gr.

Við 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 34/1986, um fasteigna- og skipasölu, bætist:

Erlendur ríkisborgari, sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það í a.m.k. eitt ár, skal þó vera undanþeginn skilyrði um íslenskt ríkisfang.

22. gr.

Við a-lið 1. mgr. 3. gr. laga nr. 20/1989, um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði bætist:

Ríkisborgari frá ríki utan Norðurlanda, sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það í að minnsta kosti eitt ár, skal þó vera undanþeginn skilyrði um norrænt ríkisfang.

23. gr.

Við 2. mgr. 5. gr. laga nr. 87/1985, um sparisjóði, bætist:

Erlendur ríkisborgari, sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það í að minnsta kost eitt ár, skal þó vera undanþeginn skilyrði um íslenskt ríkisfang.

24. gr.

Við 4. tölul. 9. gr. og 4. tölul. 14. gr. laga nr. 61/1942, um málflytjendur, bætist:

Erlendur ríkisborgari, sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það í að minnsta kosti eitt ár, skal þó vera undanþeginn skilyrði um íslenskt ríkisfang.

25. gr.

Við 1. tölul. 2. gr. laga nr. 74/1938, um löggilta niðurjöfnunarmenn sjótjóns, bætist:

Erlendur ríkisborgari, sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það í a.m.k. eitt ár, skal þó vera undanþeginn skilyrði um íslenskt ríkisfang.

26. gr.

Við 2. gr. laga nr. 58/1976, um sjúkraþjálfun, bætist:

Erlendur ríkisborgari, sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það í a.m.k. eitt ár, skal þó vera undanþeginn skilyrði um íslenskt ríkisfang.

27. gr.

Við 2. gr. laga nr. 75/1977, um iðjuþjálfun, bætist:

Erlendur ríkisborgari, sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það í a.m.k. eitt ár, skal þó vera undanþeginn skilyrði um íslenskt ríkisfang.

28. gr.

Við 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 35/1978, um lyfjafræðinga, bætist:

Erlendur ríkisborgari, sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það í að minnsta kosti eitt ár, skal þó vera undanþeginn skilyrði um íslenskt ríkisfang.

29. gr.

Við 1. tölul. 3. gr. laga nr. 48/1933, um leiðsögu skipa, bætist:

Erlendur ríkisborgari, sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það í að minnsta kosti eitt ár, skal þó vera undanþeginn skilyrði um íslenskt ríkisfang.

30. gr.

Aftan við 1. málsl. 2. gr. laga nr. 17/1984, um sjóntækjafræðinga, bætist nýr málsliður er verði 2. málsl. 2. gr., svohljóðandi:

Erlendur ríkisborgari, sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það í að minnsta kosti eitt ár, skal þó vera undanþeginn skilyrði um íslenskt ríkisfang.

31. gr.

1. gr. laga nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, orðist svo:

Enginn má öðlast eignarrétt eða afnotarétt yfir fasteignum á landi hér, þar á meðal veiðirétt, vatnsréttindi eða önnur fasteignaréttindi, hvort sem er fyrir frjálsa afhendingu eða nauðungarráðstöfun, hjúskap, erfðir eða afsal, nema þeim skilyrðum sé fullnægt sem nú skal greina:

1. Ef einstakur maður er þá skal hann vera íslenskur ríkisborgari eða hafa búið á Íslandi samfellt í að minnsta kosti eitt ár.
2. Ef fleiri menn eru með í félagi og ber hver fulla ábyrgð á skuldum félagsins þá skulu þeir allir vera íslenskir ríkisborgarar eða hafa búið á Íslandi samfellt í a.m.k. eitt ár.
3. Ef félag er, og bera sumir fulla, en sumir takmarkaða ábyrgð á skuldum félagsins þá skulu þeir er fulla ábyrgð bera allir vera íslenskir ríkisborgarar eða hafa búið á Íslandi samfellt í að minnsta kosti eitt ár.
4. Ef félag er, þar sem enginn félaga ber fulla ábyrgð á skuldum félagsins, eða stofnun, þá skal félagið eða

stofnunin eiga hér heimilisfang og varnarþing og stjórnendur allir vera íslenskir ríkisborgarar eða hafa búið á Íslandi samfellt í að minnsta kosti eitt ár. Í hlutafélögum skulu 4/5 hlutar hlutafjár vera eign íslenskra ríkisborgara og íslenskir ríkisborgarar fara með meirihluta atkvæða á hluthafafundum.

Nú eru skilyrði þau eigi fyrir hendi, er í 1.-4. tölulið 1. mgr. segir, og er ráðherra þá rétt að veita leyfi ef ástæða þykir til. Eigi þarf þó leyfi:

1. Ef um er að ræða leigu á fasteign eða réttindi yfir henni, sé leigutími eða annar réttindatími 3 ár eða skemmri eða sé uppsögn áskilin með eigi lengri en árs fyrirvara.
2. Ef aðili, sem ekki fullnægir skilyrðum 1.-4. töluliðar 1. mgr. en hefur rétt til þess að stunda atvinnurekstur hér á landi, öðlast eignarrétt eða afnotarétt yfir fasteign til beinnar notkunar í atvinnustarfseminni, enda fylgi henni einungis venjuleg lóðarréttindi, en ekki önnur réttindi, svo sem veiðiréttur eða vatnsréttindi.

Leggja skal fyrir dómsmálaráðuneytið samninga, afsöl eða önnur heimildarskjöl vegna gerninga sem um ræðir í 2. tölulið 2. mgr. og öðlast gerningurinn eigi gildi fyrr en ráðuneytið hefur staðfest hann með áritun sinni.

32. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt sem fylgifrumvarp með frumvarpi til laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi.

Breytingar frumvarpsins miða allar að því að rýmka gildandi lög hvað snertir fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi í samræmi við meginreglur í frumvarpi um það efni. Er í mörgum tilvikum vísað til þess.

Um 1.-3. gr.

Vísað er til athugasemda við 1. og 2. tölul. 4. gr. frumvarps til laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi.

Um 4. gr.

Hér er lagt til að samræmi verði komið á varðandi það hverjir stunda mega fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands annars vegar og hverjum veita megi leyfi samkvæmt lögum um hvalveiðar hins vegar.

Um 5. gr.

Hér er lagt til að á 2. gr. laga nr. 123/1989, um uppboðsmarkað fyrir sjávarafla, verði nokkrar breytingar. Til þess að geta fengið leyfi til reksturs uppboðsmarkaðar, nægi að íslenskur ríkisborgari sé búsettur hér á landi. Í öðru lagi verður erlendur ríkisborgari, sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það í a.m.k. eitt ár, undanþeginn skilyrði um íslenskt ríkisfang og í þriðja og síðasta lagi má veita erlendum aðila eða íslenskum lögaðila með erlendri eignaraðild leyfi til reksturs uppboðsmarkaðar sé fullnægt þeim skilyrðum sem sett kunna að vera í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi.

Um 6. gr.

Hér er lagt til að heimild ráðherra til að veita erlendum aðila eða íslenskum lögaðila, sem erlendur aðili á hlut í, sérleyfi til leitar eða vinnslu jarðefna takmarkist einungis af ákvæðum laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi.

Um 7. gr.

Sú breyting, sem hér er lagt til að gerð verði á lögum um prentrétt, lýtur annars vegar að því að undanþiggja erlendan ríkisborgara, sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það í a.m.k. eitt ár, skilyrði fyrir íslensku ríkisfangi til að mega gefa út blað eða tímarit og hins vegar að því að vísa til ákvæða laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi að því er varðar efnisreglur um heimildir erlends aðila til að gefa út hér á landi blað eða tímarit. Vísast í því sambandi sérstaklega til athugasemda við 4. tölul. 4. gr. meginfrumvarpsins.

Um 8. gr.

Hér er lagt til að niður falli úr útvarpslögum efnisregla varðandi heimila erlenda fjárfestingu í útvarpsrekstri hér á landi, en þess í stað sé í útvarpslögum vísað til ákvæða laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi. Vísast í því sambandi sérstaklega til athugasemda við 4. tölul. 4. gr.meginfrumvarpsins.

Um 9. gr.

Hér er lagt til að úr viðskiptabankalögum falli ákvæði til takmörkunar á erlendri eignaraðild en þess í stað verði í lögunum vísað til ákvæða laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi. Vísast í því sambandi sérstaklega til athugasemda við 5. tölul. 4.gr. meginfrumvarpsins.

Um 10. gr.

Hér er lagt til að á 3. gr. iðnaðarlaga verði annars vegar sú breyting að erlendur ríkisborgari, sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það í a.m.k. eitt ár, skuli undanþeginn skilyrði um íslenskt ríkisfang, sem einstaklingur þarf að fullnægja til að geta fengið iðnaðarleyfi, og hins vegar sú breyting að iðnaðarráðherra geti ekki lengur veitt einstaklingi, sem sækir um

iðnaðarleyfi, undanþágu frá búsetuskilyrði. Síðari breytingin byggist á þeirri almennu stefnu frumvarpsins að erlendur einstaklingur, sem hér vill reka sjálfstæða einstaklingsatvinnustarfsemi, þurfi að vera búsettur hér á landi.

Um 11. gr.

Hér er lagt til að niður falli úr iðnaðarlögum ákvæði sem takmarka heimildir erlendra aðila eða íslenskra lögaðila með erlendri eignaraðild til fjárfestinga í iðnaði, en þess í stað verði í iðnaðarlögum vísað til ákvæða laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi. Af því leiðir að ekki verða settar neinar takmarkanir fyrir fram við erlendri fjárfestingu í iðnaði þótt slík fjárfesting kunni að sæta takmörkunum skv. 4. gr. meginfrumvarpsins.

Um 12.-14. gr.

Hér er lagt til að á lögum um verslunaratvinnu verði gerðar breytingar sama efnis og lagt er til í 10. gr. og 11. gr. að gerðar verði á iðnaðarlögum. Vísast til athugasemda við þær greinar frumvarpsins.

Um 15. gr.

Samkvæmt 9. gr. laga nr. 26/1982, um atvinnuréttindi útlendinga, er útlendingi óheimilt að vinna sjálfstætt eða starfrækja atvinnufyrirtæki án leyfis félagsmálaráðherra (atvinnurekstrarleyfi), nema þar sem starfinn er framkvæmdur samkvæmt sérstakri löggildingu eða leyfi annarra stjórnvalda lögum samkvæmt. Í a-lið 8. tölul. 4. gr. meginfrumvarpsins segir að leyfi viðskiptaráðherra þurfi til þess að einstaklingur, sem búsettur er erlendis, megi vinna hér sjálfstætt eða starfrækja eigið atvinnufyrirtæki. Í þessari grein frumvarpsins er lagt til að áskilnaður 9. gr. laga nr. 26/1982 um leyfi frá félagsmálaráðherra takmarkist við þá útlendinga, þ.e. erlenda ríkisborgara sem búsettir hafa verið hér á landi í minna en eitt ár. Viðskiptaráðherra fer þá með slík mál einstaklinga sem búsettir eru erlendis, nema veiting undanþágu frá búsetuskilyrði sé falin öðrum, enda eiga þau mál fremur skylt við erlenda fjárfestingu.

Um 16.-17. gr.

Hér er lagt til að í lög um vátryggingarstarfsemi bætist vísan til þeirra skilyrða sem sett kunni að vera í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi.

Um 18. gr.

Hér er lagt til að í lög um loftferðir bætist ákvæði þess efnis að leyfi til loftferðastarfsemi skuli, þegar um er að ræða erlendan aðila eða íslenskan lögaðila með erlendri eignaraðild, vera háð því að fullnægt sé þeim skilyrðum sem sett kunni að vera í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi.

Um 19. gr.

Samkvæmt lögum nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, má veita íslensku félagi eða fyrirtæki leyfi til reksturs ferðaskrifstofu, enda sé stjórnin innlend. Ekkert virðist því til fyrirstöðu að veita megi íslensku atvinnufyrirtæki leyfi þótt erlendir aðilar eigi þar meiri hluta. Hins vegar leyfa lögin ekki að erlendum aðila sé veitt leyfi til reksturs ferðaskrifstofu í eigin nafni.

Í 19. gr. frumvarpsins er lagt til að 15. gr. laga nr. 79/1985, sbr. 4. gr. laga nr. 59/1988, um skipulag ferðamála, breytist á þá lund að heimilt verði að veita hvort heldur erlendum aðila eða íslenskum lögaðila með erlendri eignaraðild leyfi til reksturs ferðaskrifstofu, sé auk almennra skilyrða laganna um skipulag ferðamála fullnægt þeim skilyrðum sem sett kunna að vera í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi.

Samkvæmt lögum nr. 79/1985 er það ekki skilyrði fyrir því að veita megi einstaklingi leyfi til reksturs ferðaskrifstofu að hann sé íslenskur ríkisborgari og er ekki gerð tillaga um breytingu þar á.

Um 20. gr.

Hér er lagt til að á lögum nr. 67/1985, um veitinga- og gististaði, verði gerðar sams konar breytingar og á lögum um skipulag ferðamála, sbr. 19. gr. frumvarpsins. Vísast til athugasemda með þeirri grein.

Um 21.-30. gr.

Erlendur ríkisborgari, sem er búsettur hér á landi, er ekki erlendur aðili í skilningi frumvarpsins um erlenda fjárfestingu. Því má segja að það falli í raun utan viðfangsefnisins að huga yfirleitt að því hvaða reglur gildi um heimildir erlendra ríkisborgara, sem hér eru búsettir, til þess að stunda atvinnustarfsemi hér á landi. Á móti kemur að þar sem búseta en ekki ríkisfang er samkvæmt frumvarpinu lögð til grundvallar varðandi skilgreiningu á því hvort einstaklingur telst erlendur aðili eða ekki væri rökrétt að einstaklingar, sem búsettir eru hér á landi, sætu að því er varðar rétt til að stunda atvinnustarfsemi hér á landi við sama borð óháð ríkisfangi. Þessu er þó í reynd mjög misjafnlega háttað. Stundum er íslenskur ríkisborgararéttur einstaklings óundanþægt skilyrði fyrir því að hann megi stunda tiltekna atvinnustarfsemi þótt hún sé ekki háð leyfi eða skilyrði fyrir því að hann geti fengið löggildingu eða leyfi til að stunda viðkomandi starfsemi. Í öðrum tilvikum er krafist íslensks ríkisfangs, en það skilyrði samt undanþægt, sbr. t.d. skilyrði fyrir iðnaðarleyfi og verslunarleyfi. Loks er um að ræða ýmis svið þar sem það er ekki skilyrði fyrir rétti til sjálfstæðra starfa eða starfrækslu að viðkomandi einstaklingur eða leyfishafi sé íslenskur ríkisborgari. Nefna má leyfi til reksturs ferðaskrifstofu, leyfi til reksturs veitinga- eða gististaðar og skilyrði til að starfa sem læknir, tannlæknir, verkfræðingur,

tæknifræðingur, löggiltur endurskoðandi og sálfræðingur.

Í þessu frumvarpi er hvorki lagt til að ríkisfangsskilyrði verði afnumin í þeim fjölmörgu lögum þar sem þau er nú að efinna né lagt til að þau verði tekin upp þar sem þau eru eekki gerð í dag enda má vera að misræmi það sem nú ríkir styðjist stundum við gild sjónarmið. En í 21.-30. gr. frumvarpsins og reyndar einnig í 5. gr., 11. gr. og 13. gr. frumvarpsins er gerð tillaga um að við þau lög, sem þar eru greind, bætist ákvæði þess efnis að erlendur ríkisborgari, sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það í a.m.k. eitt ár, skuli vera undanþeginn skilyrði því um íslenskt ríkisfang sem viðkomandi lög geyma ákvæði um. Rétt er þó að taka fram að ekki er lagt til að ákvæði laga um rétt til fiskveiða í landhelgi eða ákvæði laga um skráningu skips eða loftfara breytist að þessu leyti. Þótt erlendur ríkisborgari, sem hér er búsettur, verði þannig í sumum tilvikum undanþeginn ríkisfangsskilyrði þarf hann að sjálfsögðu eftir sem áður að fullnægja öðrum lagaskilyrðum.

Um 31. gr.

Breytingin er samhljóða 11. tl. 4. gr. meginfrumvarpsins. Vísast til athugasemda við 11. tl. 4. gr. varðandi efnisbreytingu þá sem lagt er til að gerð verði á 1. gr. laga nr. 19/1966.

Um 32. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Ferðamálaráð Íslands

ICELAND TOURIST BOARD
ISLANDS TURISTRÅD

Reykjavík 3. ágúst 1990

Hr. Jón Sveinsson
aðstoðarmaður forsætisráðherra
Stjórnarráðshúsinu
150 Reykjavík

Vísað er til bréfs yðar frá 2. júlí 1990.

Stjórn ferðamálaráðs hefur rætt málið lauslega. Vegna sumarfría eru fáir fundir nú yfir sumartímann. Málið hefur verið sett á dagskrá næsta fundar, sem verður 16. ágúst.
Ljóst er því að umsögn ferðamálaráðs verður ekki tilbúinn fyrir 15. ágúst.
Ferðamálaráð leyfir sér því að óska eftir að fá lengri skilafrest vegna umsagnar um þessi mikilvægu frumvörp.

Virðingarfyllst,

Ferðamálaráð Íslands,

Magnús Oddsson

SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA
ASSOCIATION OF ICELANDIC INSURANCE COMPANIES

SUÐURLANDSBRAUT 6

REYKJAVÍK

TEL. 681612

S/247

10. ágúst 1990.

Forsætisráðuneytið,
b.t. hr. Jóns Sveinssonar, aðstoðarmanns forsætisráðherra,
Stjórnarráðshúsinu,
150 Reykjavík.

Með bréfi yðar dags. 2. júlí s.l. er óskað umsagnar Sambands íslenskra tryggingafélaga um drög að tveimur lagafrumvörpum, þ.e. í fyrra lagi frumvarpsdrög varðandi fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi og í síðara lagi frumvarpsdrög varðandi breytingar á ýmsum lögum, er snúa að fjárfestingum erlendra aðila hérlendis. Í greindu bréfi yðar er óskað umsagnar í síðasta lagi 15. þ.m.

Samband íslenskra tryggingafélaga mun tjá sig um málefni þessi, sem enn eru í athugun hjá S.Í.T. Stefnt er að því að stjórn S.Í.T. afgreiði málið að sínu leyti á fundi þann 22. þ.m. Látin er í ljós sú von, að þessi töf komi eigi að sök.

Virðingarfyllst,
SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA

Sigmar Ármannsson

# Þróunarfélag Íslands hf.
Icelandic Finance and Investment PLC.

Hr. aðst.m. forsætisráðherra
Jón Sveinsson lögfr.
Forsætisráðuneytinu

Reykjavík, 15.08.90

Með bréfi dagsettu 2.júlí s.l. var óskað eftir umsögn undirritaðs á tveimur frumvörpum til laga er varða erlenda fjárfestingu á Íslandi.

Eftir yfirlestur frumvarpsdraganna vill undirritaður gefa eftirfarandi umsögn:

Ég tel að frumvörpin séu góð hvað "anda" lagafrumvarpanna varðar. Ekki er lagður neinn dómur á lagatæknilegan þátt málsins.

Undirritaður hefur beitt sér fyrir stofnun á fyrirtæki hér á landi sem að yfirgnæfandi meirihluta er í eigu erlendra aðila og fengist við þau vandamál sem leysa þurfti hér innanlands til að svo mætti verða. Ég hef einnig staðið að stofnun alíslenskra fyrirtækja í Vestur Þýskalandi,Bandaríkjunum og Kanada. Með hliðsjón af þeirri reynslu sem ég hef fengið í "erlendri" fjárfestingu með stofnun þessara fyrirtækja er framangreind umsögn gefin.

Mér virðist að með drögunum eins og þau liggja fyrir nú, hafi tekist að fara þá millileið sem annnarsvegar gerir mögulegt að fá erlent áhættufé inn í íslenskt atvinnulíf en sem jafnframt tryggir að yfirráð yfir auðlindum landsmanna haldist í þeirra höndum. Að mati undirritaðs gengur frumvarpið í öllum megindráttum hvorki of langt eða of skammt miðað við aðstæður hér á landi.

Virðingarfyllst.

Gunnl. M. Sigmundsson

Gunnlaugur M. Sigmundsson

Suðurlandsbraut 22, 108 Reykjavík. Tel. 354-(9) 1-688266 Telex 3000 Att: Icefin

LANDSBRÉF

20. ágúst 1990

Hr. Jón Sveinsson
Forsætisráðuneytið
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg
101 Reykjavík

Umsögn um frumvarp til laga um fjárfestingu
erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi.

---

Undirritaður hefur farið yfir tilvitnað frumvarp og er sammála innihaldi frumvarpsins í öllum meginatriðum og telur að verði það að lögum sé mikið framfaraspor stigið.

Sé það hins vegar haft í huga að einn megintilgangur frumvarpsins er að laða að erlent áhættufé til að styrkja íslenskt atvinnulíf, er mikilvægt að andi hinna verðandi laga sé sem jákvæðastur og eyði sem mest tortryggni og kvíða (skapi traust) hjá hinum erlendu fjárfestum. Í ljósi þessa er nauðsynlegt að skilgreina betur í 10. gr. frumvarpsins hvað nefnd um erlenda fjárfestingu geti talið að ógni öryggi landsins eða hafi óæskileg áhrif á atvinnulíf í landinu.

Þá er í sama tilgangi nauðsynlegt að umorða eða endurraða innihaldi 11. gr. þannig að greinin verði jákvæðari. Eðlilegra væri að byrja á 2. mgr., 2. tl. með því að segja:

> "Aðili sem rétt hefur til þess að stunda atvinnurekstur hér á landi, öðlast eignarrétt eða afnotarétt yfir fasteign til beinnar notkunar í atvinnustarfsemi, enda fylgi henni einungis venjuleg lóðarréttindi, en ekki önnur réttindi, svo sem veiðiréttur eða vatnsréttindi."

Í framhaldinu í 11. gr. væri svo rétt að fjalla um það hvernig verða má sér úti um aukin eignarrétt eða afnotarétt yfir fasteign.

Undirritaður þakkar fyrir að fá tækifæri til að tjá sig um frumvarpið og vonar að framangreindar ábendingar komi að gagni.

Virðingarfyllst

Gunnar Helgi Hálfdanarson
forstjóri

Landsbréf hf. · Suðurlandsbraut 24 · 108 Reykjavík
Sími: 91-606080 · Fax: 91-678598
Verðbréfamarkaður Landsbankans · Aðili að Verðbréfaþingi Íslands

**SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA**

**ASSOCIATION OF ICELANDIC INSURANCE COMPANIES**

SUÐURLANDSBRAUT 6

REYKJAVÍK

TEL. 681612

S/249

22. ágúst 1990.

Forsætisráðuneytið,
b.t. hr. Jóns Sveinssonar, aðstoðarmanns forsætisráðherra,
Stjórnarráðshúsinu,
150 Reykjavík.

Efni: Um lagafrumvarpsdrög varðandi fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi og lagafrumvarpsdrög varðandi breytingar á ýmsum lögum, er snerta fjárfestingu erlendra aðila hérlendis.

Með bréfi forsætisráðuneytisins til Sambands íslenskra tryggingafélaga, dags. 2. júlí s.l., er óskað umsagnar eða athugasemda við tvenn lagafrumvarpsdrög, þ.e. annars vegar drög að almennu frumvarpi til laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi og hins vegar drög að lagafrumvarpi til breytinga á ýmsum lögum, er snúa að fjárfestingu erlendra aðila í atvinnustarfsemi hér á landi, þ.m.t. í vátryggingarstarfsemi. Stjórn Sambands íslenskra tryggingafélaga þakkar, að S.Í.T. skuli gefinn kostur á því að tjá sig um málefni þetta, og leyfir sér að hreyfa eftirfarandi atriðum:

1. Heimildir um fjárfestingu erlendra aðila hér á landi hljóta fyrst og fremst að mótast af pólitískum ákvörðunum stjórnvalda á hverjum tíma. Óumdeilt hlýtur þó að vera, að nauðsyn beri til að endurskoða gildandi reglur í þessum efnum og rýmka þær, ekki síst í ljósi þeirrar efnahagslegu þróunar, sem að undanförnu hefur orðið meðal ríkja Evrópubandalagsins og þeirra viðræðna, sem staðið hafa yfir milli EFTA og EB um stofnun sameiginlegs markaðssvæðis aðildarríkja samtakanna. Þá er því við að bæta, að ákvæði íslenskra laga um heimildir erlendra aðila til að fjárfesta hérlendis eru í fyrsta lagi mjög dreifð og í annan stað afar mismunandi og ósamkvæm að efni. Er því löngu tímabært að ganga þannig frá löggjöfinni, að hún veiti auðvelda yfirsýn yfir gildandi rétt á þessu sviði og að heimildir, eða eftir atvikum takmarkanir, erlendra aðila til þátttöku í einstökum atvinnugreinum, séu samræmdar milli atvinnugreina eins

og kostur er, og þannig komið í veg fyrir óeðlilega mismunun á rekstrarskilyrðum atvinnugreina. Ekki verður betur séð en að þau lagafrumvarpsdrög, sem hér eru til umfjöllunar, séu til þess fallin að afmarka allvel og rýmka nokkuð gildandi rétt, yrðu þau að lögum, þótt sjálfsagt þyki ýmsum ástæða til að ganga lengra í þessum efnum heldur en frumvarpsdrögin gera. Miðað við ofanritað lýsir því stjórn Sambands íslenskra tryggingafélaga stuðningi við meginefni frumvarpsdraganna.

2. Í lögum nr. 50/1978 um vátryggingarstarfsemi er ráð fyrir því gert, að erlend vátryggingarfélög geti fengið starfsleyfi hér á landi. Telja verður að heimildir ráðherra til að veita erlendum aðilum leyfi til vátryggingarstarfsemi séu afar rúmar, og hafi hann í raun næsta frjálsar hendur í þeim efnum, ef frá eru talin nokkur formskilyrði laganna, s.s. um skráningu félagsins, fasta atvinnustöð þess og varnarþing hér á landi. Í þeim lagafrumvarpsdrögum, sem hér eru til umfjöllunar, er lögð til sú breyting á lögum nr. 50/1978 um vátryggingarstarfsemi, að til viðbótar þeim kröfum, sem í þeim lögum er nú að finna, skuli ennfremur fullnægt þeim skilyrðum, sem sett kunna að verða í almennum lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi. Hið sama skuli og gilda, ef um er að ræða íslenskt félag, sem erlendur aðili á hlut í, þ.e. að leyfisveiting í því tilfelli skuli einnig háð því, að fullnægt sé skilyrðum laga um fjárfestingu erlendra aðila á Íslandi. Yfirlýst markmið lagafrumvarpsdraganna, sem hér eru til umfjöllunar, er m.a. að rýmka heimildir erlendra aðila til þátttöku í íslenskum atvinnurekstri. Þessar breytingartillögur á lögum nr. 50/1978 um vátryggingarstarfsemi geta í raun vart talist rýmkun frá gildandi rétti, þar sem heimildir erlendra aðila til að hasla sér völl í þessari atvinnugrein er skv. laganna hljóðan allopin nú, eins og áður hefur verið drepið á. Á hinn bóginn eru breytingar af þessu tagi til þess fallnar að samræma skilyrði gagnvart erlendum aðilum í vátryggingarrekstri við það sem tíðkast á um fjárfestingu erlendra aðila í öðrum atvinnurekstri hér á landi. Ákvæði þessi stuðla því að frekari jafnræði milli atvinnugreina, og lýsir stjórn Sambands íslenskra tryggingafélaga sig samþykka því, að þessar breytingar verði gerðar á lögum nr. 50/1978 um vátryggingarstarfsemi samhliða gildistöku almennrar löggjafar um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi.

3. Meðal atriða, sem líta verður til, þegar ræddar eru heimildir erlendra aðila til að fjárfesta í atvinnurekstri hér á landi, er gagnkvæmni, þ.e.a.s. að íslenskir aðilar njóti sambærilegra réttinda í heimaríki þess erlenda aðila, er hér hyggst fjárfesta. Í 9. tölulið 4. gr. frumvarpsdraganna um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi segir, að viðskiptaráðherra geti bannað erlendum aðila fjárfestingu hér á landi, njóti íslenskir aðilar ekki sambærilegra réttinda til fjárfestinga í heimaríki erlenda aðilans. Þessi heimild viðskiptaráðherra verður þó vart talin án takmarkana. Í XVII. kafla

laga nr. 32/1978 um hlutafélög er fjallað um erlend hlutafélög. Þar segir (135. gr.) að heimilt sé að veita hlutafélagi, sem á lögheimili og varnarþing erlendis, rétt til að starfa hér á landi að uppfylltum nokkrum ófrávíkjanlegum skilyrðum. Eitt þeirra skilyrða er, að íslensk hlutafélög njóti sama réttar í heimalandi erlenda félagsins. Í frumvarpsdrögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi segir orðrétt í b-lið 8. töluliðar 4. gr.: "Um rétt hlutafélags sem á heimili erlendis til að starfa hér á landi fer samkvæmt ákvæðum laga um hlutafélög." Í c-lið 8. töluliðar 4. gr. frumvarpsdraganna segir og orðrétt: "Viðskiptaráðherra getur veitt öðrum lögaðilum sem heimili eiga erlendis leyfi til að starfa hér á landi, enda sé þá að því er varðar slíka lögaðila og starfsemi þeirra hér á landi fullnægt sömu skilyrðum og fylgt sömu meginreglum og að því er varðar erlend hlutafélög, sbr. b-lið hér að framan." Ætla verður, að þetta ákvæði taki m.a. til lögaðila á borð við erlend gagnkvæm vátryggingarfélög. Svo að enn sé haldið áfram að vitna til 4. gr. frumvarpsdraganna um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi skal hér tilfært ákvæði úr 5. tölulið greinarinnar, en þar segir: "Samanlögð hlutafjáreign erlendra aðila í íslenskum viðskiptabanka, sem rekinn er af hlutafélagi má á hverjum tíma ekki vera meiri en 25% hlutafjár hlutafélagsbankans. Frá 1. janúar 1992 hækkar framangreint hámark í 50%. Frá 1. janúar 1995 mega erlendir aðilar kaupa hlut í íslenskum hlutafélagsbanka án takmarkana enda njóti íslenskir aðilar eigi lakari réttar í heimaríki viðkomandi aðila." Miðað við þau ákvæði, er hér hafa verið rakin varðandi gagnkvæmni, hljóta að vakna spurningar um skoðun höfunda frumvarpsdraganna í þeim efnum. Þannig virðist t.d. sem höfundar hafi lítt haft í huga áðurgreint ófrávíkjanlegt ákvæði um gagnkvæmni í áðurnefndri 135 gr. hlutafélagalaga, en af því má ráða, að erlend vátryggingarfélög í hlutafélagsformi verði ekki rekin hér á landi nema íslensk vátryggingarhlutafélög fái sama rétt í heimalandi hins erlenda félags, sbr. 9. gr. laga nr. 50/1978 um vátryggingarstarfsemi þar sem efnislega segir, að hlutafélagalög gildi eins og við geti átt um vátryggingarhlutafélög. Sambærilegt lagaákvæði, um gagnkvæmni er hins vegar ekki til varðandi gagnkvæm vátryggingarfélög, t.d. í lögum um samvinnufélög. Ef hins vegar frumvarpsdrög þau, sem hér eru til umfjöllunar, yrðu að lögum, mætti þó líklega líta svo á, að ekki væri unnt fyrir erlent gagnkvæmt vátryggingarfélag að hefja hér starfsemi nema íslenskir aðilar ættu sama rétt í heimalandi erlenda félagsins. Verður það leitt af c-lið 8. töluliðar 4. gr. frumvarpsdraganna, sem gerir ráð fyrir því, að aðrir erlendir lögaðilar en hlutafélög geti hafið starfsemi hérlendis, en sömu meginreglur skuli þó gilda gagnvart þeim og um erlend hlutafélög. Til að gera langt mál stutt, þá virðist sem frumvarpshöfundar vilji aðallega, að afdráttarlaus gagnkvæmni varðandi erlendar fjárfestingar gildi gagnvart bankastarfsemi, en gagnkvæmni að þessu leyti í öðrum atvinnugreinum skuli frávíkjanleg og háð mati ráðherra. Hitt er annað, hvort sem höfundar

hafi gert sér það ljóst eða ekki, að með lögskýringum má komast að þeirri niðurstöðu, að ófrávíkjanleg gagnkvæmni gæti og átt við um fleiri rekstraraðila en bankana eina. Niðurstaða þessara hugleiðinga er því sú, að nauðsynlegt er að taka af öll tvímæli í þessu máli. Sýnist eðlilegast að það sé gert í hinni almennu löggjöf, sem gilda á um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi. Er þess vegna lagt til, að strax í 3. gr. frumvarpsdraganna, en þar er að finna meginstefnu draganna, verði afdráttarlaust á þessu tekið, og greinin hljóði svo (undirstrikuðu orðin eru viðbót): "Erlendum aðilum er heimilt að fjárfesta í atvinnurekstri hér á landi með þeim takmörkunum, sem í þessum lögum eða sérlögum greinir og að uppfylltum öðrum skilyrðum og að fengnum tilskildum leyfum lögum samkvæmt, enda njóti íslenskir aðilar ekki lakari réttar til fjárfestingar í heimaríki hlutaðeigandi aðila." Jafnframt eru lagðar til eftirfarandi breytingar á ákvæðum frumvarpsdraganna, og leiða þær af ofangreindri breytingartillögu í 3. gr.:

- Að niðurlag 5. töluliðar 4. gr. draganna falli niður, þ.e.a.s. orðin ".... enda njóti íslenskir aðilar eigi lakari réttar í heimaríki viðkomandi aðila." Þess í stað hljóði niðurlagsákvæði greinarinnar svo (undirstrikuðu orðin eru viðbót): "Frá 1. janúar 1995 mega erlendir aðilar kaupa hlut í íslenskum hlutafélagsbanka án takmarkana annarra en þeirra, sem af lögum þessum leiðir".

- Að niðurlagsákvæði 9. töluliðar 4. gr. falli niður, þ.e. undirstrikuðu orðin hér á eftir, en 9. töluliður haldi sér að öðru leyti: "Viðskiptaráðherra getur bannað erlendum aðila fjárfestingu í atvinnurekstri hér á landi ef hann hefur verið sviptur réttindum til atvinnurekstrar með dómi í öðru ríki. Sama gildir ef íslenskir aðilar njóta ekki sambærilegra réttinda til fjárfestinga í heima- eða upprunaríki hins erlenda aðila."

Stjórn Sambands íslenskra tryggingafélaga sér ekki ástæðu til að gera frekari athugasemdir við títtnefnd lagafrumvarpsdrög að svo komnu. Þess er þó vænst, að stjórn S.Í.T. fái málefnið aftur til umsagnar, þegar frumvörpin verða lögð fram í endanlegri mynd á Alþingi á komandi hausti.

Með vinsemd og virðingu,
SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA

Sigmar Ármannsson

# FÉLAG ÍSLENSKRA IÐNREKENDA
ISLANDS INDUSTRIFORBUND FEDERATION OF ICELANDIC INDUSTRIES

| FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ | |
|---|---|
| Db. 022-9 | Dags. 300890 |
| Ábm. JS | Trm. |
| Svarfr. | V/g |
| Afgr. | Tilv. |
| Fskj. | |

Forsætisráðuneytið
b/t hr. Jóns Sveinssonar, aðstm. ráðherra
Stjórnarráðshúsinu
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. ágúst 1990

Með bréfi, dagsettu 2. júlí 1990, óskar Jón Sveinsson, formaður nefndar um endurskoðun frumvarps um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi, eftir umsögn og athugasemdum félagsins við drög að áliti nefndarinnar.

FÍI hefur skoðað bæði frumvarpsdrögin ásamt greinargerðum og vill koma eftirfarandi á framfæri við nefndina.

**Almennt**

Félag íslenskra iðnrekenda er og hefur verið þeirrar skoðunar skynsamlegt sé að draga verulega úr þeim hömlum sem lagðar eru á réttindi útlendinga til þess að reka eigin atvinnufyrirtæki eða fjárfesta í fyrirtækjum hér á landi. Það geti einungis orðið íslensku atvinnulífi til góðs.

Erlendir aðilar geta flutt hingað markaðs- og tækniþekkingu og auðveldað íslenskum fyrirtækjum aðgang að erlendum markaði. Það er heppilegt að erlent áhættufé geti í auknum mæli komið í stað erlends lánsfjár. Að sjálfsögðu verður ávallt að gæta þess að erlend fyrirtæki hér á landi búi í aðalatriðum við sömu starfsskilyrði og innlend fyrirtæki.

Samhliða þessu verður að búa þannig um hnúta að reglur um fjárfestingar Íslendinga í fyrirtækjum erlendis verði ekki hindraðar af reglum sem íslensk stjórnvöld setja.

Það er mat FÍI að aukin þátttaka erlendra aðila í iðnrekstri á Íslandi hafi jákvæð áhrif á iðnað á Íslandi.

**Frumvörpin**

Félag íslenskra iðnrekenda lýsir ánægju sinni yfir því að stjórnvöld hyggjast breyta lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi til aukins frjálsræðis.

FÍI er sammála þeirri aðferð sem beitt er við þessar breytingar, þ.e. að setja ein heildstæð lög um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi, þar sem meginreglan er sú að slíkar fjárfestingar eru heimilaðar, með takmörkunum þó.

Takmarkanir frumvarpsins eru umtalsverðar. Höfundar frumvarpsins gera sér ljóst að þær verða allar til endurskoðunar gagnvart aðildarríkjum EFTA og Evrópubandalagsins verði af samningum um evrópskt efnahagssvæði (EES), sbr. bráðabirgðaákvæði frumvarpsins.

P.O. BOX 1407 HALLVEIGARSTÍGUR 1 REYKJAVÍK
Sími 91-27577 (4 línur) Símnefni INDUSTRIBOARD Telex: 2085 INDEX IS Telefax: 1-25380

Tilgangur takmarkananna skv. frumvarpinu er aðallega sá að reyna að tryggja full yfirráð Íslendinga yfir náttúruauðlindum til lands og sjávar auk annarra þátta s.s. menningar og öryggis. Takmarkanir þessar birtast í 4. grein frumvarpsins. Félag íslenskra iðnrekenda er þeirrar skoðunar að í frumvarpinu sé gengið of langt í því að takmarka heimildir útlendinga.

Meginreglan á að vera sú að fjárfestingar erlendra aðila á Íslandi séu heimilar.

Á hinn bóginn styður FÍI það sjónarmið að nauðsynlegt sé að tryggja eftir mætti íslensk yfirráð yfir fiskveiðum við Ísland með því að takmarka heimildir til útgerðar við Íslendinga. FÍI telur aftur á móti óþarft að takmarka heimildir erlendra aðila til þess að taka þátt í fiskvinnslu, fiskiðnaði, umfram það sem gert er í öðrum iðnaði.

Í frumvarpinu virðist gerð tilraun til að skilja á milli frumfiskvinnslu og annarrar fiskvinnslu. Erlendir aðilar mega ekki taka þátt í frumvinnslunni en mega á hinn bóginn eiga allt að 50% í annarri vinnslu (fullvinnslu - iðnframleiðslu úr sjávarafurðum). Ekki verður séð í hendi hvernig hægt verður að gera þennan greinarmun á milli fyrirtækja. Verði þetta engu að síður niðurstaðan er engin ástæða til að takmarka eignarhald útlendinga í slíkum iðnfyrirtækjum við 50% frekar en í öðrum iðnfyrirtækjum. Þá er óheppilegt að fiskimjölsframleiðsla er flokkuð til frumfiskvinnslu og erlendir aðilar þar með útilokaðir frá þátttöku.

Að því er varðar eignarhald útlendinga í viðskiptabönkum þá eru engin rök til þess að takmarka heimildir útlendinga allt til ársins 1995. Frestur til 1. janúar 1993 er öldungis fullnægjandi.

Að lokum vill FÍI ítreka að það fagnar auknu frjálsræði á þessu sviði og styður efni frumvarpsins sem er ótvírætt framfaraspor, en telur það að mörgu leyti ganga óþarflega skammt. FÍI beinir því til nefndarinnar að hún taki þessi sjónrmið félagsins til vandlegrar yfirvegunar.

FÉLAG ÍSLENSKRA IÐNREKENDA

Jón Steindór

Jón Steindór

RÚV
EFSTALEITI 1, 150 REYKJAVÍK, KT. 5402695729
SÍMI 91-693000 TELEX 2066 FAX 91-693010
RÍKISÚTVARPIÐ

ÚTVARPSSTJÓRI

Reykjavík, 31. ágúst 1990

Hr. Jón Sveinsson
aðstoðarmaður forsætisráðherra
Forsætisráðuneytinu
Stjórnarráðshúsinu v/Lækjartorg

Útvarpsráð hefur falið undirrituðum að svara bréfi yðar dags. 2. júlí sl.þar sem óskað er eftir skriflegri umsögn og athugasemdum um drög að frumvörpum til laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi og um breytingar á ýmsum lögum er snerta fjárfestingu sömu aðila hérlendis.

Í stuttu máli sagt hlýtur það að leiða af eðli málsins, að í útvarpslögum verði tekið upp ákvæði með tilvísun til hinna nýju laga um fjárfestingu erlendra aðila í rekstri á Íslandi, svo sem ráð er fyrir gert í 8. gr. í frumvarpinu um breytingar á ýmsum sérlögum.

Varðandi 4. tölulið 4. gr. frumvarpsins um fjárfestingu erlendra aðila skal hér lýst fullum stuðningi við ákvæði hans og tekur undirritaður eindregið undir þau sjónarmið sem fram koma í athugasemd um hann.

Virðingarfyllst,

Markús Örn Antonsson.

ÞJÓNUSTA Í 60 ÁR 1930-1990

SJÁVARÚTVEGSRÁÐUNEYTIÐ
REYKJAVÍK

Ráðuneytisstjóri

Forsætisráðuneytið
b.t. Jóns Sveinssonar,
aðstoðarmanns ráðherra
Forsætisráðuneytinu
150 Reykjavík

Dags. 4. september 1990
Tilv. ÁK/lbt

Vísað er til bréfs forsætisráðuneytisins, dags. 2. júlí s.l., þar sem óskað er umsagnar um drög að frumvarpi til laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi ásamt fylgifrumvarpi. Í umræddu bréfi var umsagnar undirritaðs óskað "sem áhugaaðila um málið". Eftirfarandi skrif eru því persónulegar hugleiðingar og vangaveltur undirritaðs og mega á engan hátt skoðast sem opinber afstaða sjávarútvegsráðuneytisins til málsins. Athugasemdir munu þó engu að síður einkum beinast að þáttum er varða sjávarútveginn enda eru þau atriði hugleiknust.

Fjölmörg þungvæg rök eru til þess að gera ríkari kröfur um eignaraðild Íslendinga að sjávarútvegsfyrirtækjum en að flestum öðrum rekstri. Einkum á þetta við um fiskveiðarnar og þá frumvinnslu sem nauðsynleg er til að verja fisk skemmdum í beinu framhaldi af veiðunum. Rökin eru t.d. þau að fiskveiðiauðlindin og nýting hennar er svo stór þáttur í atvinnulífi landsins og hinna ýmsu byggðarlaga um land allt og tekjur af sjávarvöruframleiðslu svo stór þáttur í gjaldeyrisöflun landsmanna að þjóðarheill er í veði að Íslendingar haldi forræði yfir þessari auðlind. Ekkert land í Evrópu er eins háð nýtingu einnar auðlindar. Það er ljóst að miklu skiptir að tryggt sé að umgengni um auðlindina sé með þeim hætti að varanleg afrakstursgeta hennar sé tryggð en alltaf er hætta á því að þeir aðilar sem ekki hafa varanleg tengsl við landið hugsi meira um stundarhagnað en þá umgengnishætti á miðunum sem tryggja frambúðararð. Þegar við bætist að fiskiskip eru í eðli sínu mun hreyfanlegri en flest önnur atvinnutæki (önnur en samgöngutæki) og hægur vandi að stunda útgerð við Ísland frá erlendum ríkjum eða með fullvinnslu um borð og beina þannig allri starfsemi og verðmætasköpun framhjá íslensku efnahagskerfi verður þörfin á sérstökum ákvæðum til að tryggja íslenskt forræði yfir auðlindinni augljós. Nákvæmlega sömu rök eru fyrir íslensku forræði yfir frumvinnslu enda er hún jafnan í beinu framhaldi af veiðunum. Ef eitthvað er eru rökin þó þungvægari varðandi veiðarnar en frumvinnsluna.

Varðandi framhaldsvinnslu fisks gegnir allt öðru máli. Frekari vinnsla á fiski sem búið er að verja skemmdum getur farið fram hvar sem er og er hvorki varðandi stað né tíma í beinum tengslum við veiðarnar. Á þessu sviði hefur íslensk fiskvinnsla alltaf átt í óheftri samkeppni við fullvinnsluaðila erlendis og raunar sjálf staðið fyrir fullvinnslu í stórum stíl á erlendri grund. Því virðist ekkert því til fyrirstöðu að heimila erlendum aðilum að stunda fullvinnslu á íslenskum fiski á Íslandi í stað þess að sú atvinna flytjist úr landi. Einnig er ljóst að með samvinnu íslenskra og erlendra aðila á þessu sviði er unnt að fá aðgang að tækniþekkingu og að markaðsfærslu sem íslensk fyrirtæki ráða ekki yfir. Það er því skoðun mín að almennar reglur um heimildir útlendinga til fjárfestinga hér eigi að gilda um fullvinnslu á sjávarafurðum. Hið sama tel ég að eigi að gilda um alla verslun með fisk. Tel ég raunar að það geti verið íslenskri fiskvinnslu hættulegt að banna erlendum aðilum að kaupa óunninn fisk hér á landi til útflutnings þar sem slíkt leiðir til þess að fiskurinn fer á erlenda uppboðsmarkaði en ekki innlenda. Þvert á móti ætti að hvetja til þess að sem mest af fiski verði boðið til sölu á innlendum markaði áður en útflutningur á sér stað. Með því móti fær íslensk fiskvinnsla möguleika á að bjóða í hráefnið og keppa þannig við erlenda kaupendur. Í ummælum mínum um heimild erlendra aðila til að eiga hlut í verslunarfyrirtækjum með fisk felst hins vegar engin afstaða til þess hvernig skipuleggja á þá verslun að öðru leyti.

Ég er því í grundvallaratriðum sammála þeirri tillögu nefndarinnar að skipta veiðum, vinnslu og verslun með sjávarafurðir upp í þætti þar sem ströngustu kröfurnar eru gerðar til eignaraðildar Íslendinga að veiðunum en vægari kröfur til annarra þátta. Ég er hins vegar ekki sammála tillögum nefndarinnar um hvernig draga beri skilin milli hinna einstöku þátta einkum milli frumvinnslu sjávarafurða og fullvinnslu og finnst eins og þegar er fram komið að ekki séu rök fyrir sérstökum eignaraðildarkröfum að fullvinnslu eða verslun með fisk. Þá hef ég nokkrar tæknilegar athugasemdir fram að færa.

Fyrst örfá orð um flokkunina. Enginn ágreiningur er um skilgreiningu á hvað telja beri fiskveiðar í þessu sambandi. Þó tel ég rétt að vandlega verði íhugað hvort ekki sé rétt að gera á ótvíræðan hátt sömu kröfur til eignaraðildar Íslendinga að rekstri þar sem vinnsla fer fram um borð í veiðiskipi en frystitogarar hafa á undanförnum árum jafnt og þétt aukið hlutdeild sína í heildarveiðinni, bæði af botnfiski og rækju.

Sú frumvinnsla sjávarafurða sem eðlilegt er að sérstakar reglur gildi um tel ég að sé of þröngt skilgreind í drögum nefndarinnar. Ég hef í því sambandi leitað til Einars M. Jóhannssonar hjá Ríkismati sjávarafurða en hann er allra Íslendinga kunnugastur alþjóðlegum skilgreiningum á sviði sjávarútvegs og

sjávarafurða. Hann telur ótvírætt að almennt sé talið til frumvinnslu sjávarafurða sérhver sú vinnsla sem í upphafi sé nauðsynleg til að verja fisk skemmdum. Til framhaldsvinnslu teljist hins vegar frekari úrvinnsla eða pökkun afurða sem þegar hafi verið varðar skemmdum. Þessi alþjóðlega skilgreining fellur ákaflega vel að mínu mati að rökunum að baki því að gera sérstakar kröfur um eignaraðild Íslendinga að fiskvinnslu. Þau eru fyrst og fremst hin nánu tengsl sem eru, og alltaf hljóta að vera, á milli veiða og frumvinnslu fiskafurða vegna þeirra ríku nauðsynjar sem er á að verja fiskinn skemmdum í beinu framhaldi af veiðunum. Er því lagt til að hugtakið vinnsla í 1. málslið 2. tl. 4. gr. frv. verði skilgreint svo: .....en með vinnslu sjávarafurða er hér átt við frystingu, söltun, herslu, reykingu, súrsun, niðursuðu, niðurlagningu og hverja þá aðra verkun sem ver fisk og aðrar sjávarafurðir skemmdum þ.m.t. bræðslu og mjölvinnslu. Til vinnslu í þessu sambandi telst hins vegar ekki umpökkun afurða í neytendaumbúðir eða frekari vinnsla afurða til að gera þær hæfari til dreifingar, neyslu eða matreiðslu.

Í tillögu nefndarinnar til breytinga á l. nr. 33/1922 er gert ráð fyrir að ríkisborgararéttur ráði heimildum til fiskveiða einstaklinga en að heimilisfesti skipti engu. Nefndin gerir hins vegar ráð fyrir því í 2. tl. 4. gr. aðalfrumvarpsins að heimilisfesti einstaklings ráði heimild hans til eignaraðildar í frumvinnslu í samræmi við meginreglur frumvarpsdraganna. Þetta getur að mínu mati leitt til sérkennilegrar niðurstöðu. Íslenskur ríkisborgari sem búsettur er erlendis má reka fiskveiðar í íslenskri landhelgi og eiga 100% í þeim rekstri en sama aðila er ekki heimilt að eiga í íslensku fiskvinnslufyrirtæki. Krafan um íslenskan ríkisborgararétt til að mega stunda hér veiðar er hefðbundin og líklega verður að halda í hana. Til að komast hjá ofangreindu misræmi verður að líkindum að auki að gera kröfu um heimilsfesti hérlendis (eða öllu heldur "ekki heimilisfesti erlendis" sbr. skilgreiningu 2. gr. á erlendum aðila).

Í tillögu nefndarinnar um breytingu á 1. gr. l. 33/1922 er sú krafa gerð til að lögaðilar megi stunda fiskveiðar í fiskveiðilandhelginni að þeir eigi heimili hér á landi og séu að öllu leyti í eigu íslenskra ríkisborgara og annarra íslenskra aðila. Samkvæmt skilgreiningu 2. gr. aðalfrumvarpsins á íslensku atvinnufyrirtæki virðist ljóst að til íslensks aðila í þessu sambandi telst atvinnufyrirtæki er hér á heimili án tillits til þess hvernig eignaraðild er háttað. Því er ljóst að tillögur nefndarinnar standa því ekki í vegi að fyrirtæki sem eru 100% í eigu erlendra aðila en með heimili hér á landi stofni íslenskt hlutafélag er síðan reki fiskveiðar hér. Er að þessu leyti mun lakar staðið að því að tryggja að fyrirtæki undir erlendum yfirráðum komist til áhrifa í veiðum

en gert er varðandi vinnsluna en samkvæmt 2. tl. 4. gr. er atvinnufyrirtæki undir "erlendum yfirráðum" óheimilt að eiga í frumvinnslufyrirtæki sbr. 2. gr. aðalfrumvarpsins. Þessa tæknilegu hnökra má að sjálfsögðu leiðrétta í textanum því tilgangur nefndarinnar hlýtur að vera sá að gera enn ríkari kröfur til íslensks eignarhalds að veiðum en frumvinnslu.

Varðandi frumvinnsluna hef ég þegar fært rök að því að um hana eiga að gera ríkari kröfur til íslenskrar eignaraðildar en almennt gerist. Hvort gera eigi kröfur til 100% eignaraðildar eins og nefndin gerir er hins vegar álitamál en meirihlutaeign Íslendinga verður að tryggja að mínu mati.

Eins og fyrr segir tel ég hins vegar hvorki rök fyrir tillögum nefndarinnar um kröfur um 100% íslenskra eignaraðila að fyrirtækjum í ferskfiskverslun né fyrir kröfum um meirihlutaeign í fyrirtækjum er stunda framhaldsvinnslu sjávarafurða.

Að lokum vil ég benda á að rík ástæða er til að leggja mikla tæknilega vinnu í útfærslu frumvarps af þessu tagi þannig að tryggt sé að ákvæðin nái þeim tilgangi sem til er ætlast. Ótal leiðir eru tiltækar til að fara á snið við slík ákvæði, t.d. með stofnun eignarhaldsfélaga o.s.frv. sem verður að reyna að sjá við. Mín skoðun á frumvarpinu hefur verið svo yfirborðsleg að hún hefur ekki beinst að slíkum tæknilegum þáttum.

Virðingarfyllst,



Árni Kolbeinsson

VERSLUNARRÁÐ
ÍSLANDS
ICELAND CHAMBER OF COMMERCE

Hús verslunarinnar
103 Reykjavík
Sími/Telephone 91-678910 (354-1-678910)
Myndsími/Telefax 91-686564 (354-1-686564)
Telex 2316 Chambr is

Nefnd um erlendar fjárfestingar,
Jón Sveinsson, formaður,
Forsætisráðuneytið,
Lækjargötu.

Reykjavík 6. september 1990.

Verslunarráð Íslands hefur haft til umsagnar drög að frumvarpi til laga um erlendar fjárfestingar á Íslandi. Fjallað hefur verið um drögin í stjórn og framkvæmdastjórn ráðsins auk þess sem það hefur verið rætt í þeirri nefnd ráðsins sem fjallar um fjármagnsmarkaðinn í tengslum við aðlögun Íslands að sameiginlegum markaði Evrópubandalagsins.

Verslunarráðið telur mikilvægt að hér á landi gildi frjálslynd löggjöf á þessum sviðum er heimili erlendum aðilum fjárfestingar á Íslandi. Slík löggjöf er forsenda þess að aðlaga starfsskilyrði íslensks atvinnulífs við þau skilyrði sem atvinnulíf nágrannaþjóða okkar býr við.

Grundvallarmarkmið með opnun íslensks efnahagslífs er að bæta lífskjör á Íslandi og að halda hér uppi menningar- og velferðarsamfélagi. Löggjöf um erlendar fjárfestingar á því að skapa íslenskum fyrirtækjum aðgang að erlendu áhættufé í því skyni að efla þau. Forráðamenn íslensks atvinnulífs fagna aukinni samkeppni og eru staðráðnir í að láta sinn hlut ekki eftir liggja.

Margt snýr til réttrar áttar í frumvarpsdrögum þeim er fyrir liggja. Má nefna að ákvæði um erlendar fjárfestingar eru samræmd og veitt er almenn heimild til erlendra fjárfestinga en undantekningar skilgreindar.

Ýmislegt þarf þó að bæta í frumvarpsdrögunum áður en þau verða lögð fullbúin fyrir Alþingi. Veigamestu ábendingar Verslunarráðs Íslands eru eftirfarandi:

1. Takmarkanir þær sem snúa að fiskveiðum og fiskvinnslu eru of miklar og væri unnt að benda á ótal dæmi þar sem slíkar takmarkanir myndu skerða samkeppnishæfni íslensks sjávarútvegs gagnvart öðrum greinum atvinnulífsins og gagnvart erlendum keppinautum. Íslensk fyrirtæki í sjávarútvegi munu í auknum mæli þurfa að hafa margvíslegt samstarf við erlend fyrirtæki um markaðssetningu afurða á erlendum mörkuðum og slíkt samstarf getur t.d. gert gagnkvæma eignaraðild æskilega. Ennfremur er ljóst að margs konar viðskiptalegar forsendur eru fyrir hlutafjáreign íslenskra fyrirtækja í öðrum íslenskum fyrirtækjum og það skaðar stórlega hagsmuni sjávarútvegsfyrirtækja ef þau íslensku fyrirtæki sem eru undir erlendum yfirráðum verði að sniðganga sjávarútvegsfyrirtæki þegar slík mál koma upp. Meginmarkmiðið með þessum takmörkunum hlýtur að vera að tryggja að fiskimið okkar nýtist þjóðinni sem best en ekki er sjálfgefið að slíkt markmið náist með þessum hætti. Verslunarráðið telur að æskilegra sé að reyna að skilgreina nákvæmlega þær kröfur sem gera þarf til nýtingar fiskimiðanna með veiðum og vinnslu í þágu

þjóðarinnar og heimila erlenda eignaraðild í fyrirtækjum sem uppfylla slíkar kröfur.

2. Takmarkanir á fjölmiðlaeign erlendra aðila geta hindrað slík fyrirtæki í samstarfi við erlenda aðila á innlendum sem erlendum markaði. Þar með eyðileggjast tækifæri fyrir íslenska aðila til að hasla sér völl í útflutningsstarfsemi á þessu sviði. Meginatriðið er að þau fyrirtæki sem starfa í fjölmiðlun uppfylli ákvæði útvarpslaga og annarra laga sem við eiga.

3. Aðlögunartími vegna fjárfestingar erlendra aðila í íslenskum bönkum er of langur.

4. Styrkja þarf þá grein sem fjallar um fjárfestingar erlendra ríkja og ríkisfyrirtækja þannig að þar sé einnig tekið á almennum fyrirtækjum eða aðilum er njóta niðurgreiðslna eða styrkja erlends ríkis.

5. Það 250 milljóna króna þak sem kallar fram þörf á leyfi ráðherra fyrir erlendum fjárfestingum er of lágt.

6. Nefnd sú er fjallar um æskileg eða óæskileg áhrif erlendra fjárfestinga virðist eiga að starfa á pólitískum grunni fremur en faglegum. Nauðsynlegt er að festa og áreiðanleiki ríki í öllum stjórnvaldsaðgerðum við erlendar fjárfestingar. Sé lagaheimild af þessum toga nauðsynleg er rétt að viðskiptaráðherra beri einn ábyrgð á því að útiloka tilteknar fjárfestingar, enda leiti hann umsagnar Verðlagsráðs, Öryggismálanefndar, Byggðastofnunar og slíkra aðila áður en ákvörðun er tekin. Nauðsynlegt er að skilgreina frekar hvað átt er við með óæskilegri fjárfestingu.

7. Takmarkanir vegna eignarhalds erlendra aðila á fasteignum eru svo miklar að þær koma í veg fyrir að íslensk fyrirtæki séu veðhæf gagnvart erlendum aðilum og íslenskum banka í meirihlutaeign erlendra aðila. Það segir sig sjálft að slíkar takmarkanir stangast á við það frelsi sem veitt hefur verið í gjaldeyrisviðskiptum og ennfremur fer erlendur aðili tæplega að fjárfesta í íslenskum banka meðan svo er ástatt. Þetta mun beinlínis hindra íslensk fyrirtæki í viðskiptum við erlend fjármálafyrirtæki. Verði þessum ákvæðum um eignarhald erlendra aðila á fasteignum ekki breytt efnislega er a.m.k. nauðsynlegt að breyta uppsetningunni þannig að það sem leyft sé komi fram fyrst en síðan það sem bannað er.

8. Verslunarráð Íslands getur ekki ímyndað sér að brot á lögum þessum geti verið svo alvarleg að ástæða sé til þess að fangelsa menn í fjögur ár vegna þeirra.

Verslunarráð Íslands hvetur til þess að frumvarpinu verði breytt í samræmi við þær ábendingar sem í bréfi þessu eru gerðar og það lagt fram og samþykkt á komandi þingi.

Virðingarfyllst,
VERSLUNARRÁÐ ÍSLANDS

Vilhjálmur Egilsson
framkvstj.

**LÖGMANNAFÉLAG ÍSLANDS**
ÁLFTAMÝRI 9 - 108 REYKJAVÍK
SÍMI: 685620
MYNDSENDIR (TELEFAX) 687057

Reykjavík, 6. september 1990

Hr. Jón Sveinsson
aðstoðarmaður ráðherra
Forsætisráðuneytinu

Með bréfi þessu fylgir umsögn laganefndar Lögmannafélags Íslands um drög að frumvarpi til laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi og drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 33/1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi o.fl., sbr. bréf yðar, dags. 2. júlí s.l.

Virðingarfyllst
f.h. stjórnar L.M.F.Í.

Marteinn Másson, framkv.stj.

MÁLFLUTNINGSSKRIFSTOFA

Borgartun 24 · Posthólf 399 · 121 Reykjavík
Sími (1)-27611 · Telex (051)-94014175=BORG G · Telefax (1)-27186

Ragnar Aðalsteinsson hrl.
Othar Örn Petersen hrl.
Sigurður Helgi Guðjónsson hrl.
Viðar Már Matthíasson hrl.
Tryggvi Gunnarsson hrl.

Reykjavík 14. ágúst 1990.

Stjórn LMFÍ.

**Efni:** Ósk stjórnar um umsögn um drög að frumvarpi til laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi og frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 33/1922 um rétt til fiskveiða í landhelgi, lögum nr. 26/1949 um hvalveiðar og ýmsum fleiri lögum er varða fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi sbr. bréf Jóns Sveinssonar aðstoðarmanns forsætisráðherra dags. 2. júlí 1990.

Laganefnd LMFÍ hefur haft ofangreind frumvarpsdrög til skoðunar og fer hér á eftir umsögn um frumvörpin auk þess sem sérstaklega verður getið þeirra áhrifa sem samþykkt þeirra kann að hafa á starfsemi lögmanna eins og óskað er eftir í ofangreindu bréfi aðstoðarmanns forsætisráðherra. Fyrst verður fjallað um drögin um fjárfestingu erlendra aðila en síðan um drögin að breytingarlögunum.

I. Meginefni frumvarpsdraganna fjallar um pólitíska afstöðu til fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri og tekur laganefndin ekki afstöðu til þeirra sjónarmiða.

Laganefndin fagnar því að loks skuli samræmdar lagareglur sem fjalla um heimildir erlendra aðila til fjárfestinga í íslenskum atvinnurekstri en nokkurrar óvissu hefur gætt í þessum efnum auk þess sem mikið óhagræði hefur verið af því hve reglur hafa verið dreifðar.

Á þessu stigi verður ekki annað séð en frumvarpsdrögin auðveldi lögmönnum að skýra þær reglur sem um fjárfestingar erlendra aðila gilda hér á landi. Laganefndin gerir ekki ráð fyrir því að frumvarpsdrögin ef af lögum verða breyti til muna starfsemi lögmanna því eins og segir í greinargerð með frumvarpinu þá er ekki að vænta mikils áhuga erlendra aðila en lögin kunna þó að breyta nokkru þar um.

Ekki er ástæða til að fjalla sérstaklega um einstakar greinar frumvarpsins en í stað þess gerðar sérstakar athugasemdir.

Laganefndin sér ekki aðra aðferð betri en notast er við í 3. og 4. gr. frumvarpsins þ.e. að heimila erlenda fjárfestingu skv. 3. gr. með takmörkunum skv. 4. gr.

Í 2. tl. 4. gr. er tekið fram að erlendum aðila eða atvinnufyrirtæki undir erlendum yfirráðum sé óheimilt að eiga og

MÁLFLUTNINGSSKRIFSTOFA

Ragnar Aðalsteinsson hrl.
Othar Örn Petersen hrl.
Sigurður Helgi Guðjónsson hrl.
Viðar Már Matthíasson hrl.
Tryggvi Gunnarsson hrl.

reka fyrirtæki til útflutnings á ferskum fiski svo og til vinnslu sjávarafurða. Svo virðist m.a. með hliðsjón af niðurlagi 2. tl. að erlendu aðilunum sé óheimilt að eiga í fyrirtækjum sem reka slíka starfsemi en þetta kemur ekki skýrt fram hvorki í lagaákvæðinu né í greinargerðinni sem er endurtekning á lagatextanum.

Samkvæmt greinargerð um 3. tl. 4. gr. er tekið fram að erlendir aðilar eigi þess ekki kost að fjárfesta í atvinnufyrirtækjum á sviði virkjunarréttinda. Í lagaákvæðinu er tekið fram að íslenskir lögaðilar geti átt slík fyrirtæki en erlendir aðilar geta átt hlut í þeim og þarf því að taka skýrt fram að erlendum aðilum sé óheimilt að eiga í þessum fyrirtækjum.

Víða í frumvarpinu eru ákvæði sem heimila ráðherra að veita erlendum aðilum leyfi til að fjárfesta í atvinnurekstri sem er þeim annars óheimilt. Laganefndin telur æskilegt að í lögunum komi fram þau sjónarmið sem ráðherra ber að hafa í huga þegar hann veitir leyfi eða að í greinargerð sé skýrt tekið fram hvað lagasetningarvaldið hefur í huga. Í þessu sambandi má benda á texta 10. tl. 4. gr. að hluta til um viðmiðunarsjónarmið en að hluta til er þessi lagagrein þó nokkuð opin sbr. orðalagið "óæskileg áhrif".

Með þeim athugasemdum sem koma fram hér að framan leggur laganefnd til að frumvarpsdrögin verði lögð fram og samþykkt.

II. Frumvarpsdrögin til laga um breytingu á ýmsum lögum eru fyrst og fremst í beinum tengslum við frumvarpsdrög þau sem rædd voru undir I. Laganefndin hefur ekki skoðað sjálfstætt hvaða lögum þarf að breyta eða væri æskilegt að breyta vegna lagasetningar um fjárfestingu erlendra aðila.

Laganefndin telur það ekki í sínum verkahring að taka afstöðu til þess hvort gera á þær breytingar sem gerðar eru með 21. - 30. gr. frumvarpsins.

Með hliðsjón af ofanrituðu leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt.

f.h. laganefndar LMFÍ.

[signature]

Othar Örn Petersen hrl.

| FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ | |
|---|---|
| Dbs. 022-9 | Dags. 180990 |
| Ábm. JS | Trm. |
| Svarfr. | V/g |
| Afgr. | Tilv. |
| Fskj. | |

Samtök íslenskra verðbréfafyrirtækja

12. september 1990

Jón Sveinsson
Forsætisráðuneytið
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg
101 Reykjavík

Drög að frumvarpi til laga um fjárfestingu
erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi.

Stjórn Samtaka íslenskra verðbréfafyrirtækja hefur að beiðni yðar fjallað um tilvitnuð drög og vill í því sambandi lýsa sig algerlega sammála bréfi Verslunarráðs Íslands til yðar um sama efni.

Stjórn Samtakanna vill þó leggja sérstaka áherslu á nauðsyn þess að erlendir lánveitendur geti tekið tryggt veð í íslenskum fasteignum og fái nægjanlegt svigrúm til að verja hagsmuni sína ef með þarf. Fyrirmynd að slíku fyrirkomulagi gæti m.a. verið að finna í 28. gr. laga nr. 20/1987 um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði.

Virðingarfyllst
f.h. stjórnar

Gunnar Helgi Hálfdánarson

12. september 1990

Aðstoðarmaður forsætisráðherra, hr. Jón Sveinsson
Forsætisráðuneytinu
Stjórnarráði Íslands

Kvennalistakonum er það ánægja að fá tækifæri til að segja álit sitt á drögum að frumvarpi til laga um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi.

Margoft hefur verið bent á nauðsyn þess að samræma lög og reglur um þetta efni þar sem gildandi ákvæði eru bæði ósamstæð og óljós.

Samvinna við erlenda aðila í atvinnurekstri hér á landi getur haft ýmsa kosti í för með sér, svo sem aðgang að tækniþekkingu, markaði og viðskiptasamböndum. Að sjálfsögðu er hægt að afla þekkingar og eiga markaðssamstarf við útlendinga án þess að um eignarhlut sé að ræða í fyrirtækjum. Ekkert kemur þó í staðinn fyrir markvisst rannsókna- og þróunarstarf í íslensku atvinnulífi, en það hefur hingað til verið vanrækt bæði af stjórnvöldum og fyrirtækjum.

Nauðsynlegt er að enginn vafi leiki á yfirráðum Íslendinga einna yfir auðlindum lands og sjávar, sem eru grundvöllur sjálfstæðis þjóðarinnar og lífs í landinu. Ákvæði frumvarpsins um fasteignir virðast okkur alltof rúm að því er tekur til erlendra aðila og sama gildir um heimildir til kaupa á landi. Eins árs búseta sýnir ekki að fólk ætli sér að setjast hér að.

Varðandi fjárfestingar útlendinga þykir okkur rétt að sú regla gildi að þeir geti ekki átt meirihluta hlutafjár í atvinnu- eða þjónustufyrirtækjum á Íslandi.

Samkvæmt frumvarpinu og fylgifrumvarpi á að útiloka að erlendir aðilar geti átt eignarhlut í fiskiskipum sem stunda veiðar í íslenskri landhelgi. Þessu erum við sammála. Ákvæði frumvarpsins um fiskvinnslu eru hins vegar óljós og opna fyrir erlenda eignaraðild að vissu marki. Kvennalistakonur vilja vara við slíkri hlutdeild útlendinga í aðalútflutningsiðnaði landsmanna og telja að hið sama skuli gilda um fiskveiðar og fiskvinnslu. Fyrirkomulag það sem gert er ráð fyrir í frumvarpsdrögunum mun auðvelda erlendum hagsmunaaðilum að ná tökum á fiskafla og um leið fiskveiðum, þótt með óbeinum hætti sé. Við bendum á það sem komið hefur fram hjá fjölmörgum aðilum m.a. talsmönnum atvinnurekenda og samtaka í sjávarútvegi að erfitt mun reynast að koma í veg fyrir ítök útlendinga í sjávarútvegi, einnig fiskveiðum, ef opnað verður fyrir erlenda fjárfestingu í atvinnulífi og þjónustugreinum.

Eignaraðild útlendinga að fiskvinnslufyrirtækjum mun einnig ýta undir meiri aðgreiningu þessara meginþátta sjávarútvegsins, veiða og vinnslu. Í meirihluta fyrirtækja í sjávarútvegi eru veiðar og vinnsla á hendi sama aðila. Það fyrirkomulag er talið treysta rekstur viðkomandi fyrirtækja og hamla jafnframt útflutningi á ferskum fiski.

Opnun á bankakerfinu og íslenskum fjármagnsmarkaði þarfnast nánari skoðunar. Engin athugun hefur verið gerð á áhrifum þess á íslenskt efnahagslíf. Vert er að minna á að íslenska bankakerfið hefur veitt fyrirtækjum í landinu nauðsynlega fyrirgreiðslu. Sparifé landsmanna er bakhjarl þeirra aðgera. Þeir sem koma nýir inná fjármagnsmarkaðinn hafa engar þess háttar skyldur og geta því laðað til sín sparifé en skilið innlendu bankana eftir með vandamál atvinnulífsins.

Við getum alls ekki fallist á að gefa ráðherrum víðtækar heimildir til að veita undanþágur frá ákvæðum laga, eins og víða er gert ráð fyrir í frumvarpsdrögunum. Samkvæmt þeim er ráðherra gefin heimild til að ógilda flestar greinar laganna ef honum sýnist svo. Það er til lítils fyrir Alþingi að setja lög ef það heimilar síðan framkvæmdavaldinu að víkja frá þeim, nánast að vild. Það á að vera grundvallaratriði við setningu laga að þau kveði skýrt á um

hvað sé leyfilegt og hvað ekki, en ekki að þau séu óljós og með víðtækum heimildarákvæðum.

Ákvæði nr. 2 til bráðabirgða um endurskoðun á ákvæðum frumvarpsins, ef gerður verður samningur um evrópskt efnahagssvæði milli EFTA og EB er undarlegt svo ekki sé meira sagt. Hvað liggur að baki því að láta semja frumvarp um fjárfestingu erlendra aðila í íslensku atvinnulífi, en gera jafnframt ráð fyrir að ákvæði sem takmarka rétt erlendra aðila til fjárfestinga í íslensku atvinnulífi verði afnumin, ef Ísland verður hluti af evrópska efnahagssvæðinu? Það er raunar sérkennilegt að ríkisstjórn sem stendur að samningaviðræðum við EB þar sem hömlulausar fjárfestingar og fjármagnsflutningar eru meðal hornsteina, skuli nú hafa í undirbúningi frumvarp sem þetta.

Í stað þess að setja traust sitt á að erlendir aðilar bjargi þjóðarbúinu væri vænlegra fyrir íslensk stjórnvöld og atvinnurekendur að treysta undirstöður atvinnulífs í landinu með því að tryggja óskoruð yfirráð yfir náttúruauðlindum okkar og með því að hlúa að menntun og hugviti.

F.h. Kvennalistans

Kristín Einarsdóttir
Kristín Einarsdóttir

BANDALAG STARFSMANNA RÍKIS OG BÆJA
GRETTISGÖTU 89, 105 REYKJAVÍK
SÍMI 91 - 626688, FAX 91 - 629106
BSRB

Reykjavík, 21. sept. 1990.

FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

| | |
|---|---|
| Db. 022-9 | Dags. 240990 |
| Ábm. JS | Frm. |
| Svarfr. | V/g |
| Afgr. | Tilv. |
| Fskj. | |

Jón Sveinsson,
aðstoðarmaður forsætisráðherra.

BSRB hafa borist til umsagnar drög að frumvörpum til laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi (drög IV. frá 27.júní 1990) og til breytinga á lögum nr.33/1922 um rétt til fiskveiða í landhelgi, lögum nr.26/1949 um hvalveiðar og ýmsum fleiri lögum er varða fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi (drög III frá 26.06.1990).

Stjórn BSRB vill minna á að 6. febrúar s.l. fól forsætisráðherra Þjóðhagstofnun að hafa yfirumsjón með sérstakri könnun á áhrifum EES á íslenska atvinnuvegi. Ekki þarf í umsögn sem þessari að hafa mörg orð um af hverju slík könnun var talin nauðsynleg en rétt er að minna á að þau mál sem til umfjöllunar eru í umsögn þessari varða íslenskt efnahaglíf það miklu að sérstök ástæða er til að kanna rækilega þau áhrif, er þau munu hafa hérlendis.

Stjórn BSRB telur fulla ástæðu til að undirstrika að ekki verði hafist handa með breytingar af þessari stærðargráðu fyrr en nauðsynlegum undirbúningi er lokið - sbr. ákvörðun forsætisráðherra frá 6. febrúar.

Þá vill stjórn BSRB minna á meðfylgjandi samþykkt BSRB um viðræður EFTA og EB. Vert er að undirstrika að samtökin líta því á þau frumvörp, sem hér eru til umsagnar aðeins sem hluta af stærri heild.

Viljum við sérstaklega vekja athygli á því að enn er ólokið töluverðri vinnu við lagabreytingar varðandi vinnuumhverfi og fleiri félagsleg mál í tengslum við aðlögun íslensks þjóðfélags að EES og vísum við til félagsmálaráðuneytisins í því sambandi.

Í ljósi þessa vill stjórn BSRB á þessu stigi málsins aðeins áskilja sér allan rétt til frekari athugasemda síðar, en að sinni ekki fjalla frekar efnislega um drög þessi.

F.h. stjórnar BSRB

Ögmundur Jónasson

| FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ | |
|---|---|
| Db. 022-9 | Dags. 240990 |
| Ábm. JS | Trm. |
| Svarfr. | V/g ✓ |
| Afgr. | Tilv. |
| Fskj. | |

SAMBAND ÍSLENSKRA VIÐSKIPTABANKA

Reykjavík, 21. september 1990

Forsætisráðuneytið
b/t hr. Jóns Sveinssonar, aðstoðarmanns ráðherra,
Stjórnarráðshúsinu v/Lækjartorg

101 REYKJAVIK

Samband ísl. viðskiptabanka (SIV) vísar til bréfs yðar, dags. 2. júlí s.l., þar sem óskað er umsagnar sambandsins um frumvarp til laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi. Jafnframt er óskað umsagnar um annað frumvarp er fylgir hinu fyrrnefnda og felur í sér breytingar á ýmsum lagaákvæðum sem nú takmarka erlenda fjárfestingu hér á landi.

Það er skoðun SIV að erlend fjárfesting í atvinnufyrirtækjum sé til þess fallin að styrkja atvinnuvegi landsmanna og stuðla að bættum lífskjörum. SIV vill því lýsa ánægju sinni með þá meginstefnu sem frumvörpin marka.

Engu að síður vill SIV koma á framfæri nokkrum athugasemdum við einstök ákvæði aðalfrumvarpsins. Hér er um eftirfarandi athugasemdir að ræða:

1. Í 2. tl. 4. gr. frumvarpsins er lagt til að áfram verði verulegar takmarkanir á fjárfestingu erlendra aðila í fiskiðnaðarfyrirtækjum og fyrirtækjum sem sinna útflutningi á ferskum fiski. SIV telur þessa skipan óheppilega.

   Annars vegar verða starfsskilyrði þessara fyrirtækja lakari en fyrirtækja í öðrum atvinnugreinum þar sem erlend fjárfesting er heimil. Sést þetta einna gleggst þegar staða fiskiðnaðarfyrirtækja og annarra iðnfyrirtækja er borin saman.

Hins vegar er ljóst að bein fjárfesting erlendra aðila í fiskiðnaði gæti almennt komið íslensku atvinnulífi að miklu haldi, einkum atvinnulífi á landsbyggðinni. Í ýmsum tilvikum má jafnvel ætla að slík fjárfesting sé forsenda þess að uppbygging fiskiðnaðarfyrirtækja geti haldið áfram.

Að mati SIV er því rétt að fella brott allar takmarkanir á erlendri fjárfestingu bæði í fiskiðnaðarfyrirtækjum og fyrirtækjum sem sinna útflutningi á ferskum fiski. Í stað þess ætti að setja skýrar efnisreglur um starfsemi þessara fyrirtækja með það að markmiði að starfsemin nýtist atvinnulífi hér á landi sem best.

2. Samkvæmt 3. tl. 4. gr. er erlend fjárfesting í virkjunarréttindum vatnsfalla og jarðhita óheimil. SIV telur ákvæðið of fortakslaust og heimila beri erlenda eignaraðild að vatnsafls- og jarðgufuvirkjunum. Með því móti opnast nýir og fjölbreyttari möguleikar við öflun fjár til hönnunar, byggingar og viðhalds þessara mannvirkja.

3. Ákvæði 4. tl. og 4. gr. gerir ráð fyrir verulegum takmörkunum á fjárfestingu erlendra aðila í fyrirtækjum sem starfækja útvarpsstöðvar eða annast útgáfu dagblaða. Þótt rökin sem búa að baki þessu ákvæði séu ekki skýrt orðuð í athugasemdum við frumvarpið virðist sú hugsun hafa ráðið ferðinni að erlendir eignaraðilar muni ekki leggja nægilega rækt við íslenska menningu og þjóðerni. SIV telur rétt að fella brott þessar takmarkanir en efasemdum um erlenda eignaraðild sé eytt með skýrum efnisreglum um starfsemi þessara fyrirtækja en slíkar reglur eru þegar að hluta lögfestar, s.s. í útvarpslögum.

4. Ákvæði 5. tl. 4. gr. gerir ráð fyrir að erlend fjárfesting á sviði viðskiptabankastarfsemi verði leyfð að fullu í áföngum fram til ársins 1995. SIV er sammála þessari breytingu en

leggur áherslu á að íslenskar lagareglur um viðskiptabankastarfsemi verði aðlagaðar evrópskum reglum innan þessara tímamarka. Í þessu sambandi vill SIV minna sérstaklega á nauðsyn þess að starfsskilyrði erlendra bankaútibúa, sbr. b) 8. tl. 4. gr., verði skilgreind.

5. SIV getur fallist á réttmæti þess að stjórnvöld geti í vissum tilvikum haft afskipti af fyrirhugaðri fjárfestingu erlends aðila í atvinnurekstri hér á landi. Á hinn bóginn telur SIV ákvæði 7. tl. 4. gr. um hámarksfjárhæð slíkrar fjárfestingar á ári óraunhæfa í ljósi þeirra breytinga sem hafa orðið og munu verða á sviði gjaldeyrismála á næstu árum. Því er lagt til að ákvæðið verði fellt brott enda er unnt að beita ákvæðum 10. tl. 4. gr. ef mikið liggur við.

6. Í 11. tl. 4. gr. er að finna sérákvæði um takmarkanir á erlendri fjárfestingu í fasteignum. Að mati SIV á frumvarpið einungis að hafa að geyma reglur sem varða erlenda fjárfestingu í atvinnurekstri, sbr. m.a. heiti frumvarpsins. Af þeim sökum er lagt til að ákvæðið myndi sjálfstæða málsgrein í frumvarpinu (2. mgr.) og orðist svo:

> "Erlendur aðili og atvinnufyrirtæki undir erlendum yfirráðum er heimilt að öðlast eignarrétt og afnotarétt yfir fasteign til beinnar notkunar í atvinnustarfsemi sinni. Leggja skal fyrir dómsmálaráðuneytið samninga, afsöl eða önnur heimildarskjöl vegna eignar- og afnotaréttinda framangreindra aðila hér á landi og öðlast gerningur eigi gildi fyrr en ráðuneytið hefur staðfest hann með áritun sinni".

Að öðru leyti er lagt til að lög um eignarrétt og afnotarétt af fasteignum kveði á um erlenda eignaraðild að fasteignum. Í því efni skal þó lögð áhersla á að ákvæði þeirra laga séu samræmd breytingum á sviði gjaldeyrismála og innlendum aðilum gert kleyft að bjóða fasteignir sem veð fyrir skuldbindingum sínum við erlenda aðila.

7. Í 10. gr. frumvarpsins er kveðið svo á að samstarfsnefnd ráðuneyta sé sett á fót viðskiptaráðherra til ráðuneytis um leyfisveitingar vegna erlendra fjárfestinga. SIV telur óþarft að kveða á um lagaframkvæmdina með þeim hætti sem gert er í ákvæðinu. Aðalatriðið er, að framkvæmdin sé í höndum og á ábyrgð eins ráðherra sem hagi vinnubrögðum eftir því sem hann telur réttast hverju sinni.

Hvað fylgifrumvarpið varðar vill SIV benda á að ekki virðist gert ráð fyrir að afnumdar séu verulegar takmarkanir á erlendri fjárfestingu á sviði loftferða og kaupskipaútgerðar. Í athugasemdum við frumvarpið er enga skýringu að finna á þessari tilhögun. SIV leggur til að þessar takmarkanir verði felldar brott og ákvæðum þess efnis bætt í frumvarpið.

Að endingu vill SIV ítreka ánægju sína með meginstefnu frumvarpanna og vonast til að þau verði lögð fram í upphafi þings með þeim breytingum sem að framan er lýst.

Virðingarfyllst,
F.h. Sambands íslenskra viðskiptabanka

Ólafur Örn Ingólfsson

SAMBAND
ÍSLENSKRA VIÐSKIPTABANKA

2. ágúst 1990

Forsætisráðuneytið
Aðstoðarmaður ráðherra
Hr. Jón Sverrisson
Stjórnarráði

Stjórn Sambands íslenskra viðskiptabanka hefur móttekið bréf yðar frá 2.7.1990 ásamt drögum að frumvörpum til laga er varða fjárfestingu erlendra aðila á atvinnurekstri á Íslandi. Beðið er um umsögn og athugasemdir og að reynt verði að meta hvaða áhrif samþykkt frumvarpanna kunni að hafa á bankastarfsemi á Íslandi. Hefur stjórnin þegar skipað starfshóp sem vinna mun að málinu. Þar sem verkefni þetta er viðamikið og sumarleyfi eru töluverð fer stjórnin þess á leit að frestur verði veittur til 1. október til að skila umbeðinni umsögn og álitsgerð. Svar við málaleitan þessarri óskast sent til formanns stjórnar, Vals Valssonar bankastjóra Íslandsbanka.

Virðingarfyllst,
Ólafur Örn Ingólfsson

AUSTURSTRÆTI 11, 101 REYKJAVÍK - S. 606600

# VINNUVEITENDASAMBAND ÍSLANDS

Hr. Jón Sveinsson
Aðstoðarmaður forsætisráðherra
Forsætisráðuneytinu
Stjórnarráðshúsinu
150 REYKJAVÍK

ÞVÞ/mss Rvk. 26.9.1990.

Með bréfi dags. 2. júlí 1990 bárust Vinnuveitendasambandi Íslands til umsagnar frumvarp til laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi og frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum, sem snerta fjárfestingu sömu aðila hérlendis.

Hagsmunir Íslendinga eru ótvírætt þeir, að uppbygging eigi sér stað í atvinnulífinu, þannig, að gæði lands og sjávar séu nýtt til atvinnuuppbyggingar og tekjuaukningar hér á landi. Hingað til hefur þátttaka erlendra aðila í þeirri uppbyggingu að mestu verið bundin við lánveitingar á ábyrgð ríkisins. Erlendar skuldir þjóðarinnar eru miklar og eitt brýnasta hagsmunamál Íslendinga er að draga úr þeim. Bein fjárhagsleg þátttaka erlendra aðila í uppbyggingu hérlendis er því æskileg og verður að haga lagasetningu þannig, að Ísland sé fýsilegur kostur fyrir fjárfestingar innlendra jafnt sem erlendra aðila.

Frumvörpin eiga það hins vegar sammerkt að köldu andar í garð erlendra aðila og er þeim settur fjöldi formlegra og efnislegra skilyrða um þátttöku í atvinnurekstri hérlendis. Má þar nefna torskildar takmarkanir á eignarhlutföllum í fyrirtækjum í tilteknum atvinnugreinum. Með slíkum takmörkunum yrði hluti atvinnulífsins settur skör lægra en aðrir varðandi aðgang að erlendu áhættufjármagni. Á hinn bóginn er vandséð, að þau lagaákvæði, sem ætlað er að vernda fyrirtæki fyrir erlendum áhrifum, hafi nokkurt hald á opnum fjármagnsmarkaði.

Furðu vekur hversu mikið vald ráðherra er veitt til að víkja frá almennum og sérstökum reglum frumvarpsins. Ráðherra á nánast að geta leyft allt, sem bannað er og ásamt sérstakri pólitískri nefnd bannað flest, sem leyft er. Lagareglur af þessum toga eru ekki til þess fallnar að afla íslensku stjórnkerfi trausts á erlendum vettvangi né afla erlendra samstarfsaðila.

Nýlegar breytingar á gjaldeyrisreglum gera erlendar lántökur og samskipti á fjármálasviði til muna auðveldari en verið hefur, þótt aðlögun að því sé lengri en efni standa til. Eftir stendur sú staðreynd, að rétturinn til að taka erlend lán verður mun rýmri en rétturinn til að fá erlenda fjárfestendur til samstarfs. Þá er og til þess að líta, að fyrir dyrum standa samningar við Evrópubandalagið, sem miða að óheftum flutningum fólks, varnings, þjónustu og fjármagns milli landa innan þess landssvæðis, sem samningar þar um munu taka til. Framgangur þess máls er Íslendingum mjög mikilvægur og telur Vinnuveitendasambandið rétt að miða stefnumörkun við þátttöku í þessu samstarfi. Umrædd frumvörp koma ekki að haldi í aðlögun íslensks efnahagslífs að þeim breytingum, sem nú eiga sér stað í Evrópu.

Í ljósi þessa leggur Vinnuveitendasambandið til, að frumvarpsdrög þessi verði lögð til hliðar og málið tekið nýjum tökum í þeim anda, sem liggur til grundvallar viðræðum um þátttöku Íslendinga í efnahagsþróun Evrópu. Brýnt er, að þetta verði gert sem fyrst, því að hefjast verður handa við að markaðsfæra Ísland erlendis sem góðan fjárfestingarkost. Skiptir þá miklu, að almennur lagagrundvöllur sé til staðar, þannig að ekki þurfi að semja sérstaklega um undanþágur í hvert sinn, sem erlendir aðilar festa fé sitt hér á landi. Raunar gildir það um allt umhverfi atvinnurekstrarins, að leikreglur eiga að vera sem almennastar og ekki mismunandi eftir því hver í hlut á.

Virðingarfyllst,

Þórarinn V. Þórarinsson.

SAMÞYKKT STJÓRNAR BSRB UM SAMNINGAVIÐRÆÐUR EFTA OG EB, 18. janúar 1990.

==========================================================

Þróun Evrópubandalagsins, viðræður EFTA og EB um sameiginlegt evrópskt efnahagssvæði og íslensk þátttaka í þeim mun verða eitt af meginviðfangsefnum samtakanna á árinu 1990.

Samtímis og stjórn BSRB ítrekar þá yfirlýsingu 35. þings BSRB að innganga Íslands í EB sé ekki á dagsskrá þá leggur hún áherslu á að íslenskt efnahagslíf tengist þróuninni í Evrópu og því brýnt að hafa áhrif þá þróun á hverjum þeim vettvangi, sem unnt er.

Stjórn BSRB telur í þessu samhengi viðræður EFTA og EB rökréttar - svo og þátttöku Íslendinga í þeim. Sú afstaða er með þeim fyrirvörum, sem íslensk stjórnvöld hafa sett fyrir þátttöku Íslands í viðræðunum. Einnig eru settir skýrir fyrirvarar með tilliti til þeirra krafna er Norrænu verkalýðssamtökin hafa sett fram um félagsleg málefni.

BSRB mun beita sér fyrir framgangi þessara krafna með þátttöku sinni í Evrópusambandi verkalýðsfélaga, í samstarfi samtaka launafólks í EFTA löndunum og með aðild sinni í Samtökum norrænna verkalýðsfélaga NFS.

BSRB mun auka fræðslustarf sitt á þessu sviði bæði inn á við meðal félagsmanna og út á við eins og efni standa til.

BSRB leggur mikla áherslu á að stjórnvöld efli samstarf sitt við samtök launafólks og bæti aðstöðu þeirra til að taka raunverulegan þátt í þeim viðræðum, sem framundan eru.

Stjórn BSRB hvetur aðildarfélög bandalagsins til að leggja ríka áherslu á þessi mál á næstu vikum.

Dagsetning | Tilvísun

Forsætisráðuneytið
Jón Sveinsson
aðstoðarmaður forsætisráðherra

16. október 1990 ÓWS/SS

Með bréfi, dags. 2. júlí sl., var þess óskað að undirritaður léti í té umsögn og athugasemdir við drög að tveimur lagafrumvörpum þar sem fjallað er um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri og sem eru til meðferðar hjá þar til skipaðri nefnd á vegum forsætisráðuneytisins.

Athugasemdir mínar vegna frumvarpsdraga þessara koma fram hér á eftir.

**I. Drög að frumvarpi til laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi.**

1. Álitaefni hlýtur að vera að hve miklu leyti unnt er að setja í ein lög heildarákvæði um fjárfestingu erlendra aðila, þegar jafnframt þarf í sérstökum lögum að kveða ítarlega á um einstaka þætti atvinnulífsins, svo sem fiskveiðar, verslun o.fl. Eru málefni sem varða fjárfestingu erlendra aðila þá samstæðara viðfangsefni en málefni er varða fiskveiðar eða verslun? Rétt er þó trúlega að setja í ein lög almenn ákvæði um efnið en að sérákvæði á þessu sviði verði í sérlögum. Það á m.a. við um fasteignaréttindi og skattamál.

2. Í fyrirsögn frumvarpsdraganna segir "á Íslandi". Óþarfi ætti að vera að taka það fram í fyrirsögn laga. Það segir sig sjálft. Í 1. gr. er hins vegar rétt að segja "hér á landi". Þar væri jafnframt rétt að skilgreina frekar hvað við er átt| væntanlega er hér einnig átt við landhelgina, þ.e. almenna 12 mílna landhelgi. Sjá þó um fiskveiðar. Þyrftu lög um útvarpsrekstur að ná yfir útvarpsstöðvar á hafi úti? Það myndi þá einnig ná til Íslendinga.

3. Réttur yfir fasteign (11. töluliður 4. gr.).
a. Ótækt er að ætla samhljóða texta að standa í tvennum lögum. Það býður upp á ósamræmi ef þess verður ekki gætt að breyta báðum lögunum ef einhverju verður breytt síðar. Efnislega eiga þessi ákvæði frekar heima í lögum nr. 19/1966.
b. Hafa ber í huga að lögin frá 1966 eru nánast einkaréttarlegs eðlis og varða eignarréttinn sjálfan. Ef eignarráð komast í hendur aðila sem uppfyllir ekki skilyrði laganna ber hinu opinbera að hlutast til um að eignin verði seld á nauðungaruppboði. Brotið er hins vegar ekki refsivert. Samkvæmt frumvarpsdrögunum eru brotin aftur á móti gerð refsiverð.

c. Kveða þarf skýrar á um það hvað átt sé við með því að "hafa búið" hér á landi. Lögheimili? Er rétt að láta nægja að búsetan hafi verið samfelld í eitt ár fyrir löngu síðan - eða á að miða við næstliðið ár. Hvað svo ef maður flytur burtu af landinu. Svipað búsetuskilyrði kemur einnig fyrir í tillögum um breytingar á ýmsum lagaákvæðum í drögum að fylgifrumvarpi.

d. Hvað með hlutafé í eigu aðila sem að einhverju leyti er erlendur? Athuga þarf í þessu sambandi ákvæðið um hlutafélög í niðurlagi 4. tölul. 1. mgr. 1. gr. laganna.

e. Fella þarf tillögurnar betur að lögunum frá 1966, hugsanlega með því að skipta 1. gr. þeirra í tvær greinar, t.d. 1. gr. og 1. gr. a. Athuga þarf þá tilvísanir í síðari greinum laganna.

f. Í síðari hluta 11. tölul. er fjallað um leyfi ráðherra. Á ráðherra líka að staðfesta skjöl sem falla undir fyrri liðinn (3 árin)? Hingað til hefur ekki þurft að sýna slík skjöl. Varðandi síðari liðinn er spurning hvort ráðherra eigi bara að skrifa upp á, svo sem lesa verður úr textanum, eða hvort hann megi leggja mat á þörfina. Réttarstöðu hins erlenda aðila má auðvitað styrkja frá því sem verið hefur. Spurning er hvað eru venjuleg lóðarréttindi, hvað er bein notkun. Skiptir stærð lóðar eða byggingar máli, staðsetning o.s.frv. Heimild iðnaðarráðherra til að stofna til tiltekins rekstrar mun t.d. ekki fela í sér ákvörðun um staðsetningu fyrirtækis. Á það þá að vera sjálfdæmi fyrirtækisins hvar verksmiðju er valinn staður (að sjálfsögðu háð skipulagsreglum) og hversu stór lóð er fengin undir reksturinn? Hver á að meta óskir um nýjar lóðir síðar? Hér er að sjálfsögðu þörf á samstarfi ráðuneyta. Nefndin í 10. gr.?

g. Miðað við gildandi lög hefur því í raun aldrei verið svarað hvort sérstakt leyfi þurfi til eignarhalds að fasteign þótt lög hafi heimilað stofnun félags um tiltekna starfsemi með erlendri eignaraðild. Í ýmsum öðrum tilvikum hafa félög verið látin sækja um leyfi þótt rekstur þeirra byggist á löggjöf, svo er t.d. um vátryggingarfélög sem starfa samkvæmt sérlögum. Félagsmálaráðuneytið taldi jafnvel rétt að staðfesta að ráðuneytin hefðu starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 46/1980.

4. Sérkennilegt er að segja í einum lögum að eitthvað fari að lögum - eða að farið skuli að milliríkjasamningi. Skattalögin standa fyrir sínu. 9. gr. hefur því ekkert gildi og ætti að hverfa.

5. Nefndarskipan samkvæmt 10. gr. Samkvæmt tillögunum gætu ráðherrar sem fyrirsjáanlega láta af störfum þegar að afstöðnum kosningum skipað nefnd fyrir heilt kjörtímabil.

6. 2. mgr. 11. gr. er óþörf samkvæmt þeirri stefnu sem fram kemur í nýju frumvarpi til laga um meðferð opinberra mála. Trúlega er þó rétt að halda ákvæðinu og bíða gildistöku nýrra réttarfarslaga (1. júlí 1992).

7. Rétt hlýtur að vera að hefja almenna greinargerð með frumvarpinu með greinargerð um stefnu núverandi ríkisstjórnar. Greina svo frá skipun og starfi nefndarinnar. Síðan verði rakinn fyrri undirbúningur.

8. Ýmsar athugasemdir að auki hafa verið færðar inn á frumvarpsdrögin.

**II. Drög að frumvarpi til laga um breytingar á ýmsum lögum er varða fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi.**

1. Í fyrirsögn má sleppa að tilgreina einstök lög, segja heldur: um breytingu á lagaákvæðum er varða fjárfestingu erlenda aðila í atvinnurekstri, o.fl. Athuga ber að bæta þarf "o.fl." aftan við, enda fjallar frumvarpið um ýmis starfsréttindi þar sem eiginleg fjárfesting þarf ekki að koma til álita.

2. Rétt er að raða lögum eftir einhverju kerfi. Heppilegast væri að nota aldursröð. Mér finnst eðlilegra að vísa til laga með þeim hætti að fyrst komi fullt heiti laganna, síðan komi númer þeirra og loks full dagsetning. Vel finnst mér fara á því að hafa ákvæði er varða breytingar á einum lögum sér í grein en einstakar breytingar á lögunum sem stafliði. Þegar breyting varðar eitt ákvæði komi heiti laganna fyrst. Svo komi ný lína, t.d.: 2. gr. orðist svo: Sjá sem dæmi frumvarp til laga um breytingu á sektarmörkum ýmissa laga, o.fl.

3. Má "annar íslenskur aðili", sbr. 1. gr. um rétt til fiskveiða, að einhverju leyti verið í eigu erlends aðila?

4. Um búsetuskilyrðið almennt vísast til athugasemda undir I.

5. Víða segir "fullnægt er þeim skilyrðum sem sett kunna að ver(ð)a í lögum um". Nægilegt væri að segja: fullnægt skilyrðum laga um. Ganga verður út frá því að almenn lög um þetta efni verði sett.

6. Lög um prentrétt (7. gr.). Óþarfi er að taka nú inn orðin "sem gefið er út hér á landi". Ritstjóri hlýtur að þurfa að vera sjálfráða. Má þá ritstjóri samkvæmt 2. mgr. 10. gr. laganna vera útlendingur? Athuga þarf og 3. mgr. 10. gr.

7. Í sambandi við ýmsar breytingartillögur þarf að gæta þess vel að orðalag breytinganna falli að viðkomandi lagaákvæði.

8. Með Norðurlandasamningi um viðurkenningu á æðri menntun er veitir starfsréttindi sem undirrita á síðar í þessum mánuði er m.a. fjallað um afnám ríkisfangsskilyrðisins. Ennfremur er þar fjallað um viðurkenningu erlendra prófa og að menn geti flutt starfsréttindi milli landa, og þá án skilyrðis um búsetutíma. Væntanlega verða sett almenn lög vegna gildistöku þessa samnings. Samningurinn hefur verið vistaður í menntamálaráðuneytinu.

9. Að því er varðar fasteignaréttindi (31. gr.) vísast til athugasemda undir I. Þar er talið að nýjum ákvæðum eigi að koma fyrir innan laga nr. 19/1966.

10. Sjá einnig ýmsar athugasemdir sem ritaðar hafa verið á frumvarpsdrögin.

11. Ekki hefur verið kannað hvort tæmandi séu talin lög um starfsréttindi.

---

Ekki þarf að taka fram að það sem hér hefur verið fært á blað eru persónulegar athugasemdir og ábendingar sem ekki þurfa að vera skoðanir dómsmálaráðuneytisins.

Mér send frumvarpsdrög endursendast með áritunum.

Virðingarfyllst,

Ólafur W. Stefánsson

## Samstarfsnefnd atvinnurekenda í sjávarútvegi

Reykjavík, 1. 10. 1990.

Forsætisráðuneytið,
Jón Sveinsson,
Stjórnarráðshúsinu,
150 Reykjavík.

Vísað er til bréfs frá forsætisráðuneytinu, dagsettu 2. júlí s.l., þar sem óskað er eftir umsögn um drög að frumvarpi til laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi og frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum um sama efni.

Samstarfsnefnd atvinnurekenda í sjávarútvegi (SAS) styður samningaviðræður EFTA og EB um myndun Evrópsks efnahagssvæðis (EES) og þau meginmarkmið sem þar er stefnt að. SAS er þeirrar skoðunar að almennar reglur og frjálsræði eigi að vera í fjárfestingum milli ríkja og því sé rétt að draga úr hömlum í núgildandi löggjöf hér á landi hvað þetta varðar.

Stuðla þarf að uppbyggingu atvinnulífsins hér á landi og bættum lífskjörum m.a. með því að skapa íslenskum fyrirtækjum aðgang að erlendu áhættufé í stað erlends lánsfjár, auk þess sem samstarf við erlenda aðila getur veitt íslenskum fyrirtækjum aðgang að gagnlegri þekkingu og reynslu sem þau hafa ekki yfir að ráða í dag.

Viðræður EFTA og Evrópubandalagsins tengjast fyrst og fremst frelsi í viðskiptum með iðnaðarvörur, þjónustu, fjármagn og frelsi fólks til búsetu og atvinnu. Allt skiptir þetta miklu máli fyrir Íslendinga en sérstaða landsins í samskiptum þessara þjóða skiptir ekki síður miklu máli. Nauðsynlegt er að taka tillit til þess, verði breytingar gerðar á heimildum til handa erlendum aðilum til að fjárfesta í atvinnulífinu á Íslandi. Það hafa íslensk stjórnvöld gert m.a. með fyrirvara um fjárfestingar erlendra aðila í sjávarútvegi.

SAS hefur lagt áherslu á mikilvægi þess að almennar samkeppnisreglur nái til viðskipta með sjávarafurðir, þau séu án tolla og atvinnuvegurinn án opinberra styrkja. Sú er ekki raunin í nágrannaríkjunum og hefur það skaðleg áhrif á samkeppnisskilyrði íslensks sjávarútvegs. Forsenda þess að viðunandi lífskjör verði á Íslandi er að íslenskur sjávarútvegur sé samkeppnisfær við sjávarútveg þeirra þjóða sem harðast keppa við

hann á erlendum mörkuðum. Gæta verður þess að aukið frelsi erlendra aðila til fjárfestinga hér á landi auki ekki um leið á mismunandi samkeppnisskilyrði erlends og innlends sjávarútvegs.

Búast má við að innan nokkurra mánaða skýrist hvert viðræður EFTA og EB leiði og um leið hvaða árangri þær skili Íslendingum. SAS telur að umrædd frumvarpsdrög séu ekki í samræmi við þau markmið sem stefnt er að með EES þar sem samningar EFTA og EB munu ganga lengra. Samstarfsnefndin telur einnig að lög, um heimildir erlendra aðila til að fjárfesta í sjávarútveginum hér á landi, þurfi að taka mið af þeim árangri sem næst í samningaviðræðunum, og mælir því með að afgreiðslu frumvarpsdraganna verði frestað, þar til skýrar línur liggja fyrir um niðurstöður viðræðnanna.

Virðingarfyllst,

Magnús Gunnarsson,
Stjórnarformaður SAS

**FÉLAG ÍSLENSKRA FERÐASKRIFSTOFA**
ASSOCIATION OF ICELANDIC TRAVEL AGENCIES

Engjateigur 9
105 Reykjavík
Iceland
Teleph. (354)-1-689940
Telex: 0501-3147
Telefax: (354)-1-689948

Jón Sveinsson
Forsætisráðuneytinu
Stjórnarráðshúsinu
150 Reykjavík.

| FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ | |
|---|---|
| Db. 022-9 | Dags. 041090 |
| Ábm. JS | Trm. |
| Svarfr. | V/g |
| Afgr. V.d.m. | Tilv. |
| Fskj. | |

21. september 1990.

"Umsögn um frumvarp til laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi og fylgifrumvarp hvað varðar breytingar á lögum um skipulag ferðamála nr. 79/1985, 15.gr. sbr. 4. gr. laga nr. 59/1988."

Stjórn Félags íslenskra ferðaskrifstofa hefur fjallað um frumvarpið á fundum sínum og leyfir sér að koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum.

Í frumvarpinu er lögð til rýmkun á heimild erlendra aðila til fjárfestingar í ferðaskrifstofurekstri hér á landi.
Félag íslenskra ferðaskrifstofa varar við þessari breytingu.
Náttúra landsins er ein af auðlyndum þess. Eðlilegt sé að nýting landsins til ferðaþjónustu sé í höndum íslendinga á svipaðan hátt og frumvarpið gerir ráð fyrir varðandi aðrar náttúruauðlyndir lands og sjávar.
Á þann hátt er einnig best tryggt að tekið sé fullt tillit til viðkvæmrar náttúru landsins.

Félag íslenskra ferðaskrifstofa leggur því til að fjárfesting erlendra aðila í ferðaskrifstofurekstri hér á landi verði háð svipuðum takmörkunum og gert er ráð fyrir í frumvarpinu varðandi fyrirtækjarekstur á sviði fiskvinnslu utan vinnslu sjávarafurða.
Það er að samanlagður eignarhlutur erlendra aðila í íslensku atvinnufyrirtæki, sem stundar ferðaskrifstofurekstur hér á landi, megi á hverjum tíma ekki vera meiri en 50 % .

Virðingarfyllst,

# FÉLAG ÍSLENSKRA BÓKAÚTGEFENDA

Stofnað 1889

| FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ | |
|---|---|
| Db. 022-9 | Dags. 04/10 90 |
| Ábm. JS | Trm. |
| Svarfr. | V/g |
| Afgr. | Tilv. |
| Fskj. | |

Reykjavík 26. september 1990

Forsætisráðuneyti
Jón Sveinsson
aðstoðarmaður ráðherra

Stjórn Félags ísl. bókaútgefenda hefur haft til athugunar frumvarp til laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi ásamt frumvörpum um breytingar á ýmsum lögum er snerta fjárfestingu sömu aðila hérlendis.

Stjórnin sér ekki ástæðu til að gera neinar efnislegar athugasemdir við frumvörpin. Almennt virðist mjög ósennilegt að erlendir aðilar hefji útgáfustarfsemi svo nokkru nemi á Íslandi og m.a. af þeim sökum afar erfitt að meta hvaða áhrif gildistaka slíkra laga kynni að hafa á bókaútgáfu hérlendis. Íslenskir útgefendur hafa átt gott samstarf við erlenda útgefendur og leggjast að sjálfsögðu ekki gegn frjálsræði í atvinnurekstri.

Hins vegar leyfir stjórnin sér að gera þá fyrirspurn til yðar og höfunda frumvarpsins hvort ástæða sé til að taka dagblöð ein prentmiðla út fyrir veggi frjálsræðisins og þá hvers vegna. Væntir stjórnin svars.

Með virðingu

f.h. stjórnar Félags íslenskra bókaútgefenda

Heimir Pálsson
framkvæmdastjóri

Félag íslenskra bókaútgefenda, Suðurlandsbraut 4A, sími 38020, fax 678668, 108 Reykjavík

Listi yfir þá sem fengu sent bréf og frumvörp til laga um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi 2. júlí 1990

---

Formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins
Ólafur G. Einarsson

Formaður þingflokks Framsóknarflokksins
Páll Pétursson

Formaður þingflokks Samtaka um kvennalista
Kristín Einarsdóttir

Formaður þingflokks Borgaraflokksins
Guðmundur Ágústsson

Formaður þingflokks Alþýðubandalagsins
Margrét Frímannsdóttir

Formaður þingflokks Alþýðuflokksins
Eiður Guðnason

Stefán Valgeirsson alþingismaður

Samb. ísl. verðbréfasjóða
Pétur Blöndal
Kaupþingi h.f.,
Kringlunni 5

Samb. ísl. viðskiptabanka
Stefán Pálsson bankastj.
Búnaðarbanka Ísl.

Stöð 2
Þorvaður Elíasson

Lögmannafél. Ísl.
Marteinn Másson
Álftamýri 9

Samb. ísl. sparisjóða
Sigurður Hafstein
Rauðarárstíg 27

Félag fasteignasala
Sveinn Skúlason
Hátúni 2B

Samb. veitinga og gistihúsa
Garðastræti 42

Ferðamálaráð
Magnús Oddsson
Laugavegi 3

Flugmálastjórn
Pétur Einarsson
Reykjavíkurflugvelli

Samb. ísl. tryggingafél.
Sigmar Ármannsson
Suðurlandsbraut 6

Verslunarráð Íslands
Vilhjálmur Egilsson
Kringlunni 7

Landssambmand iðnaðarmanna
Þorleifur Jónsson
Hallveigarstíg 1

Seðlabanki Íslands
Jóhannes Nordal seðlabankastjóri

Félag ísl. iðnrekenda
Ólafur Davíðsson
Hallveigarstíg 1

Útvarpsráð
Inga Jóna Þórðardóttir
Efstaleiti 1

Samband ísl. samvinnufél
sjávarafurðadeild
Benedikt Sveinsson
Samabandshúsinu Kirkjusandi

Félag ísl. bókaútgefenda
Heimir Pálsson
Suðurlandsbraut 4

Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna
Friðrik Pálsson
Aðalstræti 6

Samb. ísl. fiskframleiðenda
Magnús Gunnarsson
Sundahöfn

LKandssamband ísl. útvegsmanna
Kristján Ragnarsson
Hafnarhvoli við Tryggvagötu

Baldur Guðlaugsson hrl.
Skólavörðustíg 12

Brynjólfur Bjarnason rekstrarhagfr.
Bakkagerði 17

Eiríkur Tómasson hrl.

Höfðabakka 9

Margeir Daníelsson hagfræðingur
Sigluvogi 6

Þorvaldur Gylfason próf.
Melhaga 14

Tryggvi Axelsson
Kvisthaga 3

Björn Líndal aðst.bankastj.
Safamýri 55

Hreinn Loftsson hdl.
Höfðabakka 9

Árni Kolbeinsson ráðuneytisstj.
Sjávarútvegsráðuneytinu

Þorsteinn Geirsson ráðuneytisstj.
Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu

Ólafur W. Stefánsson skrifstofustjóri
Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu

Guðmundur G. Þórarinsson alþingism.
Alþingi

Þórður Friðjónsson hagrannsóknastjóri
Þjóðhagsstofnun

Sigurður Snævarr hagfræðingur'
Þjóðhagsstofnun

Ríkislögmaður Gunnlaugur Claessen
Sölvhólsgötu 7

Arnar Bjarnason
Íslandsbanka
Húsi verslunarinnar

Bolli Héðinsson efnahagsráðunautur
Forsætisráðuneytinu

Gunnlaugur Sigmundsson
Þróunarfélaginu
Suðurlandsbraut 22

Már Guðmundsson efnahagsráðunautur
Fjármálaráðuneytinu

Ögmundur Jónasson
Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja
Grettisgötu 89

Ásmundur Stefánsson
Alþýðusambandi Íslands
Grensásvegi 16

Þórarinn Þórarsinsson
Vinnuveitendasambandi Íslands
Garðastræti 41

Gunnar Helgi Hálfdánarson -landsbréfs-
Landsbanka Íslands

VIÐSKIPTARÁÐUNEYTIÐ
ARNARHVOLI, 150 REYKJAVÍK

26. febrúar 1991

Hr. Jón Sveinsson, aðstoðarmaður forsætisráðherra,
forsætisráðuneytinu,
Stjórnarráðshúsinu.

Meðfylgjandi er afrit af minnisblaði sem tekið var saman í ráðuneytinu um ákvæði í lögum nr. 20/1989 um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði og lögum nr. 19/1989 um eignarleigustarfsemi sem mismuna á milli íbúa Norðurlandaþjóða og íbúa annarra aðildarríkja OECD . Skv. ákvæðum í samþykkt OECD um afnám hafta á þjónustuviðskiptum, sem Ísland er aðili að, er slík mismunun óheimil og hefur OECD gert athugasemdir við ákvæðið í verðbréfalögunum.

F.h.r.

Finnur Sveinbjörnsson

SÍMI (91) 609070 | MYNDRITI (TELEFAX) 354-1-621289 | FJARRITI (TELEX) 2092 Iscom Is | SÍMNEFNI Viðskipta | KENNITALA 700269-7369

F.S. 26. febrúar 1991

*MINNISBLAÐ*

Efni: Ákvæði um Norðurlandabúa í lögum um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði og lögum um eignarleigustarfsemi.

**1. Lög um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði.**

Í 1. mgr. 3. gr. laga nr. 20/1989 um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði eru talin upp nokkur skilyrði sem uppfylla þarf til að geta fengið leyfi til verðbréfamiðlunar. Í a-lið 1. mgr. segir:

> "Eru búsettir hér á landi og hafa íslenskan ríkisborgarétt eða ríkisborgararétt í öðru Norðurlandaríki".

Þetta ákvæði gengur gegn 8. og 9. gr. í samþykkt OECD um afnám hafta á þjónustuviðskiptum þar sem bannað er að mismuna á milli aðildarríkja OECD. Ísland er aðili að þessari samþykkt og ber því að fara eftir henni. Starfslið OECD vakti athygli á þessu í vinnuskjali sem samið var í tengslum við yfirstandandi athugun á þeim fyrirvörum sem aðildarríkin hyggjast setja við nýja liði í samþykktinni (ljósrit af viðeigandi blaðsíðum úr skjali DAFFE/SBF(90)3/REV2 fylgir með). Þess má geta að í finnskri löggjöf er að finna samskonar mismunun á milli Norðurlandabúa og íbúa annarra aðildarríkja OECD og Finnar hafa lýst því yfir að unnið sé að breytingum á því. Fyrrnefnt OECD-skjal var rætt á fundi sérfræðinganefndar hjá OECD dagana 18.-19. þ.m. Á fundinum kom þetta atriði til umræðu og ljóst er að OECD lítur þetta alvarlegum augum.

Nokkuð einfalt virðist vera að lagfæra þetta atriði og um það ætti að geta náðst samstaða. 26. gr. frumvarps til laga um breytingu á lagaákvæðum er varða fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri o.fl. sem forsætisráðherra lagði fram á yfirstandandi þingi í tengslum við frumvarp sitt um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri hljóðar svo:

> "Lög um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði, nr. 20 4. apríl 1989.
> Við 1. tl. 1. mgr. 2. gr. (röng tilvísun!) laganna bætist: Ríkisborgari frá ríki utan Norðurlanda, sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það í að minnsta kosti eitt ár, skal þó vera undanþeginn skilyrði um norrænt ríkisfang."

Þar sem verið er að breyta þessum lið á annað borð virðist tilvalið að samræma þetta skilyrði öðrum skilyrðum sem verða gegnumgangandi í löggjöf okkar um erlenda fjárfestingu og mismuna ekki á milli Norðurlandabúa og annarra erlendra aðila með því að gera eftirfarandi breytingu á verðbréfalögunum:

> "Lög um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði, nr. 20 4 apríl 1989.
> A-liður 1. mgr. 3. gr. laganna orðist svo: Hafa íslenskan ríkisborgararétt og eiga lögheimili hér á landi. Erlendur ríkisborgari, sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það samfellt í a.m.k. eitt ár, skal þó vera undanþeginn skilyrði um íslenskt ríkisfang."

**2. Lög um eignarleigustarfsemi.**

Í 3. tl. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 19/1989 um eignarleigustarfsemi segir:

"Framkvæmdastjóri félagsins skal vera búsettur hér á landi og vera ríkisborgari Norðurlandaríkis. Skal hann vera fjárráða og með óflekkað mannorð.

Hér er einnig um mismunun að ræða á milli Norðurlandabúa og íbúa annarra aðildarríkja OECD og þetta ákvæði gengur því einnig gegn 8. og 9. gr. ofangreindrar samþykktar OECD. Ekki er ástæða til annars en að ætla að samstaða gæti náðst um að breyta þessu ákvæði. Einfaldasta leiðin til þess virðist vera sú að flutt verði breytingartillaga við frumvarpið um breytingu á lagaákvæðum er varða fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri o.fl. enda væri hún í samræmi við þær breytingar á íslenskri löggjöf sem verið er að gera með frumvarpinu:

"Lög um eignarleigustarfsemi, nr. 19 4. apríl 1989.
3. tl. 2. mgr. 4. gr. orðist svo:
Framkvæmdastjóri félagsins skal vera búsettur hér á landi og hafa íslenskan ríkisborgararétt. Skal hann vera fjárráða og með óflekkað mannorð. Erlendur ríkisborgari, sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það samfellt í a.m.k. eitt ár, skal þó vera undanþeginn skilyrði um íslenskt ríkisfang."

19. This question has already been dealt with in an earlier CMIT report [C(86)89] and in the above-mentioned Council Decision. For the sake of transparency, however, the Group agreed that it would be desirable to identify in the reservations to the Current Invisibles Code those countries that maintain reciprocity measures affecting the establishment of branches, etc. This could be done by adding an asterisk to the reservations on the new item E/7 of the Current Invisibles Code for the countries concerned, in a manner similar to that presently employed for reservations to item I/A of the Capital Movements Code. For countries having a reciprocity requirement for branches but no need for a reservation on item E/7, the following entry would appear in Annex B:

> "*E/7 Conditions for the establishment and operation of branches, agencies etc. of non-resident investors in the Banking and Financial Services Sector.
>
> Annex II to Annex A
>
> Remark: No Reservation".

20. It would also be necessary to amend the introduction to Annex B to the Current Invisibles Code to explain the meaning of the asterisk. As this amendment has implications for other items of the Current Invisibles Code (notably those on insurance) its drafting should be left to the CMIT Committee.

21. Three countries reported reciprocity measures applying to matters covered by paragraph 5 (self-employed intermediaries) and/or paragraph 6 (membership of associations or regulatory bodies) of the new provisions:

-- In Australia, membership of the Australian Stock Exchange is subject to reciprocity requirements.

-- In Japan, membership of a stock exchange by a foreign securities company may be subject to reciprocity.

-- In Switzerland, the granting to a foreigner of a broker's or dealer's licence on the Geneva Stock Exchange, and membership of the Zurich and Geneva Stock Exchange Associations, may be subject to reciprocity.

22. In addition, two other countries reported discriminatory measures which apply to matters covered by paragraph 5.

-- In Finland, the right to act as an intermediary on a "derivatives" exchange can generally only be granted to nationals of Finland or another Nordic country.

-- In Iceland, only nationals of Iceland or another Nordic country may be authorised to act as self-employed intermediaries in banking and financial service activities such as stockbroking.

23. As noted by one member of the Group at the October 1990 meeting, paragraphs 5 and 6 of the Revised Code may be said to go beyond the scope of item I/A of the Capital Movements Code. Reciprocity and other discriminatory requirements applying to obligations contained in these paragraphs are therefore outside the scope of Annex E to the Capital Movements Code, which concerns only those measures and practices involving reciprocity and/or discrimination that apply to operations covered by item I/A of that Code. Further, these requirements are inconsistent with the right to benefit and non-discrimination principles in Articles 8 and 9 of the Current Invisibles Code, and could therefore not be covered by reservations to the Revised Code. This would apply equally to any reciprocity or discriminatory requirements with respect to paragraph 3 (representation), or to the obligation in paragraph 4a to allow representative offices to establish <u>without host country authorisation</u>.

24. The discriminatory measures outlined in paragraphs 21 and 22 of this report raise complex issues which might best be dealt with by the CMIT in the context of its ongoing work on reciprocity. It would therefore appear appropriate for the Group to bring these measures to the attention of its parent Committees in its report, and for the CMIT to take up the issue at an appropriate stage. In the meantime, it would be appropriate for the countries concerned to review the necessity for the reciprocity and other discriminatory requirements in question with a view to normalising their positions under the Revised Code. In this context, the Group could note that the Finnish authorities are currently examining the discriminatory measure mentioned above with a view to its removal.

<u>Question</u>: Does the Group agree with this proposed course of action?

4. <u>Sub-National Measures</u>

25. Measures taken by the authorities of states, provinces or other sub-national levels of government are fully covered by the Current Invisibles Code, except for those in the United States and Canada whose obligations in this regard are limited by Council Decisions reproduced respectively in Annexes C and D of the Code. The Organisation has recognised, however, that sub-national measures can be of particular importance in certain fields, and that the balance of rights and obligations should be as even as possible among Member countries. Accordingly, in adopting the Decision bringing the right of establishment into the Capital Movements Code, the Council noted that measures taken by sub-national authorities ("units") that raise special barriers to non-resident investors would be subject to the following operational procedures [see C(83)106]:

" -- In order to secure greater transparency of measures taken by units, all categories of controls and impediments to inward direct investment taken by such units, will be addressed in future examinations of Member countries with respect to item I/A.

Samantekið af Jóni Sveinssyni, 30. 10. 1990.

Yfirlit eftir atvinnugreinum og einstökum lögum vegna gildandi fyrirkomulags og framtíðarfyrirkomulags (breytinga), með tilliti til frumvarps til laga um fjárfestingu erlendra aðila.

| | Fyrir breytingu (nú) | Eftir breytingu |
|---|---|---|
| 1. Atvinnuréttindi útlendinga (l.26/1982) | Óheimilt að vinna sjálfstætt eða starfrækja atvinnufyrirtæki án leyfis félagsmálaráðuneytis nema starfinn sé framkvæmdur skv. sérstakri löggildingu eða leyfi annarra stjórnvalda. | Leyfi félagsmálaráðuneytis takmarkast við utlendinga sem átt hafa hér heima minna en eitt ár (17. gr. fylgifrv.). Leyfi viðskiptaráðherra þarf einstaklingur sem búsettur er erlendis til að vinna sjálfstætt eða starfrækja eigið atvinnufyrirtæki (a-liður 8. tl. 4. gr. aðalfrv.). |
| 2. Starfræksla hluafélaga (l.32/1978) | | |
| 2.1. Stofnendur | Meirihluti heimilisfastur hérlendis í a.m.k. 2 ár. | Heimilisfesti í eitt ár (13. gr. fylgifrumvarps) |
| 2.2. Starfsemi | Leyfi viðskiptaráðuneytis-skilyrði um útibú og útibústjóra með ísl. ríkisfang og heimilisfesti hér-fullnægja skilyrðum hlutafélaganna, atvinnulaga og vera löglegt í heimalandi erl. aðila. | Óbreytt b-liður 8. tl. 4. gr. aðalfrumv. |

| | Fyrir breytingu (nú) | Eftir breytingu |
|---|---|---|
| 2.3. Stjórn | Meirihluti og framkv.stj. heimilisf. á Íslandi - víkur þó fyrir ákvæðum atv. laga. | Óbreytt (b-liður 8. tl. 4. gr. aðalfrv.) |
| 3. Fiskveiðar og vinnsla | | |
| 3.1. Fiskveiðar 1.33/1922) | | |
| a) Einstaklingar og fél. með ótak-markaðri ábyrgð | Einungis ísl. ríkisb. heimilt að stunda "fiskveiðar í landhelgi Islands". | Óbreytt en orðalag gert ótvíræðara (1. tl. 4. gr. aðalfrv. og 1. gr. fylgifrv.). |
| b) Hlutafélög | Helmingur hlutafjár útgerðarfél. skal vera í eigu ísl. ríkisborgara, félagið eiga heimili á Íslandi og stjórn skipuð ísl. ríkisborgurum og a.m.k. helmingur þeirra búsettur hér | Afnumið - Íslenskir aðilar einir mega stunda fiskveiðar hér við land (1. tl. 4. gr. og 1. gr. fylgifrv.) |
| 3.2. Skip og bátar til veiða (1.33/1922) | Aðeins heimilt að veita leyfi skipum og bátum i eigu ísl. ríkis-borgara. | Orðalag gert ótvíræðara. Eignarhald á fiskveiðibátum og skipum bundið við ísl. aðila (b-liður 1. gr. og 24. gr. fylgifrv.) |
| 3.3. Fiskvinnsla | Ákvæðin óljós | Vinnsla (frumvinnsla) sjávarafurða bundin við ísl. aðila eingöngu (2. tl. 4. gr. aðalfrv. og c-liður 1. gr. fylgifrv.). |

| | Fyrir breytingu (nú) | Eftir breytingu |
|---|---|---|
| 3.4. Hvalveiðar (l.26/1949) | Leyfi bundið við ísl. ríkisborgara Helmingur stofnfjár félags skal vera í eigu ísl. ríkisborgara og stjórn skipuð ísl. ríkisborgurum búsettum hér. | Sömu skilyrði sett og til fiskveiða i landhelgi (5. gr. fylgifrv.) |
| 3.5. Uppboðsmarkaður (l. 123/1989) | Leyfi fá aðeins ísl. ríkisb. búsettir hérlendis s.l. 2 ár - Hlutafél. ef í eigu ísl. ríkisb. | Leyfi fá ísl. ríkisborgarar með lögheimili hérlendis. - Einnig erl. ríkisb. með lögheimili hér í a.m.k. eitt ár. - Einnig aðrir erl. aðilar ef fullnægt er skilyrðum 1. um erl. fjárfestingu (27. gr. fylgifrv.) |
| 4. Landbúnaður | Krafist leyfa í ýmsum lögum, t.d. l. 46/1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, l. 30/1966 um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum og l. 53/1981 um loðdýrarækt. Einnig ákvæði í jarðalögum 65/1976 og l. 19/1966 um eignarrétt og afnotarétt af fasteignum. Erlend fjárfesting ekki beinlínis takmörkuð eða bönnuð en háð leyfum. | Óbreytt |

| | Fyrir breytingu (nú) | Eftir breytingu |
|---|---|---|
| 5. Virkjanir, orkuver, vatnsver | | |
| 5.1. Orkuver (1.58/1967) | Leyfi Alþingis ef stærra en 2000 KW. Leyfi iðnaðarráðun. 200-2000 KW. Erlendum aðilum ekki beinlínis bönnuð eignaraðild | Skýrt tekið fram að ísl. aðilar megi einir eiga virkjunarréttindi vatnsfalla (3. tl. 4. gr. aðalfrv.) Sama a við um fyrirtæki sem stunda Orkuvinnslu og dreifingu. |
| 5.2. Hitaveitur (1.58/1967) | Ráðherra virðist óheimilt að veita erlendum aðilum leyfi til að starfrækja hitaveitur. | Sama á hér við og um orkuver (3. tl. 4. gr. aðalfrv.) |
| 5.3. Vatnsveitur 1.15/1923) (virkjun kaldavatnsréttinda). | Ákvæði laganna standa ekki gegn þátttöku erlendra aðila í félagi um vatnsveitur | Óbreytt. |
| 6. Iðnaður | | |
| 6.1. Iðnrekstur (1.42/1978) | | |
| a) Einstaklingar | Leyfi bundið við ísl. ríkisborgara og búsetu hér. | Lögheimili hér í a.m.k. eitt ár samfellt í stað ríkisbr. (15. gr. fylgifrv.). |

| | Fyrir breytingu (nú) | Eftir breytingu |
|---|---|---|
| b. Fél.m/ótakm.áb. | Allir félagar ísl. ríkisborgarar og búsettir hér. | Háð leyfi en niðurfelld ákvæði er takmarka heimildir erl. aðila til fjárfestingar í iðnaði (15. gr. fylgifrv.) |
| c) Hlutafélög | Stjórnarmenn og framkvæmdastj. ísl. ríkisb. og búsettir hér Meirihl. hlutafjár eign manna búsettra hér. | - " - - " - |
| 6.2. Námur (1.24/1973) | Leyfi bundið við ísl. aðila eingöngu - Hlutafél. ísl. ef 3/5 stofnfjár eingöngu í eigu ísl. ríkisb. með heimilisfesti hér. - Leyfi Alþingis vegna erl. aðila. - Iðnaðarrn. getur sett frekari skilyrði. | Skilgreining á ísl. aðila felld brott. Erl. aðilum heimilað að stunda vinnslu jarðefna að fengnu leyfi. Þurfa ekki að uppfylla sérskilyrði. (10. gr. fylgifrv.). |
| 7. Verslun | | |
| 7.1. Verslunarleyfi (1. 41/1968) | | |
| a) Einstaklingar | Ísl. ríkisb. og búsettir hér | Ríkisfang afnumið - Lögheimili samfellt í a.m.k. eitt ár nægjanlegt (9. gr. fylgifrv.) |
| b) Fél. m/ ótakm. áb. | Allir stjórnarmenn og prókúruhafi með ísl. ríkisfang og búsetu hér. | Niður felld ákvæði er takmarka heimildir erl. aðila til fjárf. í verslun (9. gr. fyglifrv.). |
| c) Hlutafélög | Einn Stjórnarmanna, endurskoðendur og framkv.stj. hafi ísl. ríkisfnag og heimilisfesti hér. | _ " _ _ " _ |

| | Fyrir breytingu (nú) | Eftir breytingu |
|---|---|---|
| 7.2. Áfengis- og tóaksversun (1.82/1969) | Einkaréttur ríkisins | Óbreytt |
| 8. Fjármála þjónusta | | |
| 8.1. Viðskiptabankar (1.86/1985) | | |
| a) Bankastarfsemi | Hlutafé í ísl. eigu, ísl. ríkisborgarar þegar einstakl. eru hluthafar og lögaðili í meirihl. eigu ísl.aðila | 25% hlutafjáreign erl. aðila heimiluð strax (5. tl. 4. gr. aðalfrumv., og 22. gr. fylgifrv.) |
| b) Umboðsskrifstofur | Erl. hlutafél. bönkum heimilt að starfrækja umboðsskrifstofur er annast milligöngu um viðskipti erlenda banka við ísl.aðila. Háð leyfi viðsk.rn. og óheimilt að hafa með höndum innláns- og útlánsviðskipti við almenning svo og gjaldeyrisverslun og veðbréfaviðskipti | Óbreytt |
| c) Útibú | Óheimilt | Heimilt frá 1. janúar 1992 (5. tl. 4. gr. aðalfrumv.) |

| | Fyrir breytingu (nú) | Eftir breytingu |
|---|---|---|
| 8.2. Sparisjóðir (l. 87/1985) | Stofnendur verða að vera ísl. ríkisborgarar - þátttaka erl. aðila algerlega bönnuð | Ríkisborgaraskilyrðið afnumið. Nægilegt að hafa átt lögheimili hér samfellt í a.m.k. eitt ár (23. gr. fylgifrv.). |
| 8.3. Verðbréfamiðlun (l. 87/1985) | Leyfi aðeins veitt einstaklingum búsettum hér og með ísl. ríkisb. rétt eða ríkisborgararétt á Norðurlöndum, Stjórnarmenn hlutafél. verða að uppfylla sömu skilyrði. | Erl. aðili utan Norðurlanda undanþeginn skilyrði um norrænt ríkisfang ef hann hefur átt lögheimili hér í a.m.k. eitt ár. (26. gr. fylgifrv.). |
| 8.4. Vátr.starfsemi (l. 50/1978) | Erlend fjárfesting ekki takmörkuð að öðru leyti en því að ráðherra virðist geta metið hvort rétt sé að veita fyrirtæki leyfi | Óbreytt og vísað til alm. skilyrða laga um erl. fjárfestingu (16. gr. fylgifrv.). |
| 8.5. Eignarleigustarfsemi (l. 19/1989) | Aðeins hlutafélög reka slíka starfsemi - meirihluti stjórnar skal vera búsettur hér - framkvæmdastj. búsettur hér og ríkisborgari Norðurlandaríkis | Óbreytt |
| 9. Samgöngur | | |
| 9.1. Loftferðir (l. 34/1964) | Flugleyfi milli staða bundið við flugfar skráð á ísl. aðila í skilningi laganna - nánar skilgreint hverjir séu ísl. aðilar t.d. ísl. ríkisborgarar og hlutafél. ef allir stjórnarmenn eru ísl.ríkisborgarar með heimilisfesti á Íslandi og a.m.k. 2/3 í eigu ísl. aðila | Skrásetning ísl.loftfars bundin við ísl. ríkisborgara sem eiga lögheimili hér eða ísl. lögaðili sem eiga heimili hér (7.gr.fylgifrv.).Samanlagður eignarhluti erl. aðila í flugrekstri má ekki vera meiri en 49% (4.tl. 4.gr. aðalfrv.) |

| | Fyrir breytingu (nú) | Eftir breytingu |
|---|---|---|
| | er ráði 2/3 hlutafjár | |
| 9.2. Flugvellir | Gerð og rekstur háður leyfi ráðherra. Erl. fjárfesting ekki takmörkuð eða bönnuð | Óbreytt |
| 9.3 Kaupskipaútgerð (l. 115/1985) | Íslensk skráning bundin ströngum skilyrðum um ísl. ríkisfang og heimilisfesti, t.d. 3/5 hlutafjár í hlutafél. verði að vera í eigu ísl. ríkisborgara og allir stjórnarmenn að hafa ísl. ríkisfang og heimilisfesti | Réttur til skráningar ísl. skipa, annarra en fiskveiðiskipa, bundinn við ísl. ríkisborgara sem eiga lögheimili hér á landi og lögaðila sem eiga heimili hér. (24. gr. fylgifrv.). |
| 9.4. Fólksflutningar | | |
| a) Langferðabifreiðar (l. 53/1987) | Leyfisveiting ráðherra og sveitarstjórnar. Fjárfesting erl. aðila háð mati samgönguráðherra | Óbreytt |
| b) Leigubifreiðar | Atvinnuleyfi samgönguráðherra. Fjárfesting erl. aðila ekki bönnuð | Óbreytt |
| 10. Fjarskipti og þjónusta | | |
| 10.1. Fjarskipti (l. 73/1984) | Einkaréttur ríkisins | Óbreytt |

| | Fyrir breytingu (nú) | Eftir breytingu |
|---|---|---|
| 10.2. Póstþjónusta (l. 33/1986) | Einkaréttur ríkisins | Óbreytt |
| 11. Fjölmiðlun | | |
| 11.1. Útvarp (l. 68/1985) | Eignaraðild erl. aðila bundin við 10% hámark | Eignaraðild erl. aðila án takmarkana (20. gr. fylgifrv.). |
| 11.2. Blaðaútgáfa (l. 57/1956) | Útgefendur verða að vera ísl. ríkisborgarar heimilisfastir hér á landi eða lögaðili í meirihlutaeign ísl. ríkisborgara | Erl. ríkisborgari með lögheimili hér í a.m.k. eitt ár má vera útgefandi blaðs - lögaðili sem skrásettur er hér (má vera í eigu erl. aðila en ritstjóri verður þá að vera ísl. ríkisborgari og með lögheimili hérlendis - 6. gr. fylgifrv.) |
| 12. Þjónusta við ferðamenn | | |
| 12.1. Veitinga- og gististaðir (l.67/1985) | Skilyrði reksturs leyfis heimilisfesti á ísl. "síðustu ár". Erl. aðilar ekki útilokaðir | Leyfisveiting bundin við lögheimili hérlendis samfellt í a.m.k. eitt ár (19. gr. fylgifrv.) |
| 12.2. Ferðaskrifstofur (l. 79/1985) | Leyfi einstaklings bundið við búsetu hérlendis, stjórn félags "innlend" og aðsetur þess á Íslandi. Forstöðumaður ferðaskrifst. búsettur hér - Erl. fjárf. möguleg. | Leyfi einstaklings bundið við lögheimili hér á landi samfellt í a.m.k. ár - félag (lögaðili) eigi heimili hér á landi (21. gr. fylgifrv.). |

| | Fyrir breyingu (nú) |
|---|---|
| 13. Atvinnuréttindi skv. ýmsum sérlögum | |
| 13.1. Leiðsögn skipa (l. 48/1933) | Leyfisveiting bundin við ríkisfang |
| 13.2. Löggilding niðurjöfnunarmanna sjótjóna(l. 74/1938) | Leyfisveiting bundin við ríkisfang |
| 13.3. Málflytjendur (l. 61/1942) | Leyfisveiting bundin við ríkisfang |
| 13.4. Sjúkraþjálfun (l. 58/1976) | Leyfisveiting bundin við ríkisfang |
| 13.5. Iðjuþjálfun (l. 75/1977) | Leyfisveiting bundin við ríkisfang |
| 13.6. Lyfjafræðingar (l. 35/1978) | Leyfisveiting bundin við ríkisfang |

Eftir breytingu

| | |
|---|---|
| ísl. | Lögheimili hérlendis samfellt í a.m.k. eitt ár nægilegt (2.gr. fylgifrv.) |
| ísl. | Lögheimili hérlendis samfellt í a.m.k. eitt ár nægilegt (3. gr. fylgifrv.) |
| ísl. | Lögheimili hérlendis samfellt í a.m.k. eitt ár nægilegt(4. gr. fylgifrv.) |
| ísl. | Lögheimili hérlendis samfellt í a.m.k. eitt ár nægilegt (11. gr. fylgifrv.) |
| ísl. | Lögheimili hérlendis samfellt í a.m.k. eitt ár nægilegt (12. gr. fylgifrv. |
| ísl. | Lögheimili hérlendis samfellt í a.m.k. eitt ár nægilegt (14 gr. fylgifrv.) |

| | Fyrir breytingu | Eftir breytingu |
|---|---|---|
| 13.7. Atvinnuréttindi útlendinga (l. 26/1982) | Útlendingum óheimilt að vinna sjálfstætt og starfrækja atvinnufyrirtæki án leyfis félagsmálaráðherra nema þar sem starfinn er framkvæmdur skv. löggildingu eða leyfi annarra stjórnvalda. | Leyfi félagsmálaráðhera tekur til erlendra ríkisborgara, sem búsettir hafa verið hérlendis skemur en eitt ár (17. gr. fylgifrv.) |
| 13.8. Sjóntækjafr. (l. 17/1984) | Leyfisveiting bundin við ísl. ríkisfang | Lögheimili hérlendis samfellt í a.m.k. eitt ár nægilegt (18. gr. fylgifrv.) |
| 13.9. Fasteignasala (l. 34/1986) | Leyfisveiting bundin við ísl. ríkisfang | Lögheimili hérlendis samfellt í a.m.k. eitt ár nægilegt (25. gr. fylgifrv.) |
| 14. Eignarhald fasteigna (l. 19/1966) | Eignarréttur einstaklinga bundin við ísl. ríkisb.rétt - í félagi með ótakmarkaðri ábyrgð verða allir félagsmenn að vera ísl. ríkisborgarar - hlutafé að 4/5 í eigu ísl. ríkisb. í hlutafélagi og ísl. ríkisb. að fara með meirihl. hlutafjár, félag skráð hér, varnarþing hér og stjórnendur allir ísl. ríkisborgarar - Skilyrði þó undanþæg | Lögheimili á Íslandi samfellt í a.m.k. 5 ár getur komið í stað ríkisborgararéttar - víkja má frá skilyrðum ef viðkomandi erl. aðili hefur rétt til að stunda atvinnurekstur hér á landi og um er að ræða eignarrétt eða afnotarétt á fasteign til eigin nota í atvinnurekstri enda fylgi aðeins venjuleg lóðarréttindi (8. gr. fylgifrv. og 9. tl. 4. gr. aðalfrv.) |

Reykjavík, 30. 10. 1990.

Jón Sveinsson

Jón Sveinsson